



Ógeðslegur heimur



Ég gerði allt mögulegt. Rændi, braust inn og seldi allar eigur mínar.

Raunverulegar sögur ungra stelpna í neyslu eru uppistaða kvikmyndarinnar Lof mér að falla. Leikstjórninn Baldvin Z og ung kona í bata frá fíkniefnaneyslu segja frá ferlinu við gerð myndarinnar. → 22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Erfið vika hjá Trump
Atburðarásin rakin. → 28

 Nornaveiðar á upplognum forsendum.

Nýr Hyundai i20 frumsýndur í dag frá 12–16.

 HYUNDAI

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

 SMÁRALIND

ALLT Í SKÓLANN OG MEIRA TIL

OPIÐ TIL 18 ALLA HELGINA

Veður



Austlæg átt í dag, skýjað með köflum og víða skúrir, einkum suðaustanlands, en léttskýjað um landið vestanvert. Hiti 8 til 14 stig. **SIÁ SÍÐU 40**

Ætla í hart við fjölmiðlanefnd

FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlanefnd sektaði í gær sjónvarpsstöðina Hringbraut um alls tvær milljónir króna vegna fjögurra brota á fjölmiðlalögum. Forsvarsmenn fjölmiðilsins furða sig á aðgangshörku nefndarinnar í ljósi erfiðs og ósanngjarns rekstrarumhverfis lítilla einkarekinnna fjölmiðla.



Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri Hringbrautar.

Fjölmiðlanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að Hringbraut hafi með margvislegum hætti brotið af sér í tengslum við fjóra sjónvarpsþætti sem sýndir voru í byrjun þessa árs og lok þess síðasta.

Brot þessi varða meðal annars óheimila kostun fréttatengds efnis, brot á reglum um hlutlægni, brot á reglum um friðhelgi einkalífs, brot gegn banni við afengisauglýsingum og aðgreiningu ritstjórnarefnis og auglýsinga. Sem og brot á reglum um auglýsingahlutfall innan klukkustundar. Fyrir hvert brot-anna sektaði nefndin Hringbraut um 500 þúsund krónur.

500

þúsund kr. fyrir hvert brot.

Í yfirlýsingu frá Hringbraut segist fjölmiðillinn hafna ásköpunum fjölmiðlanefndar um lögprot og telur hana fara með rangindi í ákveðnum liðum.

„Hringbraut hefur leitað aðstoðar lögræðinga og mun láta reyna á málin fyrir dómstólum. Þá furðar Hringbraut sig á ágangi fjölmiðlanefndar gagnvart Hringbraut í gríðarlega erfiðu og ósanngjörnu rekstrarumhverfi lítilla einkarekinnna fjölmiðla á Íslandi.“ – smj

Norræna húsið fimmtugt



Í gær voru fimmtíu ár liðin frá vígslu Norræna hússins í Reykjavík og var því fagnað við hátíðlega athöfn með fánahyllingu. Veðrið lék við viðstadda og vart hægt að segja að fánarnir hafi bæst. Mikíð verður síðan um dýróir í dag þar sem blásið verður til sannkallaðrar norrænnar menningarveislu í og við Norræna húsið frá morgni til kvölds. Lofað er skemmtun fyrir alla fjölskylduna og aðgangur er ókeypis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keyptu á KFC fyrir 3 milljarða

VIÐSKIPTI Skyndibitakeðjan KFC á Íslandi hagnaðist um tæpar 138 milljónir króna á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um 21 milljón króna frá fyrra ári, samkvæmt nýjum ársreikningi KFC ehf. sem rekur átta veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og í Keflavík.



Helgi Vilhjálmsson, eigandi KFC á Íslandi.

Alls nam vörusala keðjunnar tæpum 3,1 milljarði króna í fyrra og jókst hún um sex prósent á milli ára.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu. Helgi Vilhjálmsson, kenndur við Góu, er eini eigandi og framkvæmdastjóri félagsins. – kj

Sterkur grunur um brot gegn afkomanda

Landsréttur staðfesti gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um ýmis kynferðisbrot. Maðurinn hefur játað að hluta en hann er grunaður um brot gegn tveimur einstaklingum. Fallist á varðhald með tilliti til almannahagsmuna.

LÖGREGLUMÁL Landsréttur staðfesti í fyrradag gæsluvarðhaldsúrskurð til 18. september yfir karlmanni sem grunaður er um nauðgun og kynferðisbrot gegn barni. Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi og einangrun frá 11. júlí. Kona mannsins sat einnig í gæsluvarðhaldi um tveggja vikna skeið vegna aðildar sinnar að málinum.

Rannsókn málsins hófst 10. júlí þegar annar meirni brotþola lagði fram kærur. Sama dag kom lögráðamaður annars meints brotþola á lögreglustöð og lagði einnig fram kærur vegna kynferðis- og ofbeldisbrota.

Maðurinn og konan voru yfirheyrð daginn eftir og játaði konan brot gagnvart öðrum brotþola. Maðurinn gerði slíkt hið sama 20. júlí. Lögregla telur ljóst að folkið hafi gerst sekt um nauðgun, kynferðisbrot gegn niðja sínum, kynferðisbrot gegn barni á aldursbilinu 15-17 ára og sambærilegt brot gegn barni sem er yngri en 15 ára. Af því má ráða að hin meintu brot hafi staðið yfir um nokkurt skeið.

Lögregla hefur lagt hald á talsvert magn muna í eigu mannsins en þar á meðal eru minniskubbar, myndavélur, sími og fjöldi af myndbandsþólum. Unnið er að rannsókn á innihaldi munanna. Þá er einnig til rannsóknar hvort maðurinn hafi átt einhverja samverkamenn og hvort brotið hafi verið gegn fleiri aðilum.

Krafa um gæsluvarðhald var gerð á grundvelli rannsóknar- og almannahagsmuna. Lögreglustjórnin á Suðurnesjum, en embættið fer með rannsókn málsins, taldi það alvarlegt af ef maður sem grunaður er um slík



Landsréttur taldi ótækt að einstaklingur grunaður um svo alvarleg brot gegn börnum gengi laus með tilliti til almannahagsmuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

brot, auk þess að hafa játað hluta þeirra, gengi laus. Slíkt myndi valda hneykslun í samfélaginu og særa réttarvitund almennings.

Héraðsdómur Reykjaness féllst á að maðurinn væri undir sterkum grunum um að hafa gerst sekur um brot sem gætu varðað allt að tíu ára fangelsi. Einnig var fallist á að gæsluvarðhald væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Þá var fullyrð að ekkert hefði komið fram í málinu sem gæti leitt til þess að skilvæði ákvæðisins væru ekki lengur fyrir hendi frá því að fyrri úrskurður

Landsréttar í málinu, sem enn hefur ekki verið birtur, var kveðinn upp.

Í niðurstöðu Landsréttar segir að maðurinn liggir undir sterkum grunum um kynferðisbrot gegn öðrum brotþola. Þá sé uppi grunur um að hann hafi brotið oftast gegn sama aðila sem og öðrum.

„Standa ríkir almannahagsmunir til þess að menn sem sterklega eru grunaðir um svo alvarleg brot gegn ungum börnum gengi ekki lausir,“ segir í niðurstöðunni. Var úrskurður héraðsdóms því staðfestur.

joli@frettabladid.is

Suður Karíbahaf

Norður, Mið og Suður Ameríka | 2. - 18. nóvember



vita

Verð frá: **449.900 kr.** og **12.500 Vildarpunktur.**

Á mann m.v. 2 í Kílefa með svólum á Celebrity Reflection. Drykkir innifaldir! Fararstjóri er Lára Birgisdóttir.



VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

Kringlan

UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ

SKÓLA DAGAR

Náðu þér í afsláttarmiða á þjónustuborði
okkar á 1. hæð



LAUGARDAGUR

10 - 18

SUNNUDAGUR

13 - 18

ALLT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ

**MUNDU EFTIR
AFSLÁTTAR-
MIÐANUM**



kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

TÖLUR VIKUNNAR 18.08.2018 - 24.08.2018



2,4

milljarðar manna neyta áfengis samkvæmt nýrri rannsókn á skaðsemi drykkju.



95

ár er aldur Jonas Mekas, heiðursgests kvikmyndahátíðarinnar RIFF sem hefst í byrjun september.

500

milljarðar er kostnaður vegna umferðarslysa fyrir íslenskt samfélag á síðustu tíu árum.



128

börn biða þess að hefja leikskóladvöl í Reykjavík.




50%

leikskóla borgarinnar eru fullmönnuð.



155

milljónir söfnuðst í hlaupastyrki í Reykjavíkumraþoninu.

Þrjár í fréttum Drykkja, matur og Metoo

Laufey Tryggvadóttir

faraldsfræðingur

sagði tíma til kominn að horfast í augu við þá staðreynd að áfengi er dauðans alvarar. Ný rannsókn á neikvæðum áhrifum áfengisdrykkju, hóflegri sem óhóflegri, vakti heimsathygli. Laufey sagði áhugavert að nú væru komnar traustar viðbendingar um að heilsuþætandi neysla áfengis væri í raun litíð annað en myta.



Kolbrún Baldursdóttir

borgarfulltrúi

mun leggja til að verð á skólamáltíðum í Reykjavík lækki um þriðjung. Fulltrúar meirihlutaflokka í Reykjavík segja það kalla á „umfangsmiklar sparnaðaraðgerðir eða verulega uppstokk un á fjárfreiðum borgarinnar“ að bjóða ókeypis skólamáltíðir. Tilgaga Flokks fólksins var því felld í borgarstjórn.



Lilja Alfreðsdóttir

menn- og menn-ingarmálaráðherra

fékk í hendurnar til-lögur Metoo-nefndarinnar vegna yfirlýsinga íþróttakvenna. Dæmdu kynferðisbrotamönnum verður óheimilt að starfa innan íþróttahreyfingarinnar nái tillögurnar fram að ganga og sveitarfélögum verður skylt að skilrygga félög sem fá fjárframlög frá hinu opinbera til að hafa viðbragðsáætlun ef ofbeldismál koma upp.



Segir þurfa að taka markvisst á misskiptingunni í samfélaginu

Formaður Eflingar stéttarfélags segir hópi fólks markvisst haldið niðri efnahagslega og að taka þurfi markvisst á misskiptingunni í samfélaginu. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru meðalheildartekjur einstaklinga 6,4 milljónir króna á síðasta ári. Meðaltekjur tekjuhæsta prósentans voru rúmlega 26 milljónir króna.

SAMFÉLAG Heildartekjur einstaklinga voru að meðaltali 6,4 milljónir króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofunni sem unnar eru úr skattframtölum einstaklinga 16 ára og eldri. Miðgildi heildartekna var 5 milljónir sem þýðir að helmingur hafði tekjur undir þeirri fjárhæð og helmingur tekjur yfir þeirri fjárhæð.

Hagstofan greinir einnig dreifingu tekna. Þannig voru heildartekjur tekjuhæsta eins prósentans að meðaltali 26,3 milljónir á síðasta ári og jukust um rúma 1,7 milljónir milli ára. Meðaltekjur tekjuhæstu fimm prósentanna voru 14,1 milljón og tekjuhæstu tíu prósentanna 11,1 milljón. Meðaltekjur tekjulægstu tíu prósentanna voru um 1,8 milljónir og hjá næstu tíu prósentum 3 milljónir.

Þá hafa fjármagnstekjur farið vaxandi síðustu ár þótt þær séu töluvert minni en á árunum fyrir hrun. Þær voru að meðaltali 626 þúsund krónur á síðasta ári. Þeim er þó misskipt því miðgildið var um 15 þúsund krónur.

„Ástæða þess að fólk í efstu lögum samfélagsins getur rakað til sín fjármagnstekjum og almennt lifað sínu góða lífi er sú að hér er hópi fólks haldið markvisst niðri efnahagslega,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar stéttarfélags.

Sólveig Anna segir að krafan geti ekki bara verið sú að lágláunafolk þurfi að sýna sannirni, heldur þurfi að draga tekjuhæstu höpana til ábyrgðar. „Stemmingin er sú að þessir hópar hafi verið að rífa sig markvisst burt frá því sem almenn-



Heildartekjur einstaklinga 2017 voru að meðaltali 6,4 milljónir en miðgildið um 5 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir tekjujöfnuð fara vaxandi

Í greiningu Viðskiptaráðs Íslands á tölum Hagstofunnar er bent á að síðustu tvö ár hafi atvinnutekjur, sem eru laun og aðrar starfstengdar tekjur, hækkað mest á meðal þeirra sem hafa lægstu tekjurnar. Sem dæmi hafi atvinnutekjur hjá þeim sem eru með hærri tekjur en 10 prósent framteljenda hækkað um 12 prósent í fyrra en á sama tíma hækkuðu atvinnutekjur um fimm prósent hjá þeim sem eru með hærri tekjur en 90 prósent framteljenda.

Þróunin er á svipaða vegu ef litíð er til heildartekna, að sögn Viðskiptaráðs.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir tölur Hagstofunnar nokkuð á skjön við þá orðræðu sem oft er ráðandi í daglegri umræðu að ójöfnuður fari vaxandi. „Þótt taka beri tölunum með ákveðnum fyrirvara benda þær eindregið til þess að tekjujöfnuður sé að aukast og hafi farið vaxandi á síðustu árum,“ segir hann.

Það komi ágætlega heim og saman við miklar launahækkunar undanfarna ára í öllum launþegahópum.

Viðskiptaráð bendir einnig á að kaupmáttaraukning síðustu ára hafi rúnið í meiri mæli til eldri aldurshópa en þeirra yngri. Þannig hækkaði kaupmáttur ráðstöfunartekna langmest í aldurshópnum 75 ára og eldri í fyrra, eða um 14 prósent, en um sjö prósent eða minna í öðrum aldurshópum. – kj

MARKAÐURINN

Vettvangur viðskiptafrétta



Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

626

þúsund krónur voru fjármagnstekjur einstaklinga að meðaltali á síðasta ári.

ingur telur skynsamlegt og sanngjart í efnahagslegu tilliti.“

Hún segir Eflingu bæði leggja áherslu á hefðbundna kjarabaráttu en líka hið stærra samfélagslega verkefni. „Við viljum taka markvisst á misskiptingunni í samfélaginu. Við höfum talað fyrir verkfæri eins og ójöfnuðarstöðli. Þannig væri hægt að fylgjast með skiptingu tekna og auðs í samfélaginu. Þetta sýnt um það hvernig samfélagi við viljum búa í.“

Í tölum Hagstofunnar kemur í ljós umtalsverður munur á heildar-

tekjum kynjanna. Þannig voru heildartekjur karla að meðaltali um 7,5 milljónir en kvenna 5,6 milljónir. Miðgildi heildartekna karla var 5,7 milljónir en 4,5 milljónir hjá konum.

Einnig var töluverður munur á tekjum einstaklinga eftir sveitarfélögum. Af fimmtán fjölmennustu sveitarfélögum voru heildartekjurnar hæstar að meðaltali í Garðabæ eða tæpar 8,2 milljónir og í Seltjarnarnesi þar sem þær voru rúm 8,1 milljón.

Lægstar heildartekjur meðal fimmtán fjölmennustu sveitarfélaganna voru í Borgarbyggð, eða tæplega 5,4 milljónir, og í Sveitarfélaginu Skagafirði þar sem þær voru tæpar 5,5 milljónir.

Af fjölmennustu sveitarfélögum voru meðalfjármagnstekjur hæstar á Seltjarnarnesi þar sem þær voru um 1,4 milljónir og í Garðabæ

Ástæða þess að fólk í efstu lögum samfélagsins getur rakað til sín fjármagnstekjum og almennt lifað sínu góða lífi er sú að hér er hópi fólks haldið markvisst niðri efnahagslega.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar stéttarfélags



þar sem þær voru tæplega 1,3 milljónir. Á hinum endanum var Reykjanesbær þar sem fjármagnstekjur voru 296 þúsund að meðaltali og Fjarðabyggð þar sem þær voru 303 þúsund. sighvatur@frettabladid.is



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Gildir einnig af vatnasklæðningu og panil

PALLAEFNI

TAX FREE

Allt pallaefni á TAX FREE

Fura, lerki, skjólveggir, girðingaeiningar, hattar blómapottar o.fl.

Munið nýja, glæsilega timbursölu í Kjaravogi

Tax free tilboð atgöngjafir 19,35% afslátt. Að sjálfboðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatt til ríkissjóðs.



Mest seldi pallaölian í Húsa-smíðjunni



Pallaölian
1.995 kr
2.495 kr

Pallaölian á gagnvarið efni. Fánleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27

25% afsláttur
af allri Lady innimálningu



33% afsláttur

29.995 kr
44.095 kr

Verkfæraskápur NEO, stærð 46x68x102 cm, þyngd 45 kg, burðargæta 280 kg. 6 skúffur, hjól með bremsum, læsing á skúffum.
5024494

Sjáðu verðið!

Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Electrolux



53.990 kr

Þvottavél Fw30i7120
Orkusýting: A+++ Þvottahæfni: A.
Vindhæfni: B. Þvottamagn: 7 kg.
1805690

20% afsláttur

Nilfisk
15.596 kr
19.495 kr

Hábrýstidæla C 110,7,5 X-TRA
110 bór, 1,4kW, 440 ltr./kfst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi. 5 m slanga.
5254203

blómaval

20-50% afsláttur
af öllum pottaplöntum

50% afsláttur

745 kr
1.490 kr


Fríðarlilja
19 cm potti.



Byggjum á betra verði

husa.is

Fjöldi verkefna 2017



Vopnaðist 296 sinnum í fyrra

LÖGREGLA Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð út í 447 verkefni á síðasta ári. Þetta kemur fram í árskýrslu Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2017. Þar segir að tölverð aukning hafi orðið á öllum verkefnategundum sérsvaitarinnar í fyrra, að köfunarverkefnum undanskildum.

Af verkefnum 447 voru sérsvaitarmenn vopnaðir skotvopnum í 296 tilfellum. Sérsvaitin bar skotvopn að stað-



—khn

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Vill hærri gjaldtöku að norskrir fyrirmynd auk auðlindagjalds

Kolbeinn Óttarsson Proppé vill bæði innheimta leyfi að norskrir fyrirmynd og auðlindagjald í sjókvíaldi. Norska leiðin gæti skilað ríkissjóði tugum milljarða á hverju ári. Norðmenn renna hýru auga til Íslands enda gjaldtaka sama og engin. Norðmenn eiga orðið langstærstan hluta í íslenskum fyrirtækjum í fiskeldi.

FISKELDI Ríkissjóður myndi hafa gríðarlegar tekjur af framleiðslu fiskeldisfyrirtækja færi Ísland sömu leið og Norðmenn í gjaldtöku fyrir rekstrar- og framleiðsluleyfi í laxeldi.

Í vor gáfu Norðmenn út ný leyfi fyrir laxeldi. Þriðjungi framleiðsluaukningar var skipt milli fyrirtækja á föstu verði á hvert tonn og tveir þriðju aukningarinnar fóru á uppboð. Fasta verðið jafngildir 1,5 milljónum fyrir hvert tonn en meðalverðið fyrir tonnið á uppboði Norðmanna jafngildir 2,5 milljónum íslenskra króna.

Væri þessi leið farin hér á landi hefðu þau 36 þúsund tonn sem heimilt er að framleiða hér á landi skilað að lágmarki 54 milljörðum í ríkissjóð.

Verð fyrir rekstrar- og framleiðsluleyfi í fiskeldi hér á landi eru hins vegar eingöngu ætluð til að standa straum af kostnaði stofnana við leyfisveitinguna og er ekki hugsað sem tekjulind fyrir ríkissjóð. Í frumvarpi sem lagt verður fram á komandi þingi verður mælt fyrir um auðlindagjald í laxeldi og búast má við að horft verði til tillagna starfshóps um málefnið sem lagði til að gjaldið yrði 15.000 krónur á tonnið. Slíkt gjald myndi skila ríkissjóði rúmum hálfum milljarði á ári ef framleiðsluheimildir fyrirtækjanna væru að fullu nýttar.

Íslensk fiskeldisfyrirtæki eru nú að stærstum hluta komin í eigu norskra félaga og hafa íslenskir eigendur fyrirtækjanna hagnast gríðarlega á sölu hluta sinna í þessum fyrirtækjum til Norðmanna.

Greint var frá því í Markaðinum á miðvikudaginn að Arnarlax, sem er að stærstum hluta í eigu norskra fyrirtækja, hefði aukid hlutafé sitt um



Sjókvíaldi er mjög umdeilt vegna áhrifa þess á umhverfið og lífríkið í nægrenni þess. MYND/ERLENDUR GÍSLASON



Kolbeinn Óttarsson Proppé

2,4 milljarða og stefndi á skráningu í norsku Kauphöllina, en hið nýja hlutafé kemur bæði frá núverandi hluthöfum og nýjum hluthöfum frá Noregi og Svíþjóð.

Meðal fyrirtækja sem tóku þátt í fyrrnefndu uppboði í Noregi var móðurfélag Arnarlax sem greiddi tæpa 5 milljarða fyrir leyfi til að framleiða rúm 2.000 tonn í Noregi. Stundin greindi frá þessu. Dótturfyr-

irtækið Arnarlax greiðir hins vegar ekkert til íslenska ríkisins fyrir þau 10.000 tonn sem fyrirtækið hefur leyfi til að framleiða hér á landi.

„Ég vil ekki vera með neinar yfirlýsingar,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, aðspurð um áhyggjur af líkindum þessarar þróunar við svokallað gjafakvótakerfi. Hún segir málið hafa verið til umræðu hjá nefndinni í vetur og verða aftur á dagskrá næsta vetur en tveggja frumvarpa er að vænta. Annars vegar um auðlindagjaldið og hins vegar um ýmsa þætti framleiðslunnar.

„Mér finnst sjálfsgagt að skoða leyfisgjaldið og horfa þar til Norðmanna og þeirra upphæða sem þeir

eru að taka fyrir leyfin, en það tæki alltaf eingöngu til nýrra leyfa. Það sem ég hefði viljað gera er að horfa á þetta sem nýtingu á sameiginlegri auðlind, sem er hafið. Þess vegna finnst mér að auk endurskoðunar á leyfisgjaldinu eigi að taka upp auðlindagjald sem leggst á öll fyrirtæki, bæði þau sem þegar eru í rekstri og þau sem kunna að koma ný inn í greinina,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna. Í greinum um atvinnugreinina sem birst hafa eftir Kolbein í Kjarnanum að undanförmu fjallar hann um kosti auðlindagjalds í laxeldi og hvernig megi með gjaldtökunni nýta hagræna hvata í átt að umhverfisvænni framleiðslu. adalheidur@frettabladid.is



Bráðabirgðaniðurstaða er að þetta sé blendingur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARD TO PORT

Líklegt að Hvalur hf. hafi slátrað öðrum fágætum hvalblendingi

HVALVEIÐAR Hval sem dreginn var að landi í Hvalfirði í gær svipar mjög til dýrs sem veitt var 7. júlí síðastliðinn og var síðar staðfest að væri blendingur langreyðar og steypireyðar. Starfsmaður Hafrannsóknastofnunar var að staðnum þegar hvalurinn var dreginn á land og tilkynnti strax um atvikid og rannsaði dýrið.

„Bráðabirgðaniðurstaða starfsmanns Hafrannsóknastofnunar er sú að hvalurinn, sem landað var í morgun, sé blendingur en stofnunin hefur þegar hafið vinnu við að greina sýni þannig að hægt verði að staðfesta með erfðafraeðilegum aðferðum hvort sú greining sé rétt,“ segir í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun. Þar segir jafnframt að niðurstöður

úr erfðarannsókn muni liggja fyrir í byrjun næstu viku.

Dýraverndunarsamtökin Hard to Port náðu myndum af löndun og flensun dýrsins í gær. Annað dýr, kelfid langreyðarkýr, var einnig drepid og dregid að landi. Ekki er óalgengt að kelfdar kýr séu drepnar við hvalveiðar.

Samtökin segja veiðarnar vera stjórnláusar. „Það litur út fyrir að enn einn blendingshvalurinn hafi verið drepinn,“ segir í tilkynningu frá samtökunum. „Þessi hvaladráp eru ónaúdsýnleg, það er engin eftirspurn eftir þessu kjóti á Íslandi og bannað er að flytja út kjöt af blendingshval til Japans. Skrokkum þessara ófæddu kálfa mun verða fargað.“ —khn

Staðfesta sigur Mngangwas

SIMBABVE Stjórnlagadómstóll Simbabve staðfesti í gær umdeildan sigur Emmersons Mngangwa í forsetakosningunum sem þar fóru fram í júlilok. Nelson Chamisa, mótframbjóðandi Mngangwas fyrir hönd Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbætur, hafði kært kosningarnar og sagt úrslitunum hagrátt.



Emmersons Mngangwa

Mngangwa neitaði alltaf sök og það gerðu samflokksmenn hans í Afríska þjóðarbandalagi Simbabve sömuleiðis.

Allir níu dómarmar dómstólsins, sem er sá æðsti í landinu, voru á sama máli. Reuters hafði eftir Luke Malaba, forseta stjórnlagadómstólsins, að Chamisa hefði ekki tekið að sýna fram á neitt misferli.

Aðgerðir Mngangwa-stjórnarinnar í garð stjórmanrandstæðinga hafa verið harðlega gagnrýndar í kjölfar kosninga. Til að mynda handtaka stjórnarandstæðingsins Tendai Biti.

Simon Khaya Moyo, talsmaður þjóðarbandalagsins, bað í gær þjóðina um að virða dóminn og að halda friðinn í kjölfarið. —pea

Tækniþróunarsjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur til 17. september 2018

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Nánari upplýsingar eru á tths.is



Tækniþróunarsjóður



ATVINNUEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



rannís www.rannis.is



Fyllum völlinn saman

Ísland – Þýskaland þann 1. september
á Laugardalsvelli. Fyllum völlinn og
styðjum stelpurnar okkar alla leið á HM.

Tryggðu þér miða strax í dag á [Tix.is](https://tix.is)

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**

Stefnir ríkinu vegna Vafningsmálsins

Fyrirverandi framkvæmdastjóri fyrir-tækjasviðs Glitnis krefst skaða- og miskabóta frá ríkinu vegna málsmeðferðar hjá sérstökum saksóknara. Lögmaður hans segir málið meðal annars snúast um hve langt sé hægt að ganga gegn einstaklingum vegna þess að þeir hafi starfað í ákveðnum geirum atvinnulífsins.

DÓMSMÁL Guðmundur Hjaltason, annar ákærði í Vafningsmálinu, hefur stefnt íslenska ríkinu til greiðslu skaða- og miskabóta vegna málsmeðferðar í málum saksóknara gegn sér.

Guðmundur var frá 2006 og til maí 2008 framkvæmdastjóri fyrir-tækjasviðs Glitnis. Í kjölfar efnahagsbrunsins var embætti sérstaks saksóknara komið á fót og hafði embættið það hlutverk að kanna möguleg brot í aðdraganda hrunsins. Á árunum 2011-16 hafði Guðmundur réttarstöðu grunads manns hjá embættinu en aðeins ein ákæra var gefin út á hendur honum.

Það var gert í hinu svokallaða Vafningsmáli sem var fyrsta stóra mál sérstaks saksóknara. Í því var Guðmundi og Lárusi Welding, þá



Úr aðalmeðferð Vafningsmálsins í héraði. Guðmundur er lengst til vinstri og Þórður við hlið hans. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

bankastjóra Glitnis, gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í stórfellda hættu með 102 milljóna evra láni til félagsins Milestone föstudaginn 8. febrúar 2008. Það samsvaraði um tíu milljörðum króna á útborgunardegi.

Tvímenningsarnir voru sakfelldir í héraði í árslok 2012 og dæmdir til níu mánaða fangelsisvistar hvor. Sex mánuðir refsingarinnar voru skil-orðsbundnir. Í Hæstarétti, rúmu ári

siðar, voru þeir hins vegar sýknaðir þar sem ekki þótti sannað að háttsemi sú sem Guðmundi og Lárusi var gefin að sök hefði falið í sér verulega fjártjónshættu fyrir Glitni.

Rannsókn saksóknara á síðasta máli sínu gagnvart Guðmundi var felld niður árið 2016. Á þeim tíma sem rannsókn stóð yfir fór hann ítrekað fram á að rannsóknirnar yrðu afmarkaðar, þeim flýtt og að mál gagnvart sér yrðu felld niður.

Þórður Bogason, verjandi Guðmundar í Vafningsmálinu og lögmaður hans í málinu nú, segir að ákæra í málinu og málaferlin í heild hafi bæði valdið umbjóðanda sínum miska og fjártjóni. Krafa um bætur er annars vegar byggð á miskabótareglu laga um meðferð sakamála og hins vegar á almennu skaðabótareglunni.

„Í málinu reynir á hvort ríkið sé bótaskyldt vegna sýknudóms

Málið snýst þannig um grundvallar-spurningar um viðbrögð þjóðfélags við efnahagshruni og hversu langt er hægt að ganga gagnvart einstaklingum á grundvelli þess að þeir hafi unnið í ákveðnum geirum.

Þórður Bogason, hestærtaarlögmaður



og málsmeðferðar gagnvart Guðmundi. Um leið eru dómstólar í raun spurðir hvort embætti sérstaks saksóknara, með fulltíngi löggjafans, hafi farið offari gegn einstaklingum sem unnu í bankakerfinu fyrir hrun og brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra. Málið snýst þannig um grundvallar-spurningar um viðbrögð þjóðfélags við efnahagshruni og hversu langt er hægt að ganga gagnvart einstaklingum á grundvelli þess að þeir hafi unnið í ákveðnum geirum atvinnulífsins,” segir Þórður.

Málið var þingfest í febrúar og vörnum hefur verið skilað af hálfu ríkislögmans. Ríkið krefst sýknu í málinu. Þórður á von á því að dómur í héraði muni liggja fyrir áður en árið er á enda.

joli@frettabladid.is

VW Tiguan Allspace Comfortline+ 2.0 TDI / Disil / Sjálfskiptur / Fjór hjóladrífinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.

Fullt verð: 7.635.000 kr.

Afsláttur

645.000 kr.



Volkswagen

Besta Hekluverðið



Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. Trygðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu ogaktu inn í sumarið.

VW Passat GTE Tengiltvinnbíl / Sjálfskiptur / Vistvænn

Besta Hekluverðið 4.690.000 kr.



VW T-Roc 2.0 TDI / Disil / Sjálfskiptur / Fjór hjóladrífinn

Besta Hekluverðið 4.490.000 kr.





7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Brandenburg | SA

NÝR

CEED

LEGGUR LÍNURNAR



*Forsendur ábyrgðar eru gefulegt þjónustufétt sem kaupandi ber kostnað af. Leitu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abygd.



The Power to Surprise

Frumskýndur um land allt í dag

Við frumsýnum nýjan Kia Ceed hjá söluumboðum Kia um allt land í dag frá kl. 12–16. Ceed er nú lengri, breiðari og með stærra farangursrými. Frábærir aksturseginnleikar, glæsileg evrópsk hönnun og háþróaður tæknibúnaður einkenna nýjan og betri Kia Ceed. Hann er fánlegur með 7 þrepa sjálf-skiptingu og öflugri 140 hestafla bensínvél. Hin einstaka 7 ára ábyrgð Kia fylgir að sjálfsgöðu með. Frí 7 punkta skoðun fyrir Kia eigendur og 20% afsláttur af auka- og varahlutum aðeins í dag í Öskju.

Nýr Kia Ceed á verði frá:

2.990.777 kr.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Ceed. Við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Söluumboð Kia um allt land:

Bilás Akranesi · Höldur Akureyri · Bilasala Selfoss · K. Steinarsson Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Linnulaus innanflokksátök í Ástralíu

Ástralar skipt sex sinnum um forsætisráðherra á rúmum áratug. Samflokksmenn ráðherra gefa þeim itrekað reisupassann. Hinn íhaldsamí Morrison tók í gær við forsætisráðuneytinu af Ross Turnbull.

ÁSTRALÍA Það verður seint hægt að segja að Ástralíur hafi búið við mikinn stöðugleika í stjórnáttunum þar í landi undanfarin misseri. Í gær varð Malcolm Turnbull fjórði forsetinn á þessum áratug sem samflokksmenn sparka. Scott Morrison hefur nú tekið við embættinu en forsætisráðherraskiptin eru þau sjöttu frá árinu 2007. Einu sinni oftast en Íslendingar á þessum tíma.

Senn líður að kosningum, þær fara fram á næsta ári, og eru áhyggjur flokksmanna af slæmu gengi Frjálslynda flokksins sagðar ein helsta ástæðan fyrir atökunum innan flokksins. Í könnun sem Ipsos birti um miðjan mánuð mældist flokkurinn með 33 prósentum fylgi, tveimur prósentustigum minna en Verkamanna flokkurinn.

Önnur stór ástæða er frjálslyndi Turnbulls. Þrátt fyrir nafn flokksins er stefnan frekar kennd við íhald og reis íhaldsamasti armur flokksins itrekað upp gegn þessum fyrrverandi forsætisráðherra. Það gerðist til dæmis þann 20. ágúst síðastlið-



Turnbull og Morrison áður en sá síðarnefndi hrífsaði forsætisráðuneytið af þeim fyrrnefnda. NORDICPHOTOS/AFP

inn þegar Turnbull neyddist til þess að gefa upp á bátinn áform um að draga úr útblæstri til þess að vinna gegn loftslagsbreytingum, að því er BBC greindi frá.

Íhaldsmenn höfðu greinilega fengið nóg og reyndi innanríkisráðherrann Peter Dutton að steypa Turnbull af stóli. Turnbull stóð storminn af sér, rétt svo. Íhaldsmenn gáfust ekki upp og eftir tveir atkvæðagreiðslur innan flokksins í gær hafa orðið stólaskipti.

„Þakka ykkur fyrir. Það hefur verið sannur heiður að þjóna ykkur sem forsætisráðherra,“ sagði Turn-

Fyrir hvað stendur sá nýi?

Turnbull þykir tiltölulega frjálslyndur, hann studdi lögleiðingu samkynja hjónabanda og barðist gegn loftslagsbreytingum en Morrison þykir öllu íhaldssamari.

Hann var áður ráðherra innflytjendamála í stjórn Tony's Abbott og varð umdeildur fyrir harðlinu-stefnu sína.

Morrison er ef til vill þekktastur fyrir stefnu sína í málflokknum sem kallaðist „Stöðvum bátana“ og

gekk út á að koma í veg fyrir komu flóttafólks til Ástralíu.

Þá hefur ástralskt hinsegin fólk lýst yfir nokkrum áhyggjum af því að Morrison sé nú kominn í forsætisráðuneytið. Á Pink News í gær var fjallað um að Morrison hefði verið á móti lögleiðingu samkynja hjónabanda og komið ruðningsleikmanninum Israel Folau til varnar þegar sá sagði að samkynhneigðir færu allir til helvíts.

Könnunum kennt um

Fyrrverandi ástralski erindrekin Dave Sharma birti í vikunni grein í Sydney Morning Herald um þessa stólaskiptamenningu.

„Að tapa einum forsætisráðherra gæti verið óþéppni, tveimur skeytingarleysi en að fara í gegnum fjóra á fjórum árum, og sjá fram á enn ein stólaskiptin, gefur til kynna að djúpstæður galli sé á áströlskum stjórnmálum,“ skrifaði Sharma í grein miðvikudagsins.

Að sögn Sharma spila skoðanakannanir stóra rullu í þessu samhengi. Flokksmenn krefjast svara við hverri slæmri skoðanakönnun og stólaskipti séu algengasta svarið. Þá gagnrýndi Sharma að flokksmenn gætu skipt um forsætisráðherra án aðkomu hins almenna kjósenda.

bull á Twitter í gær og þakkaði samflokksmönnum sínum fyrir að velja Morrison fram yfir Dutton. Hann ætlar nú að taka pokann sinn og hætta á þingi sömuleiðis.

Morrison hrósaði Turnbull í bak og fyrir. Sagði hann hafa þjónað landi sínu af mikilli göfvi.

„Nú tekur það verkfni við okkur að sameina flokkinn, sem hefur verið marinn og særður á undanförmum dögum, og þingið sömuleiðis svo hægt sé að vinna að einingu þjóðarinnar,“ sagði nýi forsætisráðherrann.

thorgnyr@frettabladid.is

SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG KVEIKTU Á SPARNAÐINUM

5 ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

Sumarauki og hleðslustöð að verðmæti
500.000 kr. fylgir!



Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifrið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenski orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki ásamt hleðslustöð að verðmæti 150.000 með öllum nýjum Mitsubishi Outlander PHEV bílum keyptum hjá HEKLU. Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

Outlander Instyle PHEV
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.490.000 kr.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fölskbílum HEKLU að upplýttum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þú er að finna á www.hekla.is/abyrgd



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



mazda

NÝR MAZDA6

**FRUMSÝNDUR LAUGARDAGINN 25. ÁGÚST
KL. 12-16 REYKJAVÍK & AKUREYRI**



FRAMÚRSKARANDI

Þú einfaldlega verður að upplifa fegurð, gæði & lúxus Mazda6!
Nýr Mazda6 hefur verið endurhannaður að utan sem innan.
Hannaður og smíðaður til þess að njóta akstursins.
Mazda6 er búinn næstu kynslóð af tækni og stíl frá þekktu
Kodo hönnun Mazda: Kodo Soul of Motion Design.

KOMDU OG SJÁÐU ÞENNAN EINSTAKA BÍL!

Boðið verður upp á léttar veitingar frá Brauð & Co.

ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA

VERÐ FRÁ 3.790.000 KR.



Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16

mazda.is

Vit og strit



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fjölmiðlanefnd fer með heilmikið opinbert vald, sem hún beitir gegn þeim sem síst skyldi. Stóru málin, eins og margháttaðan siendurtekninn yfirgang RÚV í viðkvæmri samkeppni, lætur hún óátalin en sýnir viðkvæmum nýgræðingum tennurnar.

Í skrautlegum margliða úrskurði í gær var sjónvarpstöðinni Hringbraut, litlu sprotafyrirtæki, gert að greiða tveggja milljóna sekt vegna meintra brota sem erfitt er að átta sig á. Hringbraut er órlitil viðbót á litlum markaði og gerir engum mein með rekstri sínum.

Þvert á móti – þar er oft finasta sjónvarpsefni um menn og málefni sem lengi lifir og fólk horfir á þegar því hentar. Vitnað er í stöðina í öðrum miðlum og á netinu. Hún bætir við umræðuna. Allir nema fjölmiðlanefnd sjá, að stöðin er rekin af vanefnum. Tverr milljónir króna eru ekki hristar fram úr erminni í rekstrinum.

Ekki er ljóst hvert fyrirmynd fjölmiðlanefndar er sótt. Oft er horft til Bretlands í leit að því sem vel er gert í fjölmiðlaumhverfinu. Þar starfar „The Press Complaints Commission“ á vegum prentmiðlanna sjálfra. Önnur álíka stofnun, Ofcom, veitir ljósvakamiðlum aðhald, hefur eftirlit með samkeppnisreglum og tekur við kvörtunum vegna efnistaka, þyki fólk gert á sinn hlut. Miðlarnir sjálfir leggja henni til rekstrarfé.

Almennt viðhorf er að best fari á því að svona batteri séu aðgerðalítill, öryggisventill ef hlutir fara úr böndunum. En hjá fjölmiðlanefnd er mikið fjór. Hún réttlætir tilveru sínu með því að láta reglulega í sér heyra. Betur vinnur vit en strit ætti að vera kjöroröð, en er það greinilega ekki.

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, sprotamiðils sem fagnar fimm ára afmæli um þessar mundir, sagði fyrir nokkru: „En fjölmiðlum er að blæða út. Starfsmannavelta er ótrúlega há. Laun eru alltof lág, starfsumhverfið er alltof íþyngjandi og rekstrarfor-sendurnar sífellt að verða verri.“

Þetta er kjarni málsins. Stjórnmalamennt þykjast flestir sjá myndina sem Þórður Snær lýsir. Nefndarálitin hrannast upp frá hverri ríkisstjórninni á fætur annarri. En aðgerðir til úrbóta láta á sér standa. Vonir voru bundnar við nýjan menntamálaráðherra þegar ríkisstjórnin tók við fyrir bráðum ári. Fatt bendir til að hún ætli að láta til sín taka.

Ríkisútrýpni er gott fyrir sinn hatt og fæir efast um tilveruþrétt þess. En tímabært er að marka því skýrari ramma, sníða dagskrá þess að þörfum dagsins í dag. Byrja mætti á að spara háar fjárhæðir í innkaupum á erlendu efni og létta einkastöðvum lífið með því að hætta yfirbúðum í innkaupum. Erfitt er að setta sig við að ríkisstyrkt stofnun standi í slíku og furðulegt að engin lög nái yfir slíkt háttæmi.

Stofnunin fær 4 milljarða frá ríkinu og rúma tvo til viðbótar á auglýsingamarkaði. Samkeppnin er ramm-skýdd. Fjölmiðlanefnd ætti að gera eitthvað í því í staðinn fyrir að eltast við tittlingaskit öllum til ama.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Íslensk klisja í afmælisgjöf

Dóttir mín á afmæli í dag. Hún er fimm ára. Þrátt fyrir að vera ung að árum er langt síðan hún uppgötváði neyslshyggjuna. Tveggja ára gekk hún um verlanir, benti á hluti af handahófi og suðaóð: „Má ég fá svona, má ég fá svona, má ég fá eitthvað?“

Þótt sjálfmynd mín sé sú að ég sé hatrammur bar-áttumaður gegn kaupæði og ruslsöfnun samtímans og ég ali börn mín upp í nægjusemi, frjáls undan ægivaldi Mammons, bendir ástand svefnherbergis dótturinnar til annars. Ætla mætti að herbergið hefði orðið fyrir aurskríðu af dóti. Barnið veit ekki hvernig gólfteppið er á litinn því það hefur ekki sést til þess síðan 2016 fyrir Barbie dúkkum sem liggja flatar undir Legó-húsum sem hrunin eru til grunnna, heilu Sylvania fjölskyldunum sem oröð hafa fyrir leikfangalestum, þreklusum handbrúðum sem glatað hafa lífsþorstanum og prinsessubúningum sem liggja flatar eins og fallið konungsfólk í frónsku byltungunni. Efallir týndu sokkar heimilinsins, stytta eftir listakonuna Steinunni Þórarinsdóttur og flugvél Amelíu Earhart kæmu í leitirnar næst þegar tekið verður til í herberginu yrði ég ekki hissa.

Í ljósi þessa kapitalíska hamfarasvæðis vildi ég ekki gefa dótturinni dót í afmælisgjöf. Ég vildi gefa henni eitthvað sem gagnaðist henni en líka eitthvað sem gleddi hana. En með hverju gleður maður einhvern sem stendur í þeirri trú að erandi rafhlöðuknúnu vit-sugurnar úr lítskrúðuga plastinu frá Fisher Price gefi lifinu lit?

Tindar í tungunni

Sem Íslendingur sem búið hefur öll sín fullorðinsár í útöndum er ég stundum eins og lúðulaki sem ferðaðist til landsins með tímavél þegar ég sækí Ísland heim. Ég á ekki ulpu frá 66°Norður, ég er ekki að þjálfa fyrir marþon, klif ekki fjöll, á ekki Ómaggio-vasa, held að Hlemmur sé strætóstoppistöð og hef ekki smakkað Valdis. Það sama á við þegar kemur að íslenskrí tungu; ég er steingervingur sem talar í tiskuorðum sem síðast voru í almennri notkun þegar fólk í fötum úr Vinnu-

fatabúðinni hékk á Prikínu og Sólvi í Quarashi var bókstaflega Sólvi í Quarashi; orðum eins og: ýkt; stulli; súperdós.

En á meðan fjarlægðin við Ísland í tíma og rúmi gerir mig geðveikt halló (segir maður enn þá halló – eða er halló að segja halló?) er sýnin í hina áttina þverfug. Fjarlægðin við heimahagana skýrir fyrir mér það sem hæst ber í flottheitum á Íslandi. Tiskustraumar í klæðaburði, neyslumynstri og innanhúshönnun birtast mér í fjarska eins og Íslands fjöll rísa úr útsæ (hér gæti ég bætt við: „með eld í hjarta þakin mjöll“ en ég er ekki alveg svo halló).

Það sama gildir um tungumálið en í því greini er reglulega tinda sem ekki eru mér tamir: fóssari; bolur; fólkíð mitt (hvað varó um fjölskylduna?); og loks, Mount Everest – eða Hvannadalshnúkur – íslenskrar tungu sumarið 2018: Lifa og njóta. Á Facebook eru allir að lifa og njóta: Horfi á sólarlagið #lifaognjóta. Bera tærnar á sólarströndi við Miðjarðarhafíð #lifaognjóta. Sit á dollunni án þess að börnin standi bankandi á baðherbergishurðina #lifaognjóta.

Peningar og hamingjan

Sagt er að peningar kaupir ekki hamingju. Það er hins vegar rangt. Rannsóknir sýna að hægt er að kaupa sér hamingju kaupir maður lífsreynslu en ekki hluti.

Afmæli dótturinnar hittir á sumarfrí fjölskyldunnar í Portúgal. Sú stutta hefði eflaust viljað fagna áfanganum með veislu og tilheyrandi þakkaflóði á hamfarasvæðinu. En þegar maður er fimm er maður undirorppinn geðþótta foreldra sinna, dultunguafullri lífspeki þeirra og væntingarfullum tilraunum þeirra til að vera ekki halló.

Í stað þess að lifa og neyta í tilefni dagsins eins og venjan er fær dóttir mín lexiu í fimm ára afmælisgjöf, klisju sem tröllirðu nú íslenskrí tungu: Í dag verður henni kennt „að lifa og njóta“. Afmælisgjöfin verður ferð á ströndina og kannski íspinni.

Vonandi verður mér fyrirgefið.



Almennt viðhorf er að best fari á því að svona batteri séu aðgerðalítill, öryggisventill ef hlutir fara úr böndunum.

Nýr Opel
GRANDLAND X

Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha. Verð: 3.990.000 kr.

Frumkýningartilboð:
3.790.000 kr.

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is

Benna

Nýr Hyundai i20 frumsýndur í dag.

Verð frá:
2.290.000 kr.



5 ÁRA
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Við kynnum í dag nýjan Hyundai i20 sem er enn betur útbúinn en eldri gerðir af i20. Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, og í nýjum 7" snertiskjá er hægt að nýta sér fullkonnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™. Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Sjampó 500 ml 895 nú 399
 Hárnaering 500 ml 895 nú 399
 Sturtusápa 500 ml 895 nú 399
 Fótakrem 150 ml 795 nú 399
 Handáburður 75 ml 499 nú 249
 Body lotion 180 ml 795 nú 399
 Baðsalt 900 ml 895 nú 399



PURE DEAD SEA SNYRTIVÖRUR
 Vnr. 331-11-1060

Allt að
55%
 afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

249

Valin
 sængurverasett
33-50%
 afsláttur



Allir
 baðsloppar
30%
 afsláttur



NÚ VERÐ FRÁ:

995

50%
 afsláttur



FULLT VERÐ: 39.950

19.950

HALMSTA HÆGINDASTÓLL
 Glæsilegur hægindastóll með ljósu tauáklæði.
 B86 x H90 x D106 cm. Vnr. 718-17-1000

33%
 afsláttur



FULLT VERÐ: 895

595

ALBA ÁBREIÐA
 Mismunandi gerðir á milli verslana.
 127x152 cm. Vnr. 530-17-1006

ÚTSALA

OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ

Sæng og kodd

45%
 afsláttur

höie
 OF SCANDINAVIA

**GALANT SÆNG
 OG KODDI**

Gott sængur- og koddasett fyllt með silikonhúðuðum hol-trefjum. Sæng fylling: 1.100 g. Kodd fylling: 550 g. Áklæði 100% polyestermikrofíber. Þolir þvott við 60°C. Sæng 140x200 cm. Kodd 50x70 cm. Sængurtaska fylgir. Vnr. 4113650

SETTIÐ FULLT VERÐ: 8.995

4.945

Öll eldhús- og borðstofuborð
20-40%
 afsláttur



**ENN MEIRI
 AFSLÁTTUR**

AF GARÐHÚSGAGNASÝNISHORNUM



20-40%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STERÐUM:

ROYAL DREAM, LUXURY SLEEP, SLEEPWELL, COMFORT LUXE OG SWEET DREAM

90%
 afsláttur

FULLT VERÐ: 995

99

FINO, FRID, FOLKA EÐA FASTVI LÖBER
 12x200 cm.
 Vnr. 519-17-1020, 519-17-1022, 519-17-1024, 519-17-1026

Sparið
3000



FULLT VERÐ: 19.950

16.950

HALLUNDUR SKRIFBORD
Eikarlitur, B119 x H59 cm.
Vnr. 3618430

Sparið
12.000



FULLT VERÐ: 24.950

12.950

LANGESKOV SKRIFBORD
B110 x H75 x D60 cm.
Vnr. 3692306

Sparið
4000



FULLT VERÐ: 16.950

12.950

TAMHOLT SKRIFBORD
Hvitt/eik. 50x100 cm.
Vnr. 3669360

Sparið
2000



FULLT VERÐ: 12.950

10.950

STEGI SKRIFBORD
Hvitt/háglans. 40x120 cm.
Vnr. 3612352

SPARIÐ ALLT AÐ 90%

37%
afsláttur



FULLT VERÐ: 39.950

24.950

PRO GAME
SKRIFBORDSSTÓLL
Vnr. 888001016

35%
afsláttur



FULLT VERÐ: 19.950

12.950

AGGESTURP
SKRIFBORDSSTÓLL
Stóll með innbyggðri
gaspumpu sem
tryggir stíglausa
hæðarstillingu.
Hægt að rugga.
Grár/svartur.
Vnr. 3629919

23%
afsláttur



FULLT VERÐ: 12.950

9.950

BILLUM
SKRIFBORDS-
STÓLL
Á krómfaeti með
stillanlegri setu.
Þverband í baki.
Hægt að rugga.
Svartur.
Vnr. 3620091

Með 3 hillum mjó **4.995** nú **3.995**
Með 3 hillum breið **6.995** nú **5.595**
Með 5 hillum **9.995** nú **7.995**

20%
afsláttur

HORSENS
BÓKAHILLUR
Eikarlituð eða hvít.
Vnr. 3648375,
3648376, 3648377



NÚ VERÐ FRÁ:

3.995

Með 1 hólum **4.995** nú **3.995**
Með 3 hólum **9.995** nú **7.995**
Með 5 hólum **19.950** nú **15.960**

20%
afsláttur



CUBE HILLUR
Úr oliuborinni eik.
Vnr. 38114001, 38114003, 38114005

NÚ VERÐ FRÁ:

3.995

20%
afsláttur



PANDORA
SKARTGRIPASKÁPUR
Flottur skartgripaskápur
með spegli. Hæð: 150 cm.
Vnr. 329-14-1012

50%
afsláttur



FULLT VERÐ: 14.950

7.475



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGID • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



Erik Hamrén, ásamt Frey Alexanderssni, á blaðamannafundinum í höfuðstöðvum KSÍ þar sem hann tilkynnti sinn fyrsta landsliðshóp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Líður eins og barni á jólnunum

Þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins kynnti í gær leikmannahópinn fyrir fyrsta leikinn undir stjórn Eriks Hamrén. Sá sænski gat ekki beðið eftir því að koma til móts við liðið og hefja vegferðina saman.

FÓTBOLTI Erik Hamrén og Frey Alexandersson, þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, kynntu í gær hvaða 23 leikmenn þeir hefðu valið í fyrsta landsliðsverkefni undir stjórn Hamrén gegn Sviss og Belgíu. Fram undan eru tveir leikir, einn ytra gegn Sviss og einn á Laugardalsvelli gegn bronslíðinu frá HM, Belgíu, í þjóðadeild UEFA.

Þeir gera alls fimm breytingar á leikmannahópnum sem fór til Rússlands í sumar, hvorki Alfreð Finnbogason né Aron Einar Gunnarson gátu gefið kost á sér vegna meiðsla en endurkoma Kolbeins Sigþórssonar er fagnaðarefni fyrir landsliðið.

Kynntu þeir landsliðshópinn í gær, rúmtum tveimur vikum eftir að hafa tekið við liðinu, og vakti það athygli að þeir virtust hafa tekið á sig Ragnar Sigurðsson aftur inn í landsliðið. Miðvörðurinn sterki gaf það út eftir HM að hann væri hættur með landsliðinu en Hamrén hafði undir eins orð á því að hann hefði áhuga á að fá Ragnar aftur inn í hópinn.

„Það er enginn aldur á honum, 32 ára gamall og líkamlega vel á sig kominn, laus við stórvægileg meiðsla. Hann er mikill fagmáður og hugsar rétt um líkama sinn og ætti að eiga nóg eftir á tanknum en hann þurfti að finna þetta með sjálfum sér. Hann fann það með hjartanu að hann langaði að halda áfram með landsliðinu og vinna áfram í þessari vegferð sem við erum á,“ sagði Frey Alexandersson, aðstoðarþjálfari liðsins, eftir blaðamannafundinn í gær.

Fyrsta verkefni landsliðsins er brósugt og fær Ísland stuttan undirbúningstíma.

Öll þúslin að koma saman

„Það er góð tilfinning að vera búin að ganga frá þessu. Við erum búin að eyða miklum tíma saman að skoða leikmenn og hann verið að

mynda sér skoðun á leikmönnum. Ég vildi ekki hafa of mikil áhrif á skoðun hans í byrjun svo að hann kæmi að hreinu borði. Við fórum að þröngja hópinn og teljum að þetta séu bestu 23 leikmennirnir í þetta verkefni þótt það séu margir að banka á dyrnar. Við erum eins vel undirbúin og hægt er miðað við stuttan undirbúning og nú eru öll þúslin að koma saman,“ sagði Frey og tók Erik í sama streng.

„Það er heilmikil vinna að baki, því að ég þurfti að skoða marga leikmenn. Ég ræddi mikið við Frey um leikmenn en þetta hefur verið ánægjulegt og ég er spenntur að hefja æfingar og hitta leikmennina og starfsfólkið í fyrsta sinn. Mér líður eins og barni á jólnunum, ég er það spenntur. Vegferð okkar saman fer að hefjast,“ sagði Hamrén og bætti við:

„Það er alltaf erfitt að velja leikmannahóp, ekki bara þegar þú ert að gera það í fyrsta sinn. Það eru alltaf einhverjir leikmenn sem eru á mörkunum að komast í liðið en við erum búin að taka ákvörðun og erum ánægðir með niðurstöðuna.“

Hamrén sagðist ekki geta tekið leikmenn í þetta verkefni sem tilraunastarftæmi og hafa allir leikmennirnir verið í kringum landsliðið á síðustu árum.

„Leikmennirnir sem koma inn í hópinn hafa verið í kringum hópinn á síðustu árum og þekkja umhverfið. Við erum ekki að taka marga leikmenn í tilraunastarftæmi í dag enda að fara í keppnisleiki en það verður skoðað betur í æfingarleikjum. Það verða einhverjar breytingar en ekki of margar. Ísland er búið að gera frábæra hluti undir stjórn Lars og Heimis og það væri heimskulegt að gjörbreyta öllu. Það má finntusa hluti en við munum halda áfram að notast við sömu gildi.“

Landsliðshópurinn

Markverðir:

Hannes Halldórsson
Rúnar Alex Rúnarsson
Frederik Schram

Varnarmenn:

Birkir Már Sævarsson
Ari Frey Skúlason
Hörður Björgvin Magnússon
Ragnar Sigurðsson
Kári Arnason
Hólmur Örn Eyjólfsson
Sverrir Ingi Ingason
Jón Guðni Fjóluson

Miðjumenn:

Emil Hallfreðsson
Cylfi Þór Sigurðsson
Guðlaugur Victor Pálsson
Rúnar Már Sigurjónsson
Birkir Bjarnason
Arnór Ingi Traustason
Rúrik Gíslason
Jóhann Berg Guðmundsson

Söknummenn:

Björn Bergmann Sigurðarson
Jón Daði Böðvarsson
Viðar Örn Kjartansson
Kolbeinn Sigþórsson

Ísland er búið að gera frábæra hluti undir stjórn Lars og Heimis og það væri heimskulegt að gjörbreyta öllu.

Erik Hamrén

Freyr talaði af virðingu um lið Sviss og Belgíu enda tvö gróarlega sterk lið.

„Þetta eru tvö frábær lið sem er eðlilegt þar sem við erum í efstu deild. Þetta verður krefjandi og edlilega ættum við að lenda í neðsta seti en hugarfarir hjá íslensku þjóðinni og þessum strákum er að þeir geti unnið alla, hvar sem er og hvenær sem er. Við vitum hvaða styrkleika þessi lið hafa og þau þekkja okkar en þau taka okkur alvarlega og hræðast okkur á ýmsan hátt.“

Þjóðin spennt að sjá Kolbein

Kolbeinn Sigþórsson snýr aftur í landsliðið og gæti fengið fyrstu mínútur sínar fyrir landsliðið í rúm tvö ár. Freyr var afar sáttur að geta

Nýjast

Ínkasso-deild karla

ÍA - HK

0-0

Leiknir R. - Víkingur Ó. 1-2

0-1 Gonzalo Zamorano Leon (9), 0-2 Kwame Quee, viti (78.), 1-2 Sævar Atl Magnússon, viti (82.).



Heimir getur gert HB að færeyskum bikarmeisturum í fyrsta sinn í 14 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Stýrir HB í bikarúrslitum

FÓTBOLTI Heimir Guðjónsson og strákarnir hans í HB mæta B36 í úrslitaleik færeysku bikarkeppinnar í kvöld. Leikurinn fer fram á Tórsvelli, þjóðarleikvangi Færeyja, og hefst klukkan 18.45.

HB hefur gengið allt í haginn síðan Heimir tók við þjálfun liðsins fyrir tímabilið. HB er með átta stiga forskot á toppi færeysku úrvalsdeildarinnar og hefur aðeins tapað tveimur af 20 deildarleikjum sínum á tímabilinu. Sjö umferðum er ólok- ið í færeysku deildinni svo staða HB er afar vænleg.

Þá hefur HB unnið alla fjóra leiki sína í bikarkeppinni með samtals 15 mörkum. HB hefur 26 sinnum orðið bikarmeistari, síðast árið 2004. Heimir gerði FH einu sinni að bikarmeisturum hér á landi (2010).

Tveir íslenskir leikmenn leika með HB; Brynjar Hlööðversson og Grétar Snær Gunnarsson. –**ÍÞS**

Vallarmetið bætt tvisvar sama daginn

GOLF Vallarmetið á Grafarholtsvelli í karlaflokki féll tvisvar í gær á lokamóti Eimskipsmótaráðarinnar sem lýkur um helgina. Stuttu eftir að Axel Bóasson úr GK setti nýtt vallarmet þegar hann kom í hús á 66 höggum var atvinnukylfingurinn og heimamaðurinn Guðmundur Ágúst Kristjánsson búinn að hirta það.

Axel fékk alls sex fugla og tapaði ekki höggi á hringnum í gær en Guðmundur gaf honum ekkert eftir. Fékk hann alls níu fugla á hringnum og einn skolla á hinn hætteleuga fimmtánda braut og kom í hús á 63 höggum. Var gamla met vallarins 68 högg og lifði met Axels ekki í hálf-tíma.

Stefnir allt í að þeir há spennandi einvigi. Guðmundur Ágúst er á tólf höggum undir pari, Axel á sjö höggum en næstir koma Andri Þór Björnsson, Ólafur Björn Loftsson og Rúnar Arnórsson á tveimur undir pari.

Í kvennaflokki hefur Guðrún Brá Björgvinsdóttir naumt forskot á næstu kyflinga á fimm höggum yfir pari. Fékk hún tvo fugla og þrjá skolla í gær en Helga Kristín Einarssdóttir og Anna Sólveig Snorraddóttir, klubbfélagar Guðrúnar úr GK, eru ekki langt undan. –**kpt**

PERFORMANCE



Sheer
Driving Pleasure



BMW X5 PLUG-IN HYBRID.

BMW X5 xDrive40e / Verð: 9.970.000 kr.

BMW X5 xDrive40e, með M pakka / Verð: 11.690.000 kr.

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjstu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sána, snúðar og leikir úti í mýri

Norræn menning verður í hávegum höfð í Vatnsmýrinni á laugardag. Þar verður vegleg afmælis dagskrá frá morgni til kvölds og hálftrar aldar afmæli hússins fagnað.

Undirbúningur 50 ára afmælishátíðar Norræna hússins í Reykjavík er í hámarki þegar blaðamaður litur við í Vatnsmýrinni.

Þar er verið að reisa stórt svið og veislutjald þar sem gestum verður til dæmis boðið upp á morgunmat.

Á besta stað við húsið er búið að setja upp fórláta sánabað sem gestir afmælishátíðarinnar geta slakað á í. Þar sitja Sigyn Blöndal, umsjónarmaður Stundarinnar okkar, og Arnar Eggert Thoroddsen sem leggja hátíðinni lið.

Sigyn mun stýra leikjum barna á hátíðinni og hver veit nema að slim komi við sögu í stórhættulegri spurningakeppni, svipaðri þeirri og hún stýrir í Stundinni okkar á RUV.

Arnar Eggert mun spyrja gesti út í alls kyns fróðleik tengdan norrænni menningu á þöbbkvíssi síðar um daginn.

„Ég hef aldrei farið í alvöru finnskt sánabað,“ segir Sigyn sem líkar það vel. „Það hef ég gert, Finnarnir kunna þetta,“ segir Arnar Eggert. Þeim líkar vel að slaka á fyrir herlegheitin enda



Sigyn Blöndal og Arnar Eggert Thoroddsen í sánabaði í miðri Vatnsmýrinni. Þau halda um taumana á viðamikilli afmælis dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

er búist við fjölda gesta á hátíðina. Þau ætla bæði að hafa gamanið leikandi létt. „Ég ætla ekkert að spyrja mjög flókinnna spurninga,“ segir Arnar Eggert kankvís og segist nú líklega spyrja eitthvað um Múminálfa og höfuðborgir Norðurlanda en ekki biðja fólk að telja upp eyjar eða norræna hólma eða slíkt.

„Ég kynni líka hljómsveitirnar til

leiks með stuttum fróðleik,“ bætir hann við en tónleikahald tengt hátíðinni verður bæði um daginn og seinna um kvöldið.

I gær, þann 24. ágúst, voru liðin fimmtíu ár frá vigsludegi hússins. Húsið hefur í hálfra öld gegnt mikilvægum hlutverki í menningarlífi landsins. Viðburðum á vegum hússins hefur fjölgað ár frá ári. Nú

eru haldnir nærri því 400 viðburðir árlega og tekið á móti 100 þúsund gestum.

Norræna húsið er teiknað af hinum heimsþekktu finnska arkitekt Alvar Aalto. Í húsinu er rekin veitingastaður, þar er að finna tónleikasal, sýningarsali og bókasafn bæði fyrir fulloröna og börn.

„Markmið með hátíðinni er fyrst og fremst að fagna afmæli menningarhússins, sem er nýtt allt árið af fólk á öllum aldri. Norræn menning verður í brennidepli. Hlutverk okkar er að miðla norrænni menningu til Íslendinga og það kristallast í dagskránni,“ segir Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir, markaðsstjóri Norræna hússins.

Hátíðarhöldin í dag hefjast klukkan tíu með ókeypis morgunverði í stóru tjaldi fyrir utan Norræna húsið. „Við ætlum til dæmis að bjóða upp á brauð og snúða frá bakaríinu Brauð & co.

Þó að þau séu mjög meðvitúð og vinni gegn matarsóun þá er alltaf afgangur hjá þeim. Þau gefa oft afgang til Rauða krossins, svo dæmi sé nefnt. Við fáum dagsgamla snúða og brauð og viljum sýna að slíkt brauðmeti er alls ekki ónýtt. Við bjóðum líka upp á kaffi og Krónan gefur álegg og fleira til morgunverðarins,“ segir Kristbjörg Kona frá, en á svæðinu verða líka matarvagnar þar sem verður hægt að kaupa sér mat og drykk.

„Það verður fjör fram á kvöld þegar boðið verður upp á útítonleika með grænlenksu sveitinni Nanook og hinni norsku Miss Tati.“

Kristjanabjorg@frettabladid.is

Dagskráin í dag:

10.00 – 11.30 Morgunverður fyrir alla í garðinum/tjaldinu. Fyrirtækin Brauð & co. og Krónan sýna eitt og annað nýti-legt gegn matarsóun.

10.30 – 14.00 Norrænir leikir undir stjórn Sigynjar Blöndal, fjölskyldujóga með Evu Dögg, bíó, andlitsmálning, snúningsbrauð, norskar skonsur og fleira.

14.00 – 15.45 Tónleikar – Ungt og hæfileikaríkt tónlistarfólk spilar á stóra sviðinu. RuGI, Gróa og Flóni.

16.00 – 16.15 Vigsla á nýjum palli í Vatnsmýrinni sem er gjöf frá Reykjavíkurborg.

16.15 – 16.45 Nanook spilar órafmangað á brúnni/gróðurhúsinu.

17.00 – 19.00 Barinn opnaður í hátíðartjaldinu, Pub Quiz með Arnari Eggerti. Nordic Playlist.

19.00 – 22.30 Tónleikar á stóra sviðinu – Nanook, Miss tati og Seint.

Fleira á dagskrá:


Finnskt sánabað úti í garði Barnabíó í Norræna húsinu – Ronja Ræningjadóttir og Bróðir minn Ljónshjarta Í sýningarsalnum: Innblásið af Aalto – Hönnun frá Finnlandi – Black Box 50 minningar – Það besta úr safni Norræna hússins.



Porvaldur Skúlaason



Louisa Matthíasdóttir



Valtýr Pétursson

Viltu eignast listaverk Sölusýning á listaverkum



Stórvall



Georg Guðni



Jón Stefánsson

Fjölbreytt úrval - Verðflokkar við allra hæfi

Studio Stafn - Hátúni 6B

Opið um helgina kl. 12-17

Sími 552 4700 - Studiostafn.is/listaverkasala



FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Á +Plús-síðu Fréttablaðsins er að finna haldgóð og skemmtileg ráð til framhaldsskólanema, sem snúa að námi og lífsstíl.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengilegt á frettabladid.is.



RENAULT
Passion for life

RENAULT ZOE 100% RAFBÍLL



Öllum nýjum Renault Zoe fylgir heimahleðslustöð!

Renault ZOE er 100% rafbíll frá Renault sem slegið hefur í gegn. 300 km uppgefin raundrægi á sér enga hlíðstæðu í þessum stærðarflokki rafbíla og verðið er sömuleiðis með því hagstæðasta sem gerist í flokknum. Renault ZOE er auk þess eins og aðrir nýir Renault bílar með ríkulegan staðalbúnað. Nú er komið að þér að taka græna skrefið og eignast 100% rafbíl.

Meðal staðalbúnaðar í Renault Zoe er m.a.:

Lykillaus aðgengi, 7" snertiskjár með bluetooth kerfi, 16" álfelgur, tímastilli á miðstöð með varmadælu, leðurklætt aðgerðarstýri, LED dagljós.



„ÞÚ HLEÐUR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófiða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



+PLÚS



Góð heyrnartól

Nauðsynleg hverjum nemanda sem vill ná einbeitingu í skólanum. Þeim, sem ná að nýta vel tímann í skólanum og jafnvel að vinna verkefni sín þar frekar en heima, gengur oft betur en öðrum.

Ekki fresta heimalærdómnum

Rakel Ösp Skúladóttir er nýnemi við Menntaskólann í Hamrahlíð. Hún er nýbúin að kaupa bækur fyrir önnina. „Þær kostuðu meira en maður ætti að þurfa að eyða,“ segir hún. Rakel Ösp ætlar ekki að vinna með skóla. Hún þykir ágætur námsmaður og fylgir sjálf einni góðri reglu. „Ég fresta því aldrei að læra heima!“

Rakel Ösp Skúladóttir lengst til vinstri með vinkonum sínum Laureen Ósk Jibrayin og Rakel Helgadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR.



Þekktu óvininn

Fartölvan er orðin að staðalbúnaði framhaldsskólanemenda þótt það þurfi ekki alltaf að taka hana með í skólann. Það er nefnilega enn þá gullsgildi að glósa á blað með penna! Já, fornaldarlegt en er hluti af góðri náms-tækni. Tölvan getur nefnilega líka verið freistandi tímabjófur og þar lúrir óvinur allra góðra einkunna og prófa. Netflix.

Hakkaðu framhaldsskólalífið

Skólar byrjuðu flestir í síðustu viku. Flestir nemendur byrja námið af krafti með einbeitingu. Staðráðnir í að mæta vel, glósa og læra heima. Hjá sumum dalar metnaðurinn með hverri vikunni sem líður. Fyrir þá er gott að hafa til þrautavara góð, einföld ráð sem efla dáð.



Vertu á staðnum

Jón Pétur Zimsen, fyrrverandi skóla-stjóri Réttarholts-skóla, var beðinn um að leggja eitt ráð í púkkið og einfaldari og betri verða ráðin ekki. „Mættu, hlustaðu, taktu þátt og vertu raunverulega á staðnum í skólanum. Það er besta ráðið sem ég get gefið hverjum nemanda,“ segir Jón Pétur, sem varar við því að halla sér of mikið af tímabjófum á borð við snjallsíma.



Borðuðu eins og geimfari

Hver kannast ekki við það að leggja gríðarlegan metnað í nestið í upphafi? Þegar líða tekur á skólaárið dalar metnaðurinn og þriggja laga chia-grauturinn mygladur og orðinn að liffræðitilraun í skólatöskunni. Hugsaðu frekar eins og geimfari. Einföld og góð næring sem endist lengi. Þokar með hnetusmjóri sem hægt er að kreista úr eru handhægir. Það má jafnvel kalla þá snilld. Það er hægt að fá þá með súkkulaðibragði!

Strætó er málið

Moka. Skafa. Keyra einn millimetra á mínútu á morgnana og á leið heim úr skóla. Það er ekkert draumalíf að vera á bil. Strætó er vinur þinn og það er hægt að lesa undir próf í strætó. Algerlega vanmetið lífshakk.



Áherslupennar og varasamt Instagram

Laureen Ósk Jibrayel er nýnemi í MH. Hún notar áherslupenna og finnst nauðsynlegt að skrifa niður verkefni og markmið í bók. Hún notar áherslupenna sérstaklega í tungumálanámi. „Mér finnst líka þægilegt að vinna í höpum og þá á bókasafninu. Þar myndast einbeiting sem ég finn ekki heima. Þegar ég læri heima þá er helsti tímabjófurinn Instagram! Ég ætla kannski bara að skoða eina færslu en týnist svo í þessu!“

Nýr Opel

GRANDLAND X

Opel Grandland X rúmgóður sportjeplingur á frábæru verði þar sem þægindi, hátækni og lúxus er staðalbúnaður. Þýsk gæði, þýsk hönnun, þýsk hagkvæmni.

Reynsluaktu Opel og þú gætir unnið Opel Karl til afnota í heilt ár



Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha
Verð: 3.990.000 kr.

Frumskýningartilboð:

3.790.000 kr.

Nýttu þér frábær kjör áður en verð á nýjum bílum hækkar vegna fyrirhugaðra reglugerðabreytinga



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is

Sýningarsalur
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000

Opnunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílaþö
Benna

STÓLA

TAXI

FIMMTUDAGUR TIL MÁNUDAGS
EKKI MISSA AF ÞESSU

Allir stólar á taxfree tilboði*

* Taxfree tilboðið gildir af öllum stólum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

FREE



Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Gildir 23.-27. ágúst 2018

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Nú eru dópistarnir úti um allt og bara á djamminu

Baldvin Z kvikmyndaleikstjóri og ung kona í bata frá fíkniefnaneyslu lýsa ferlinu við gerð kvikmyndarinnar *Lof mér að falla*. Raunverulegar sögur ungra stelpna í neyslu eru uppistaða myndarinnar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is



Það hurfu allir fordómar sem ég var með gagnvart fíklum," segir Baldvin Z, leikstjóri kvikmyndarinnar *Lof mér að falla*, sem verður frumsýnd í byrjun september. Myndin fjallar um vináttu og fíkniefnaneyslu tveggja unglingsstúlkna. Kvikmyndin byggir á raunverulegum atburðum og reynslu stúlkna af hörðum heimi fíkniefna.

Baldvin og Birgir Örn Steinarsson, annar handritshöfundur kvikmyndarinnar, fengu með leyfi aðstandenda að lesa dagbók Kristinar Gerðar Guðmundsdóttur heitinnar. Þeir fengu með lestrinum mikilvæga innsýn í forsögu og afleiðingar fíkniefnaneyslu.

Þá hittu þeir fjórar stúlkur sem voru í neyslu og þær sögðu þeim sögu sína. Ein þeirra hefur nú verið edrú í fimm ár og kemur með Baldvini að hitta blaðamann. Við skulum kalla hana Magneu enda á hún ýmislegt, þó alls ekki allt, sameiginlegt með samnefndri söguhetju kvikmyndarinnar.

Magnea er tilbúin til þess að veita lesendum nokkra innsýn í líf sitt þegar hún leiddist út í harða fíkniefnaneyslu á barnsaldri en vill ekki koma fram undir nafni. Fyrir því eru margar ástæður. Hún er að reyna að byggja upp nýtt líf með fjölskyldu sinni og mennta sig. Hún á gamla vini og félagi sem hún vill ekki tengjast aftur. Hún á líka óvini en í neyslunni gerði hún mörgum óleik. Stal og laug.

Þá hefur það verið erfið og sár reynsla fyrir hana að taka þátt í gerð kvikmyndarinnar. „En að sama skapi gefandi og góð reynsla. Ég vil gefa eitthvað af mér til samfélagsins. Ég vil gera allt sem ég get til þess að sýna ungu fólki hversu skelfilegar afleiðingar fíkniefnaneysla hefur," segir Magnea og segist eins og margir landsmenn hafa fylgst með fréttum af aukinni neyslu ungmenna á fíknilyfjum, auknu aðgengi þeirra að slíkum efnum og dauðsföllum á árinu.

Baldvin og Magnea fá sér sæti á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum og rífa upp fyrstu kynni sín. Sem voru árið 2012.

Magnea: Jóhannes Kr. Kristjánsson hringdi í mig og bað mig um að hitta sig á kaffihúsi. Hann sagði mér að hann væri með verkefni sem honum þætti vænt um að ég tæki þátt í og kynnti þá Baldvín og Birgi til leiks. Ég var ekki alveg öröin edrú þarna og alls ekki í góðu standi. Ég var á áfangameililinu Dyngjunni áður en ég fór í meðferð á Krýsuvík



„Við settum inn auglýsingar og þóttumst vera að selja okkur. En vorum svo með stráka með okkur og réðumst á karlana og rændum þá. Okkur fannst þetta í lagi af því þeir voru hvort sem er ógeðslegir perrar.“ FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



ÞEGAR ÉG VAR Á GÖTUNNI NOTADI ÉG MIKID ALMENNINGSKLÓSETT TIL AÐ SPRAUTA

MIG Á, ÉG HEF LÍKA SPRAUTAÐ MIG INNI Í RUNNA OG ÉG NOTADI OFT Í MEÐFERÐUM.

ÉG HEF LÍKA SPRAUTAÐ MIG MEÐ ÖLLU MÖGULEGU, LÍKA EFNUM SEM MAÐUR Á ALLS

EKKI AÐ NOTA Í ÆÐ. ÉG HEF OFT LENT Á SPÍTALA. VEGNA OFBELDIS SEM ÉG HEF ORÐIÐ

FYRIR, VEGNA SVÆSINNA SÝKINGA OG OF STÓRRA SKAMMTA.

Magnea

sem átti eftir að hafa úrslitaáhrif. Ég man lítið eftir þessum fundi svo ég sé alveg hreinskilin. En ég man að ég mætti.

Baldvin: Allt í einu sá ég hana, pinulítla nitján ára stelpu. Vorum ekki endilega út fyrir að vera eiturlyfjaneytandi. Hún var mjög döpur

þegar við hittum hana. Hafði nýverið misst góðan félagi sinn úr ofneyslu. Hún sagði ekki mikið á þessum fundi.

Við Birgir vorum rétt að hefja vinnu við handritsgerð. Vorum nýbúin að lesa dagbækur Kristinar Gerðar heitinnar sem hafði mikil

áhrif á okkur. Við lesturinn áttuðum við okkur á því að við þyrftum að tengja við samtímann og ræða líka við stelpur sem væru í neyslu í dag.

Jóhannes Kr. Kristjánsson útvegaði okkur þessi sambönd. Þetta voru fjórar ungar stelpur. Ein þeirra er dain í dag, við náðum aldrei góðu

sambandi við hana. En við náðum góðu sambandi við hinar þrjár. Tvær þeirra eru hins vegar fallnar og eru í neyslu í dag. Sú þriðja sem er hér er sú eina sem er edrú.

Þær voru svo óeigingjarnar á sjálfa sig, létu allt flakka við okkur. Virkilega erfiðar sögur. Eftir viðtölin við þær var ég lengi aumur á eftir. Þær voru svo ungar, bara börn eiginlega og búnað að ganga í gegnum svo hræðilega hluti. Þær hafa mikil áhrif á söguna, þessar þrjár stelpur.

Hver er þín saga? Hvenær byrjaði þú í neyslu?

Magnea: Ég byrjaði mjög ung að fíkla við að drekka afengi en hætti því fljótt. Ég var um fjórtán ára gömul þegar ég byrjaði að reykja hass og svo byrjar maður að prófa ýmislegt út frá því, amfetamín til dæmis. Ég var komin í ritalín og contalgin þegar ég var sextán ára gömul og notaði róandi lyf með. Þegar maður er komin þangað í neyslunni þá langar mann ekki í neitt annað. Við vorum til að byrja með mikið heima hjá vini mínum. Mamma hans var fíkill og í neyslu og leyfði okkur að nota þar. Annars var ég bara með þeim sem hentaði og vildu taka þátt í því sem við vorum að gera. Þetta var svona litill heimur eiginlega.

Ég veit í rauninni ekki hvað varð til þess að ég byrjaði í neyslu. Mér gekk vel í skóla. En ég fór að hanga með krökkum úr öðrum skóla, svo með eldri krökkum úr menntaskóla. Mér fannst þetta spennandi. Ég fann fyrir einhverri frelsistilfinningu sem tengdist þessari spennu. Eitt leiddi af öðru og þetta gerðist svo fljótt.

Ég á rosalega góða fjölskyldu og það er ekkert þar sem leiddi til þess að ég fór í neyslu. Þau reyndu allt til að stöðva mig. Ég var send í neyðarvistun á Stuðla, í ótal meðferðir. Þau reyndu að senda mig út á land. Úr landi. Þau reyndu bókstaflega allt sem þau gátu. En þetta var bara svo sterkt. Svo fánalega sterkt.

Baldvin: En má ég spyrja þig, hefðu þau getað gripið inn í fyrr?

Magnea: Nei, vegna þess að ég var svo ung. Það grunaði engan hvað var í gangi og svo var þetta svo fljótt að rulla. Þetta varð bara lífið mitt. Það verður til þessi heimur. Maður verður bara hluti af honum og allt í einu er ekkert annað valkostur. Ekkert annað til. Ég fór kannski í meðferð en hittu svo þetta fólk aftur og féll strax.

Ég var 17 ára þegar ég sprautaði mig fyrst, þá með amfetamíni. Ég hafði oft áður hangió með fólki sem var eldra en ég sem var að sprautu sig en þá var ég ekki byrjuð á því sjálf en fannst eitthvað við það spennandi, að sjá þau í rushinu. Það er svo miklu sterkara að sprautu sig en að taka í nefði því það kikkar allt inn í einu inn.

Ég man eftir því þegar ég var sem verst og maður átti ekkert, þá fór maður í gegnum gömul stauplög og tappa, reyndi að blanda það upp og sprautaði sig svo með því, þó svo að maður vissi að það væri ekki nóg til í því til að finna neitt og maður vissi að maður gæti orðið veikur af því, þetta var sjúkleg þráhyggja.

Þegar ég var á götunni notaði ég mikið almenningsklósett til að sprautu mig á, ég hef líka sprautað mig inni í runna og ég notaði oft í meðferðum. Ég hef líka sprautað mig með öllu mögulegu, líka efnun sem maður á alls ekki að nota í æð.

Ég hef oft lent á spítala. Vegna ofbeldis sem ég hef orðið fyrir, vegna svæsinna sýkinga og of stórra skammta. Ég tók áhættuna á að sprautu mig með HIV-sjúkum og fólki smituðu af lífrarbólgu C því ég

bara „varð“ að fá. Ég slapp sem betur fer við HIV en náði mér í lífrarbolgu C. Sem betur fer er til meðferð við henni og ég er laus við hana í dag.

Ég hef alltaf átt eina vinkonu sem var aldrei í neyslu og stóð svona til hlíðar. Hún reyndi líka allt. Það var ekkert hægt, ég var bara ákveðin í að fara þessa leið. Það er ótrúlegt en satt að við erum bestu vinkonur í dag. Hún bara beið eftir mér allan þennan tíma. Mér þykir svo óendanlega vænt um það.

En hvernig fékkstu efnin?

Magnea: Fyrst var það alltaf í gegnum þessa eldri stráka. Þeir kynntu mann fyrir þeim sem var að selja Svo fékk maður númerið hjá þeim. Þegar maður var kominn í harðari neyslu, þá fór maður heim til fólksins og þurfti að kynnast því, fá það til að treysta. Þeir sem eru að selja eru þá orðnir svo paranoid og veikir. Það mátti ekki hver sem er kaupa.

Í kvikmyndinni eru sýnd atriði þar sem vinkonurnar brjótast inn og beita ofbeldi til að verða sér úti um peninga. Hvernig fjármagnaðir þú neysluna? eru þetta raunveruleg atriði úr lífi þínu?

Magnea: Ég varð mér úti um peninga eftir öllum mögulegum leiðum. Ég gerði allt mögulegt og hugsanlegt. Ég rændi, braust inn og seldi allar eigur mínar. Við settum inn auglýsingar og þóttumst vera að selja okkur. En vorum svo með stráka með okkur og réðumst á karlana og rændum þá. Okkur fannst þetta í lagi af því þeir voru hvort sem er ógeðslegir perrar. VonDIR menn. Og þess vegna var allt í lagi að lemja þá.

Baldvin, hvað kom til að þú langaði að kynnast þessum heimi sem hún talar um?

Baldvin: Árið 2011 stóð til að ég ynni forvarnarverkefni. Ég átti að vinna með Ragnhildi Steinunni og sýna hvað hefði orðið úr hennar lífi hefði hún tekið rangar ákvarðanir. Hvaða afleiðingar það hefði haft. Mér fannst þetta áhugavert og fór að kynna mér þennan heim. Ég ræddi þetta við Kristínu Júlíu, sem var að vinna með mér á setti í kvikmynd Reynis Lyngdal, Frost. Hún sagði mér frá Kristínu Gerði. Hennar sögu. Það varð kveikjan að þessari kvikmynd. Ég var fljót ákveðin í því að vilja sýna heim stúlkna og kvenna. Hann er gjörólíkur heimi karla. Konur verða fyrir skelfilegu ofbeldi. Karlar nýta sér bága stöðu þeirra. Af hverju gera strákar og karlar þetta? Í grunninn er vændi borguð nauðgun. Þegar þú borgar fyrir nauðgun þá færðu leyfi til að gera það sem þú vilt. Afleiðingar þessa ofbeldis eru mörgum þeirra sem komast úr fíkninni svo alvarlegar að þær geta ekki lifað með þeim. Ég vildi sýna hversu sjúkur heimur þetta er. Hversu varnarlausar þessar ungu stúlkur eru.

Í kvikmyndinni eru líka skelfileg atriði. Nauðganir, dauðsföll og ofbeldi. Attaðir þú þig á því hversu hættulegum aðstæðum þú varst í?

Magnea: Maður gerir sér enga grein fyrir því hvað maður er í mikilli hættu þegar maður er þarna. Það eru margir fyrirverandi neyslufélagar mínir dánir. Og enn fleiri sem eiga líta von. Það eru tvær stelpur sem ég þekki sem eru edru en hinir eru í neyslu eða dánir. Og svo er það allt það sem fólk hefur lent í og burðast svo með í gegnum lífið. Kynferðislegt ofbeldi er mjög algengt í þessum heimi, ég held í alvöru að ég þekki enga stelpu sem hefur verið svona langt leidd sem hefur ekki lent í neinu þannig. Ég hef lent í því nokkrum sinnum, það er einmitt atriði í myndinni sem er byggt á einu sem ég upplifði.

Hvernig varðstu svo edru?

Magnea: Ég á margar meðferðir að baki. En eftir að góður félagi minn dó úr ofneyslu þá gerðist eitthvað. Ég var lögð inn á spítala, sett á lyfjakúr til að ná mér niður. Ég varð heimilislaus. Ég fór að nota aftur af því ég þekkti ekki aðra leið til að glíma við vanlíðanina. Það var oft þannig. Ég endaði í meðferð þegar ég var ráðalaus og allslaus. En þarna gerðist eitthvað. Ég var tilbúin.

Þú hafir væntanlega bæði fylgst



Leikstjórnir Baldvin Z með aðalleikkonum myndarinnar, Elinu Sif Halldórsdóttur, sem leikur Magneu, og Eyrúnu Björk Jakobsdóttur, sem leikur Stellu.



ÞAD ER ENN ÞÁ VERIÐ AÐ

NÁLGAST MIG Á FACEBOOK

OG SPYRJA MIG HVORT ÉG

EIGI EITTHVAÐ.

Magnea

með fréttum, dauðsföllum sem hafa orðið á árinu vegna neyslu eitrylfa og svo vaxandi neyslu á fíknlyfjum.

Magnea: Mér finnst þetta svo skelfilegt því ég veit hvað þetta þýðir. Þetta er ekki lengur litill og afmarkaður hópur sem er að nota hættuleg lyf. Það eru miklu fleiri sem eru í hættu á að leiðast út í harða fíknin-

efnaneyslu með þessum ómurlegu afleiðingum. Mér finnst allt í einu að ungu fólk finnst svona neysla léttvæg. Nú eru dópistarnir úti um allt og bara á djammnu. Það komast líka bara allir í þetta. Svo er bara ekkert mál að verða sér úti um efnin.

Baldvin: Ég er búinn að vera að reyna að átta mig á því hvað hefur gerst. Það er uppgangur í samfélaginu, allt verður svo ýkt. Ég sé samnefnara þarna á milli. Svo er bara líka eitthvað að hjá okkur. Okkur vantar eitthvað í kerfið okkar, lausnin liggur ekki bara í því að setja krakka í meðferð. Við þurfum að hafa miklu öfl-ugri úrræði og eftirfylgni. Það tekur lítið við eftir meðferð fyrir þessa krakka. Og svo spyr maður sig hvort það sé hægt að gripa fyrir inn í. Það þarf miklu brenni úrræði og sögur þeirra sem ná að lifa góðu lífi eftir að hafa leiðst út í neyslu eru alltof fáar.

Ég hef verið að vinna með afar hæfileikaríkri konu í fyrri verkefnum mínum. En hún féll við vinnslu á kvikmyndinni og fór í mikla og harða neyslu. Mér þykir ótrúlega vænt um þessa manneskju og við höfum rætt um það hversu kaldhæðnislegt það er að hún hafi fallið við vinnslu þess- arar myndar en hún hafði verið edru í langan tíma. Fíknin spyr ekki um hæfileika. Í þessi ár sem ég hef unnið að kvikmyndinni hef ég losnað við alla fordóma sem ég var áður með gagnvart fíklum. Ef ég sé fólk sem er í neyslu úti á götu þá finn ég oft fyrir þörf til að stöðva og ræða við það. Er eitthvað sem ég get gert? Staðreyndin er sú að það ætlar sér enginn að verða fíkill. Þetta er ekki svart og hvitt. Flestar stelpurnar sem við ræddum við eru frá góðum heimilum. Við verðum að fara að hugsa þetta dýpra.

En hvað gerir þú þegar þú rekst á gamla neyslufélaga eða fólk úr fortíðinni?

Magnea: Ég leiði það hjá mér. Það er nauðsynlegt að lita ekki um óxl. Ég hef brennt mig á því að eiga í samskiptum við fólk úr fortíðinni en þá lendir maður bara í þessari lúppu og samskiptum. Það er betra að klippa á þetta. Það er enn þá verið að nálgast mig á Facebook og spyrja mig hvort ég eigi eitthvað þótt ég sé búin að vera edru síðan í ársbyrjun 2013. Areitio er svo mikið og það er örugglega enn þá meira í dag hjá fólkum sem er í neyslu.

Ég hef átt gott líf. Ég er ekki að fara aftur til þess lífs sem ég lifði. Ég sé það ekki gerast aftur. Mér finnst skýrtíð að hugsa til þess að ég hafi gengið í gegnum þetta allt saman. Mér finnst þegar ég er að segja frá að ég sé að segja einhverja sögu. Eins og þetta hafi gerst í öðru lífi eða einhverjum hlíðarheimi.

Baldvin: Frásögn stúlkanna er

sterkari en nokkur skáldskapur. Við hefðum ekki haft hugmyndaflug til þess að skrifa handritið án þeirra. Í 95 prósentum af myndinni er eitthvað sem hefur raunverulega gerst í einhverju formi þótt sagan sé skálduð sem slík. Í kvikmyndinni eru atburðir sem hafa raunverulega gerst, alvarlegir hlutir sem við höfum unnið að í samráði við aðstandendur.

Þarna eru líka sögur fólks sem ég veit að fólk úr þessum heimi á eftir að kannast við. Vita um hvern ræðir og svo framvegis. Við hittum líka stráka sem ég held að sé enn á lífi. Hann á langa neyslusögu að baki og við gerum hans sögu einhver skil. Við bjuggumst ekki við því að hann yrði á lífi þegar myndin kæmi út. En hann er það og er enn að nota. Það eru margir sem við kynntumst við gerð myndarinnar sem eru dánir. Það er sláandi staðreynd.

Magnea: Hræðsluáröður virkar ef hann nær til krakka nógu snemma. Áður en þeir hafa prófað sjálfir, því ef þeir hafa prófað einu sinni og ekkert gerist þá er minna mál að prófa aftur. Þannig hugsaði ég að minnsta kosti.

Og það er ekki endilega dauðinn sem hræðir. Xanax-faraldurinn hefur fengið að geisa of lengi án þess að nokkur skipti sér af. Hvar er lögan? Mér finnst ég ekki verða vör við að hún sé að gera neitt sem skiptir máli.

Baldvin: Rétt sem þú segir um dauðann. Hann virðist ekki hræða. Fólk hugsar: Æi, maður getur dáði úr hverju sem er. En það eru aðrir hlutir sem geta fælt frá.

Magnea: Spennan sem fylgir því að gera eitthvað sem er bannað. Sem er í þessum framandi heimi. Það er erfiðt að vinna gegn henni. En það er alveg örugglega hægt. Ég er samfærð um að þessi kvikmynd mun hafa forvarnargildi. Þetta er ógeðslegur heimur.

Bjarmaland ferðaskrifstofa

<div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.2em;">HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.1em;">6. - 21. október 2018</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em;">Vítetnam og Kámbodía</div>  <div style="background-color: #008000; color: white; border-radius: 50%; width: 40px; height: 40px; display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin: 10px auto;"> 598 000 kr. </div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em;">Saga og menning + sólarströnd</div>	<div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.2em;">INDLAND Í FEBRÚAR</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.1em;">2. - 17. febrúar 2019</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em;">Gullni prífyrningurinn og strandir GOA</div>  <div style="background-color: #008000; color: white; border-radius: 50%; width: 40px; height: 40px; display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin: 10px auto;"> 359 000 kr. </div>
<div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.2em;">RÚSSNESK VETRARHÁTÍÐ</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.1em;">4. - 8. janúar 2019</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em;">Moskva</div>  <div style="background-color: #008000; color: white; border-radius: 50%; width: 40px; height: 40px; display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin: 10px auto;"> 166 300 kr. </div>	<div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.2em;">SILKILEIÐIN MIKLA</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 1.1em;">18. apríl - 2. maí 2019</div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em;">Mið-Asía Úsbekistan og Túrkménistan</div>  <div style="background-color: #008000; color: white; border-radius: 50%; width: 40px; height: 40px; display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin: 10px auto;"> 488 000 kr. </div> <div style="background-color: #008000; color: white; padding: 5px; font-weight: bold; font-size: 0.9em; margin-top: 5px;">1001 nótt</div>

Frábærar ferðir - margt gert og skoðað, allt innifalið
 Íslensk fararstjórn + staðarleiðsögumenn

www.bjarmaland.is sími 770 50 60
 bjarmaland@bjarmaland.is




Ingvi Þór
Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is



Fyrir ári voru ekki margir sem kunnu deili á Hauki Þrastarsyni, fyrir utan sveitunga hans á Selfossi og eldheita handboltaáhugamenn. Nú er staðan önnur. Haukur kom nánast fullskapaður inn í lið Selfyssinga á síðasta tímabili og var einn besti leikmaður Olis-deildarinnar. Selfoss komst í undanúrslit Íslandsmótsins og bikarkeppninnar og Haukur var valinn efnilegasti leikmaður Olis-deildarinnar á lokahófi HSÍ. Hann lék sína fyrstu A-landsleiki í apríl, rétt fyrir 17 ára afmælið. Og enn ein rósin í hnappgat Hauks bætist við á EM U-18 ára í Króatíu sem lauk um síðustu helgi. Ísland vann til silfurverðlauna á mótinu og Haukur var valinn besti leikmaður þess.

„Markmiðið var að vera á meðal átta efstu liða og tryggja okkur þannig inn á tvö næstu mót. Við vissum alveg hvað við gætum,“ segir Haukur þegar blaðamaður Fréttablaðsins sest niður með honum og fjölskyldu hans í eldhúsinu á heimili þeirra á Selfossi.

Það er óhætt að segja að það snúist allt um handbolta hjá fjölskyldunni. Haukur er yngstur fjögurra systkina. Elstur er Örn sem er að hefja sitt annað tímabil sem þjálfari kvennaliðs Selfoss. Næst kemur Hrafnhildur Hanna sem hefur verið einn besti leikmaður Olis-deildarinnar undanfarin ár, tveggis orðið markadrotning hennar og leikið með A-landsliðinu. Næstingst er svo Hulda Dis sem leikur einnig með Selfossi og á leiki að baki fyrir yngri landslið Íslands.

Ekki nóg með það heldur er kærasta Arnar, Perla Ruth Albertsdóttir, lykilleikmaður í liði Selfoss og landsliðskona. Og kærasta Hauks, Agnes Sigurðardóttir, leikur líka með Selfossi.

Alin upp í sundlauginni

„Það veitir okkur mikla ánægju að fylgjast með þeim. Það er mikilvægt fyrir krakka að hafa góðan stuðning heiman frá. Það minnkar brottfall úr íþróttum,“ segir móðirin Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir. Hún keppti í sundi á árum áður og hefur kennt ungbarناسund á Selfossi í tæp 30 ár.

„Þau eru uppalin í sundlauginni. Það er aðalstaðurinn. Haukur var sex vikna þegar hann byrjaði í ungbarناسundi. Það var sund á hverjum degi, markviss hreyfipjálfun,“ segir Guðbjörg.

Hún og eiginmaður hennar, Þróstur Ingvarsson, voru í Varazdín í Króatíu á meðan á Evrópumótinu stóð og fylgdu með syni sínum og liðsfelögum hans komast alla leið í úrslit.

Ísland vann alla leiki sína í riðlakeppninni og tryggði sér svo sæti í undanúrslitum með sigri á Þýskalandi, 22-25, í fyrri leik sínum í milli-riðli. Lykilmenn fengu hvíld í seinni leiknum í milli-riðli þar sem Ísland-ingar töpuðu 27-33 fyrir Spánverjum. Það kom sér vel í undanúrslitunum þar sem Ísland vann heimalið Króatíu með fjögurra marka mun, 30-26. Haukur skoraði tíu mörk í leiknum.

Í úrslitaleiknum mætti Ísland Svíþjóð. Liðin mættust í riðlakeppninni þar sem Ísland fóru með sigur af hölmum, 24-29. Svíar náðu hins vegar fram hefndum í úrslitaleiknum. Þeir byrjuðu miklu betur og komust í 8-2. Ísland-ingar söttu smám saman í sig veðrið og jöfnuðu fyrir hálfleik. Jafnt var á öllum tölum framan af seinni hálfleik en þegar um 20 mínútur voru eftir tóku Svíar fram úr og unnu á endanum fimm marka sigur, 32-27. Árangur íslenska liðsins var samt sem áður frábær og lofar góðu fyrir frammhaldið. Haukur er samt ekki viss hvort árangurinn var framar vonum.

Erum með topplið

„Ætli það ekki? Þetta var okkar fyrsta stórmót og árangurinn var frábær. En við erum með topplið í þessum árgangi og það er raunhæft að við séum í toppsætunum



Haukur Þrastarson lék með íslenska A-landsliðinu í handbolta áður en hann fékk bílfrófið. FRÉTTABLAÐID/EYVÓR

Stefnir á toppinn með hjálp fjölskyldunnar

Ísland-ingar eignuðust nýtt silfurlíð um síðustu helgi þegar karlalandsliðið í handbolta endaði í 2. sæti á EM U-18 ára. Ísland átti besta leikmann mótsins; Hauk Þrastarson. Hann kemur úr mikilli handboltafjölskyldu á Selfossi.



Handboltafjölskyldan (frá vinstri): Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir, Hulda Dis Þrastardóttir, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Örn Þrastarson, Perla Ruth Albertsdóttir, Agnes Sigurðardóttir, Haukur Þrastarson, Þróstur Ingvarsson.

á þessum mótum,“ segir Haukur. „Þetta gekk vel og liðið spilaði frábærlega. Það var lykllíkn að þessu. Það spiluðu allir vel á mótinu, nema kannski í úrslitaleiknum.“

Ágætis bónus

Haukur segist lítið hafa leitt hugann að því hvort hann yrði valinn besti leikmaður mótsins. „Ég var ekkert að spá í það. Þetta var bara ágætis bónus,“ segir hann afar högværi Haukur.

Frammistaða hans undanfarið ár hefur vakið athygli út fyrir landssteinana og stóru liðin í Evrópu hafa sýnt honum áhuga. Haukur er búinn að fá sér umboðsmann, Arnar Frey Theodorsson, sem er með kanónur eins og Aron Pálmarsson og Sander Sagosen á sínum snærum.



DRAMURINN ER AÐ KOMAST Í ÞESSA TOPP KLÚBBA

Í STÆRSTU DEILDUNUM.

VONANDI KEMST MAÐUR

ÞANGAD.

„Ég spái ekki mikið í þetta,“ segir Haukur um áhugann að utan. „Ég fæ að vita af því sem er í gangi en spái ekki meira í það. Ég stressa mig ekkert á þessu. Ég verð hérna, allavega á næsta tímabili. Umboðsmaðurinn minn sér um öll þessi mál. Ég fæ fríð fyrir þessu. Hann kann þetta allt og ég er ánægður með að hann hjálpi mér í þessu.“

Draumur að fara á HM

Eins og áður sagði lék Haukur sína fyrstu leiki fyrir A-landsliðið fyrir á þessu ári. Hann leyfir sér að dreyma um að fara með á HM í byrjun næsta árs en veit jafnframt að tíminn er með honum í liði.

„Það væri draumur að komast á HM. En ég geri bara mitt besta hérna á Selfossi og svo kemur það í ljós,“ segir Haukur. En hvert stefnir hann og hversu langt getur hann komist í handboltanum?

„Vonandi alla leið. Draumurinn er að komast í þessa topp klúbbna í stærstu deildunum. Vonandi kemst maður þangað,“ segir Haukur.

Selfoss hefur framleitt handbolta-menn og -konur á færibandi undanfarin ár. Sú breyting hefur hins vegar orðið að Selfyssingar eru farnir að halda sínum leikmönnum lengur hjá felaginu. Í karlalíðinu, sem var í baráttu um alla titla á síðasta tímabili, voru allir nema einn aldri upp hjá Selfossi.

„Menn lögðu sig fram um það að halda leikmönnum og búa til umgjörð til að halda þeim. Það skiptir miklu fyrir þessa krakka að fá þessa umgjörð því þau fá endalaust af tilboðum frá stóru liðunum,“ segir Guðbjörg.

Yngriflokkastarfið tekið í gegn

Barna- og unglíngastarfið í handboltanum á Selfossi er afar öflugt og metnaðurinn þar er mikill. Síðustu tólf ár hefur handboltaakademía verið starfrækt í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands.

„Fyrir um 15 árum var byrjað alveg frá byrjun og yngriflokkastarfið tekið í gegn. Stefnan er að vera með eins færa þjálfara og unnt er. Þeir vinna allir eftir sömu stefnu. Frá 2006 kom handboltaakademían inn í þetta í samstarfi við FSU. Það bjó til tengingu milli yngri flokkanna og meistara-flokkanna,“ segir Örn. Auk þess að þjálfara meistara-flokk kvenna er hann þjálfari í akademíunni ásamt Patreki Jóhannessyni, þjálfara meistara-flokk karla. Örn á heilmikið í árangri Hauks bróður síns en hann þjálfaði hann í mörg ár.

„Ég þjálfaði frá yngri ári í 6. flokki og þar til ég skilaði honum til Patreks í fyrra,“ segir Örn.

Ætla alla leið í vetur

Spennandi tímar eru fram undan hjá Selfossi. Eftir viku mætir karlalíðið Klaipeda Dragunas frá Litháen í 1. umferð EHF-bikarsins. Þetta er fyrsti Evrópuleikur Selfyssinga síðan 1994. Keppni í Olis-deildinni hefst svo um miðjan september. Haukur og félagar ætla að fara lengra í vetur en þeir gerðu í fyrra.

„Klárlega. Við vorum grátlega nærri því að vinna allar keppnir á síðasta tímabili og við erum ákveðnir í að fara alla leið núna,“ segir Haukur.

HAUST ÚTSALA FJALLAKOFANS

25. ágúst - 5. september

20-70% AFSLÁTTUR

Gæða útivistarvörur frá **Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Helsport** og fleirum.
BH reiðhjól og hjólafatnaður á frábæru útsöluverði!

Arc'teryx
hlífðar- og
dúmfatnaður

20-40%
afsláttur

Marmot
fatnaður, bakpokar
og tjöld

20-50%
afsláttur

Löffler
hjóla- og
nærfatnaður

20-30%
afsláttur

BH
reiðhjól og
hjólafatnaður

20-50%
afsláttur

Scarpa
skór

20-50%
afsláttur

Helsport
tjöld, bak- og
svefnpokar

20-50%
afsláttur

Afgreiðslutími um helgina:	laugardagur	sunnudagur
Reykjavíkurvegur 64	12-18	lokað
Laugavegur 11	10-18	12-18
Kringlan 7	10-18	12-18

**FJALLA
KOFINN**

Marmot

SCARPA

Smartwool
Go for Feel good

PETZL

ARCTERYX

Löffler

www.reykjavik.is/styrkir



Styrkir Reykjavíkurborgar

Reykjavík City grants
Granty Miasta Reykjavík



Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2019. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroðun borgaryfirvalda. Styrkir eru veittir til verkefna á sviði eftirlitanna málaflókka:

- félags- og velferðarmála
- skóla- og frístundamála
- íþróttá- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Vakin er athygli á því að við afgreiðslu styrksókna er horft sérstaklega til þess hversu vel umsóknir falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlun. Á www.reykjavik.is/styrkir er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflókum. Umsóknartímabil er frá 1. september nk. til kl 12:00 á hádegi 1. október nk.

The City of Reykjavik is currently accepting grant applications for the 2019 fiscal year. The goal of the grants is to strengthen and create cooperation with NGO's, businesses and individuals in constructive activities and services in accordance with the city's policies and priorities. Grants will be awarded for projects in the following fields:

- social and welfare affairs
- education and leisure
- sports and youth
- human rights
- culture

Be advised that applications are reviewed with regard to the city's human rights policy and gendered budgeting. To apply go to: www.reykjavik.is/styrkir
Also available on the website is information on grant rules and regulations and information about the city's priorities in the various areas of interest.
The application window will be open from September 1st 2018 until 12:00 pm on October 1st 2018.

Frekari upplýsingar: styrkir@reykjavik.is
More information: styrkir@reykjavik.is
Więcej informacji: styrkir@reykjavik.is



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Segist talsmaður barna í ráðuneytinu

Jón Pétur Zimsen, fyrrverandi skólustjóri Réttarholtsskóla, er nýráðinn aðstoðarmaður Lilju Alfæðsdóttur, menningar- og menntamálaráðherra. Hann vill tryggja lágmarksþekkingu barna eftir tíu ára skólagöngu.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Jón Pétur sagði upp starfi sínu sem skólustjóri Réttarholtsskóla í vor og sagði við það tækifæri að menntastefna Reykjavíkurborgar væri í raun bara endurómur úr aðalnámskránni, námskrá sem er að mörgu leyti góð en var því miður innleidd í skótulíki.

Það þyrfti að vinna miklu betur nemendum til hagsbóta og hafa námskrána þannig að skólafólk, foreldrar og nemendur ættu auðveldara með að vinna eftir henni. Sérstaklega minnti hann á að þekking væri hálf hornreka í námskránni og menntastefnu borgarinnar. Það væri í raun og veru takmörkuð trygging fyrir því að nemendur öðluðust ákveðna grunnþekkingu í grunnskóla. En það að öllum nemendum sé tryggð ákveðin grunnþekking auki líkurnar á því að þeir geti verið virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Það jafni líka tækifæri nemenda til lífsgeða en skólinn eigi einmitt að stuðla að jöfnun tækifæra. Hugtakið hefur reyndar verið fundinn staður í menntastefnu borgarinnar síðan.

Hann gagnrýndi einnig hversu litlið eftirlit væri haft með skólastarfi. Yfirvöld firrtu sig ábyrgð, það væri alvarlegt þar sem rúm 20 prósent nemenda gætu ekki lesið sér til gagns sem skapaði aftur ógn við lýðræðið. „Ef þú getur ekki lesið, hlustað eða horft þér til gagns þá eiga falsfréttir og lýðskrum mun greiðari leið að þér og ýmis hagsmunaaöfl geta snúið á lýðræðið. Þú verður síður hæfver til að gagnrýna og skapa.“

Ég gagnrýndi aðallega hvernig unnið var að menntastefnu Reykjavíkurborgar og þá fannst mér hæfnipendúllinn farinn svolitíð hátt. Mér finnst menn hafa misst fókus á það að þekkingin er undirstaða hæfni,“ segir Jón Pétur.

„Lilja bauð mér í heimsókn hingað í ráðuneytið til að ræða málin, við áttum nokkra fundi og ræddum menntamál og hún bauð mér að slást í lið með sér sem ég þáði. Ég hef aldrei tekið þátt í neinu flokksstarfi eða verið skráður í stjórnmálaflökk,“ segir hann. „En stjórnmálin eru vettvangur þar sem mögulega er hægt að breyta einhverju.“

Naut hylli nemenda

Jón Pétur starfaði við Réttarholtsskóla frá árinu 1998. Hann kenndi fyrst náttúrufræði við skólann, gegndi seinna stöðu aðstoðarskólustjóra í sjö ár og þá stöðu skólustjóra síðustu þrjú ár á miklum umbrotatíma í starfi grunnskóla landsins.

Jón Pétur stundaði nám rétt fyrir síðustu aldamót í Kennaraháskól-

anum. Hann naut leiðsagnar Valdimars Helgasonar í æfingakennslu í náttúrufræði og réð sig svo til starfa sem kennari í faginu í Réttarholtsskóla. Hann segist hafa kvatt skólann sáttur.

„Mér fannst ég hafa komið góðu til leiðar og innleitt námskrána eins og hægt var. Það tók á að innleiða hana og breytingar á námsmati. En í vor var sú vinna að mestu leyti komin en þetta er samt í raun eitthvað sem stóðugt þarf að vinna með. Ég var búinn að hugleiða að snúa mér að öðru fyrir fimmtugt. Þarna var rétti tímamunkturinn. Ég ræddi það við fjölskylduna og tók svo þetta skref og stökk svolitíð út í óvissuna. Ég sakna Réttó, það er ekkert skrytið við það því ég starfaði þar í 20 ár. En öll svona vinna er ekki verk eins manns heldur er það allt skólasamfélagið sem tekur þátt og vinnur saman að góðum verkum,“ segir Jón Pétur.

Verða að vera gagnrýnin

Eitt af því sem hefur því miður borið á í íslensku skólastarfi er mikið brottfall nemenda í framhaldsskólum landsins. Brottfallið vilja margir rekja til ónógs undirbúnings í grunnskóla.

„Ég held að sumum liði ekki nógu vel og vanti ákveðinn grunn. Það er ákveðnar vísbendingar um að les- og hugtakaskilningur sé ekki nægur og fari mögulega hrakandi. Þá eiga ungmenni erfitt með að lesa og skilja. Þau geta síður skilið rétt frá röngu. Geta ekki gagnrýnt, hafa ekki til þess nægilega sterkan þekkingargrunn. Ég segi stundum við krakkana að þau megi ekki láta plata sig, að þau verði að geta skilið kjarnann frá hisminu,“ segir Jón Pétur um þá hvatningu og stuðning sem börn og ungmenni þurfa á að halda til þess að lesa og bæta leskilning sinn.

„Þau geta þetta ekki óstudd. Þess vegna hef ég talað um að það séu ekki bara börn sem búa að góðum stuðningi foreldra sem kljúfi sig frá hópnum og verði farsælir nemendur sem gangi óslitna skólagöngu. Að allir hafi sömu tækifæri er mitt hjartans mál. Skólinn á að vera jöfnunartæki. Þegar börn útskrifast eftir 10 ára skólagöngu þá eiga þau að hafa fengið úthlutað ákveðnum grunnæðum, gæðum sem nýstast þeim í framhaldinu. Það er skylda okkar sem samfélags.“

Ég vil að námskráin okkar sé þetta jöfnunartæki. Sem bæði kennarar, foreldrar og nemendur eiga auðvelt með að nýta sér. Námskráin er ágæt, það er margt gott í henni en það hefði þurft að fylgja betur eftir markmiðum hennar og svo þarf að endurskoða ýmsa hluti. Svo sem þá grunnþekkingu sem þarf að vera til staðar hjá hverju barni að lokinni skólagöngu. Svo það séu minni líkur á því að það mæti í framhalds-

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T



Gefum við sex ára barni snjallsíma? Spyr Jón Pétur sem telur að óhófleg snjallsímanotkun skerði lífsgæði fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

skólann með ótryggn grunn, lítinn lesskílning. Þá er svo auðvelt að flýja og fara að skröpa og verða tölfræði í brottfalli,"segir hann.

Hugarfarsbreyting er líka nauðsynleg til að ná árangri. Þar spilar margt inn í að mati Jóns Péturs. „Nám er vinna. Það þarf að hafa fyrir því og það fær enginn eitthvað án

þess að leggja á sig. Þeir nemendur sem koma í skólann og búa að því að það er talað við þau við matarborðið, lesið fyrir þau og aðgangi þeirra að snjalltækjum stýrt, koma betur undirbúin í skólann. Mæta sterkari til leiks. Þess vegna segi ég að samfélagið allt þurfi að taka þátt og huga að þessum málum.“

Flugeldasýningin

Um notkun snjallsíma segir Jón Pétur að hana þurfi að beisla. Óhófleg snjallsímanotkun skerði lífsgæði þeirra sem eiga í hlut.

„Það er vaxandi vandi hversu sum börn, unglingar og fullorðnir líka eru háð snjallsímunum. Krakkar mæta með þá í skólann. Þótt hljóði sé tekið


af vibrar síminn stöðugt. Ég gerði nokkrum sinnum könnun á þessu og nemendur voru að fá 10-20 skilaboð í einni kennslustund. Þetta er mjög truflandi. Þess vegna eiga skólarnir að sjá um þau snjalltæki sem eru notuð í skólunum. En gefum við sex ára barni snjallsíma? Ég held það sé ekki ráðlegt. Maður skilur alveg hvað



ÉG SEGI STUNDUM VIÐ KRAKKANA AÐ ÞAU MEGI EKKI LÁTA PLATA SIG, AÐ ÞAU VERÐI AÐ GETA SKILIÐ KJARNANN FRÁ HISMINU.

það er auðvelt að setja litlu flugeldasýninguna í hendur barnanna. Fólk er þreytt og snjalltækin eru mikið notuð sem afþreying fyrir krakkana. Snjalltækin eru alls staðar. Þau eru kraftmikil, þessi tæki, en það þarf að beisla kraftinn. Eldurinn er góður þegar við notum hann rétt en hann getur brennt við óæskilega notkun, það sama á við um snjalltækin. Við verðum að stýra notkun barnanna okkar á þessum tækjum. Notkun barna á snjallsímunum getur skert lífsgæði þeirra. Mörg þeirra hafa ekki þroska til að takast á við samskipti og samannburð á samfélagsmiðlum, þar sem þau fá alls kyns högg og höfnun sem veldur líklega auknum kvíða og þunglyndi. Þau þurfa á félagslegum þroska að halda," segir Jón Pétur.

„Mikil notkun þessara tækja er umhugsunarverð. Ég er talsmaður barnanna og þau eiga þetta ekki skilið. Við bara verðum stundum að hafa vit fyrir þeim og okkur sjálfum," segir hann og minnir á að þrátt fyrir það að Íslendingar vilji betra skóla-kerfi og meiri árangur barna þá sé velliðan þeirra mikilvægust. En auðvitað haldast velliðan og námsárangur oftast í hendur.



Megi raforkan vera með þér.

e-Golf á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Volkswagen e-Golf dregur allt að 300 km* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með hreyfistýrðu upplýsinga- og afþreyingarkerfi. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða leita að honum á bílastæðinu. Komdu og finndu kraftinn í þessum magnaða bíl sem gengur 100% fyrir rafmagn.

Við látum framtíðina rætast.

*Skv. NEDC staðlinum. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála, þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Verð frá
4.250.000 kr.



Volkswagen

LÍFIÐ ER Á FRETТАBLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku
menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á frettabladid.is/lifid



Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Framtíð Donalds Trump í embætti er óljós. Ekki þykir líklegt að sérstakur saksóknari ákæri hann en möguleiki er á því að þingið ákæri forsetann til embættismissis. NORDICPHOTOS/AFP

Hvað tekur við hjá forsetanum?

Trump gæti náðað Manafort. Ekki búist við náðun Cohens. Ólíklegt þykir að Mueller ákæri Trump en óljóst hvort þingið geri það.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgn@frettabladid.is



Surningar eru nú uppi í Bandaríkjunum um hvaða þýðingu atburðir vikunnar hafi fyrir Donald Trump forseta. Er einkum spurt um hvort forsetinn muni náða þá Paul Manafort og Michael Cohen. Sömmuleiðis er umræðan um að hvort þingið ákæri Trump til embættismissis í hámeili.

Náðanirnar

Af viðbrögðum Trumps á Twitter að dæma er afstaða hans gagnvart málum Cohens og Manafort's ólík. Það stafar af því að Cohen hefur í raun snúið baki við Trump, virðist ætla að aðstoða Mueller og hans menn við rannsóknina, en Manafort hefur haldið tryggð við forsetann og ávallt neitað sök.

„Ég finn mjög til með Paul Manafort og hans yndislegu fjölskyldu. „Réttlætið“ gróf upp tólf ára gamalt skattamál, og ýmislegt annað, beitti gríðarlegum þrýstingi. Ólíkt Michael Cohen brotnaði Manafort ekki. Ég ber mikla virðingu fyrir þessum hugrækka manni. Það var ekki einu sinni hægt að ná samstöðu um tíu ákæruliði. Nornaveiðar!“

Hann ráðlagði samlöndum sínum hins vegar frá því að ráða Cohen sem lögmann. Gerði þó lítið úr brotunum.

Í viðtali við Fox á miðvikudaginn gaf Trump svo í skyn að hann hefði ekki vítað af greiðslunum á sínum tíma, ófugt við það sem Cohen sagði. „Seinna meir, ég vissi þetta ... og peningarnir voru ekki teknir úr frambóðssjóði, það er stóra málið. Það væri mun stærri mál. Komu þeir úr frambóðinu? Þeir komu ekki frá frambóðinu. Peningarnir komu frá

mér,“ sagði forsetinn við Fox.

Bandarískir stjórnmálaskýrendur hafa velt upp spurningunni um hvort forsetinn muni náða Manafort og jafnvel Cohen. Í Fox-viðtalinu útlokaði Trump ekki að náða Manafort, en svaraði spurningu fréttamannsins þó ekki á afgerandi hátt. „Ég ber mikla virðingu því sem hann hefur gert miðað við það sem hann hefur þurft að ganga í gegnum.“

Rudy Giuliani, einn lögmanna forsetans, sagði svo við Washington Post í vikunni að Trump hafi spurt lögmannateymi sitt hvort ráðlegt væri að náða Manafort.

Síður þykir líklegt að Trump náði Cohen, enda hefur vinátta þeirra væntanlega farið kulnandi. Lögmáður Cohens, Lanny Davis, sagði á miðvikudaginn að Cohen myndi aldrei samþykkja slíka náðun.

Verður Trump ákærður?

Allt frá því Trump tók við embætti hefur verið talað um hvernig væri hægt að koma honum aftur úr því. Í því samhengi hefur verið rætt um Rússamálið, forsetinn hefur verið sakaður um að nýta embætti sitt til að hagnast persónulega og um að hindra framgang réttvísinnar, til dæmis með brottrekstri alríkislög-reglustjórans James Comey.

Mál vikunnar, einkum Cohens, eru eins og olía á þennan eld. Nú, þegar áratugir í fangelsi blasa við þeim Manafort og Cohen, er talið að Mueller gæti sannfært hina seku um að veita sér upplýsingar sem gætu komið að gagni í Rússarannsókninni.

Manafort og Cohen eru ekki þeir einu í þessari stöðu. Fyrirverandi þjóðaröryggisráðgjafi Michael Flynn, hægrri hönd Manafort's, Rick Gates, og frambóðsstarfsmaðurinn George Papadopoulos hafa játað sekt og þá var greint frá því á fimmtudag að David Pecker, framkvæmdastjóri



Richard Nixon er hann kvaddi starfsmenn Hvíta hússins. NORDICPHOTOS/AFP



ALLT FRÁ ÞVI TRUMP

TÓK VIÐ EMBÆTTI HEFUR

VERIÐ TALAD UM HVERNIG

VÆRI HÆGT AÐ KOMA

HONUM AFTUR ÚR ÞVI.

útgáfufyrirtækis National Enquirer, sem hefur verið hliðhóllt Trump, hefði fengið friðhelgi í máli Cohens. Það þykir benda til þess að hann muni aðstoða Mueller.

Ekki þykir líklegt að Mueller sjálfur ákæri forsetann. Í stjórnarskránni er ekki með beinum hætti kveðið á um að það sé ómögulegt. Í stjórnarskránni er hins vegar að finna leið fyrir fulltrúadeildina til að ákæra forsetann. Þá tæki öldungadeildin við og þar færu réttarhöldin fram undir stjórn forseta hæstaréttar.

Mueller mun því að öllu óbreyttu ljúka rannsókn sinni og afhenda þinginu skýrslu. Þingið mun svo taka afstöðu til skýrslunnar. Það er að segja ef Trump ákveður ekki að þvinga Rod Rosenstein aðstoðardómsmálaráðherra til að reka Mueller. Slíkt hafa stuðningsmenn forsetans farið fram á.

Ef Rosenstein myndi neita því gæti Trump rekið hann og tilnefnt annan í embættið. Ekki myndi duga að sannfæra dómsmálaráðherra Jeff Sessions þar sem hann hefur víkið sæti í öllu því sem tengist rannsókninni.

Fari allt á versta veg fyrir forsetann er ef til vill mögulegt fyrir Trump að náða sjálfan sig. Trump hefur sjálfur fullyrt á Twitter að fjöldi spekinga telji það hægt, en bætti því þó við að það væri ónaúðsynlegt þar sem hann hefði ekkert gert rangt.

Time fjallaði um að Nixon-stjórnin hefði skoðað svipaðan möguleika. Lögmáður Hvíta hússins sagði þó á þeim tíma að það væri ógerlegt þar sem það er hefð í Bandaríkjunum fyrir því að enginn geti verið eigin dómari.

Hvað með þingið?

Þótt Demókratar hafi vissulega birt ákæru gegn Trump í fulltrúadeildinni á síðasta ári, sem ekkert var reyndar gert við, hafa þeir að mestu haft hljótt um ákærumöguleikann. Einfaldan meirihluta þyrfti á þingi til að samþykkja ákærana, sem Demókratar hafa ekki, og aukinn meirihluta, 67 af hundrað, þyrfti í öldungadeildinni til að dæma forsetann og sparka úr embætti.

Þann aukna meirihluta hafa Demókratar ekki og munu vafalaust ekki hafa eftir kosningar í haust. Staðan þykir þó líkleg til að breytast í fulltrúadeildinni.

Demókratar ætla ekki að byggja kosningabaráttu sína á því að ákæra forsetann, þrátt fyrir að það sé forgangsmál hjá grasróttinni. „Ekki í forgangi,“ sagði Nancy Pelosi, þingflokksformaður Demókrata í fulltrúadeildinni, einmitt í vikunni.

Sjálfur varaði Trump Demókrata við því að sparka sér úr embætti í fyrrmeindu viðtali á Fox. „Ef ég verð einhvern tímann ákærður held ég að markaðurinn myndi hrynja. Ég held að allir yrðu rosalega fátækir,“ sagði forseti Bandaríkjanna.



Fyrirverandi starfsmenn Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, eru í vondum málum og gætu nú snúist gegn forsetanum. NORDICPHOTOS/AFP

Pórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Erfið vika Trump

Þótt Donald Trump forseti Bandaríkjanna hafi átt allnokkrar erfiðar vikur í forsetatíð sinni jafnast þær fáar á við vikuna sem liður nú undir lok. Í þetta skiptið voru það ekki umdeild ummæli á Twitter eða á blaðamannafundi. Vandamál vikunnar eru lagalegs eðlis og alvarleg.

Robert Mueller, sérstakur saksóknari dómsmálaráðuneytisins, hefur undanfarnin misseri stýrt rannsókn á meintu samráði forsetaframbóðs Trumps við rússnesk yfirvöld, á rússneskum áhrifum á kosningarnar og á málum sem uppgötvast við rannsóknarvinnuna. Sú rannsóknarvinna leiddi í vikunni af sér sakfellinguna Pauls Manafort, áður kosningastjóra Trumps, og játningu Michaels Cohens, fyrirverandi lögmanns forsetans.

Trump hefur lengi kallað rannsóknina norrnaveidar og sagt að ekkert samráð hafi átt sér stað. „EKKERT SAMRÁÐ – NORRVEIDAR Á UPPLÖGNUM FORSENDUM,“ tísti forsetinn til að mynda aðfaranótt fimmtudags. Mál vikunnar tengjast Rússamálinu reyndar takmarkað þótt slíkt mál á hendur Manafort eigi eftir að fara fyrir dóm.

Óljóst er enn hvaða þýðing þessi mál mun hafa fyrir forsetann. Með játningu Cohens þykir forsetinn hafa verið bendlaður við alríkisglæp, eins og sagði á forsiðu The New York Times fyrir í vikunni. Þá eru uppi spurningar um hvort Trump muni náða Manafort, Cohen eða þá báða. Ef af því verður mun sú ákvörðun án nokkurs vafa verða afar umdeild.

Kosningastjórnin

Lögmaðurinn Paul Manafort var ráðinn til forsetaframbóðs Trumps í mars 2016. Í upphafi átti hann að sjá um að tryggja stuðning landsfundarfulltrúa en þegar Trump rak kosningastjórnann Corey Lewandowski í júní var Manafort hækkaður í tign.

Manafort hefur verið lengi undir smásjá Roberts Mueller. Samkvæmt fyrirmælum Muellers gerði alríkislögreglan (FBI) áhlaup á heimili Manafort í Virginíu í júlí 2017. Leitað var að skjólum og öðrum gögnum í tengslum við Rússamálið. Á meðal þess sem fannst voru glósur sem Manafort tók og lét FBI-liða fá með góðu geði, á fundi í Trump-turn-

Tvö dómsmál valda Bandaríkjaforseta miklum vanda. Fyrirverandi kosningastjóri sakfelldur og fyrirverandi lögmaður bendlar hann við glæp. Gætu snúist gegn honum og aðstoðað við Rússarannsóknina.

inum með rússneska lögfræðingnum Natali Veselnitskaja.

Manafort var fyrst ákærður í október sama ár. Hann og Rick Gates samverkamaður hans voru þá ákærðir fyrir meðal annars samsæri gegn Bandaríkjunum. Það mál hefur ekki enn farið fyrir dóm.

Það var ekki fyrr en í febrúar á þessu ári sem Manafort og Gates voru að auki ákærðir fyrir skattsvik og bankasvik. Í þessu máli kvað kvíðadómur upp dóm sinn í vikunni og sakfelldi Manafort fyrir átta ákæru-liði. Ekki náðist samkomulag um tíu liði ákærunnar.

Sakfelldur

Gates sneri baki við Manafort og játtaði sekt sína, öfugt við kosningastjórnann fyrirverandi. Gates gerði samkomulag við Mueller þar sem hann samþykkti að vera samvinnufús og bar hann meðal annars vitni gegn Manafort.

Réttarhöldin voru skrautleg og fjallaði heimspressan mikið um þau. Í úttekki BBC frá því fyrr í vikunni kom fram að saksóknarar hefðu eytt miklu þúðri í að sýna fram á að Manafort hefði lifað miklu lúxuslífi. Hann ætti meðal annars jakka úr strútskinni sem hefði kostað hann um 1,5 milljónir króna. Það væri ómögulegt hefði hann ekki framið glæpina sem hann var sakauður um.

Að endingu var Manafort meðal annars sakfelldur fyrir skattsvik og bankasvik. Refsing hans hefur ekki verið ákveðin og samkvæmt saksóknurum munu þeir tíu ákæru-liðir sem ekki náðist samstaða um við réttarhöldin verða teknir fyrir á ný. Hámarksrefsing fyrir þá glæpi sem

Manafort var sakfelldur fyrir eru átta-tíu ár í fangelsi.

Starfið í Úkraínu

Þann 17. september næstkomandi stendur til að dómstóll í hófuðborginni Washington taki fyrir hitt málið á hendur Manafort. Hann er ákærður fyrir fyrrnefnt samsæri gegn Bandaríkjunum, fyrir að hafa ekki upplýst um starf sitt fyrir úkraínsk yfirvöld og fyrir peningabætti, að eiga við vitnisburð og að ljúga að rannsakendum.

Ráðgjafarstjórn Manafort's fyrir Viktor Janúkovits, fyrirverandi forseta Úkraínu sem var hljóðhollur ríkisstjórn Vladimir Pútín í Rússlandi, og vinna með rússneskum og úkraínskum öligörkum eru kjarni þessa máls.

„Ákærðu, Paul J. Manafort yngri og Richard W. Gates III, störfuðu um árabil sem pólitískir ráðgjafar og lobbistar. Á milli að minnsta kosti 2006 og 2015 voru Manafort og Gates óskráðir starfsmenn úkraínska ríkisins, Héraðaflokksins (úkraínsks stjórnsmála-flokks hvers leiðtogi Viktor Janúkovits var forseti frá 2010 til 2014) og Stjórnarandstöðublokkarinnar (arf-taka Héraðaflokksins sem stofnaður var árið 2014 eftir flotta Janúkovits til Rússlands).“ sagði meðal annars í ákærunni sem birt var í október 2017. Manafort og Gates hefðu auðgast um tugi milljóna dala á vinnu sinni í Úkraínu og reynt að fela greiðslur þaðan fyrir bandarískum yfirvöldum.

Reddarnir

Michael Cohen starfaði lengi sem persónulegur lögmaður Trumps og eins konar „reddari“ auðkyfingsins. Ljóst er að þeir hafa starfað náið saman.

Á meðan Trump velti því fyrir sér árið 2011 hvort hann ætlaði að gefa kost á sér í kosningunum 2012 stofnaði Cohen til að mynda vefsíðu þar sem Trump var hvattur til dáða. Árið 2013 komst Cohen svo í fréttirnar þegar hann krafði grínfréttasíðuna The Onion um að fjarlægja „frétt“ þar sem gert var grín að Donald Trump.

Í maí á þessu ári birti BBC umfjöllun um að Cohen hefði fengið tugmilljóna greiðslu frá starfsmönnum úkraínska forsetans Petrós Porósjenkó fyrir að koma á fundi hans með Trumps. Því neituðu bæði Cohen og embætti Úkraínuforseta.

Þagnargreiðslurnar

Málið sem hefur valdið Cohen mestu hugarangri er þó þagnargreiðslur sem hann sá um til klámstjórnum Stephanie Clifford, sem er betur þekkt undir sviðsnafninu Stormy Daniels, og Playboy-fyrirsætunnar Karen McDougal. Konurnar tvær halda því fram að þær hafi sengað hjá Trump meðan hann var kvæntur og að þeim hafi verið greitt fyrir að þegja.

Lögmaðurinn Michael Avenatti hefur sótt einkamál fyrir hönd Daniels og vilja þau fá samkomulaginu hnekk. Avenatti hefur verið afskaplega opinskár um andstöðu sína við Trump forseta og meðal annars sagt frá því að hann myndi bjóða sig fram á móti forsetanum ef enginn annar alvöru frambjóðandi væri í boði. Avenatti fagnaði játningu Cohens innilega í vikunni. Sagði játninguna sýna að hann og Daniels hefðu rétt fyrir sér. Slíkt hið sama gerði Daniels. „Við Michael höfum hlotið nokkurs konar uppreist æru og við hlökkum til að fá afsökunarbeiðnir frá þeim sem sögðu okkur ljúga,“ sagði Daniels við NBC News.

Bendlar Trump við glæp

Mueller kom málinu til saksóknara-embættisins í New York sem tók málið upp og hefur rannsakað undanfarið. Engin þörf er hins vegar á því að sýna fram á sekt Cohens fyrir dómi enda hefur hann nú játtað sök.

Cohen játtaði á sig átta glæpi og tengjast tveir þeirra greiðslum til meintra hjásvæfa Trumps með beinum hætti. Cohen sagðist til að mynda hafa greitt konunum „að ósk frambjóðanda í þeim tilgangi að hafa áhrif á kosningarnar“.

Þótt Cohen hafi ekki nefnt Trump á nafn er augljóst um hvern er verið að ræða. Þykir Cohen með þessu hafa bendlað Trump beinlínis við glæp.

Afleiðingar þessa fyrir forsetann eru vitaskuld enn óljósar. Lögfræðingar sem Politico ræddi við voru margir hverjir á þeirri skoðun að sekt Cohens þýði ekki endilega sekt forsetans. „Það er alengt að tveir einstaklingar, flæktir í sömu atburðarás, mæti mismunandi lagalegum afleiðingum,“ sagði Andy Grewal, prófessor í lögfræði við háskólann í Iowa.

Grewal sagði enn fremur að samkvæmt lögum um fjármögnun framboða, sem brot Cohens falla undir, þurfi einstaklingur að hafa verið meðvitauður um brot sín og að hafa brotið lög af ásettu ráði.

Við annan tón kvað í umfjöllun Vox. Sagði þar Lisa Kern Griffin, lögfræðiprófessor við Duke, að þótt Trump hefði hvorki verið nefndur á nafni í ákærunni né í játningu Cohens væri hann svo gott sem „óákærður samverkamaður“ (e. unindicted co-conspirator). Það hugtak var einmitt notað um Richard Nixon forseta í skýrslunni sem send var Bandaríkjaþingi eftir Watergate-rannsóknina.



Michael Cohen játtaði í vikunni og bendlaði Trump við glæp. NORDICPHOTOS/AFP



Paul Manafort hefur verið sakfelldur fyrir skattsvik meðal annars. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Framhald af greininni er á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

Ferðalög

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST 2018

Kynning: Heimsferðir



Næsta vor bjóða Heimsferðir upp á sérferð til allra helstu landa Suður-Ameríku. Í Perú verður farið í heimsókn til Machu Picchu og í Brasilíu er hægt að sjá þessa heimsfrægu stytta af Jesú.

Heimsferðir bjóða spennandi ferðir í allan vetur

Jóhann Björgvinsson, sölustjóri Heimsferða, lofar spennandi ferðum um allan heim í haust, vetur og vor. Heimsferðir hafa fengið frábæra fararstjóra til að setja upp ógleymanlegar ferðir. ➔2.



Heimsferðir bjóða upp á fjölbreyttar ferðir um allan heim. Boðið er upp á ferðir til S-Ameríku, siglingu um Karíbahaf, matar- og menningarferðir til N-Afríku og sælkeriferðir um evrópskar borgir.

Víð erum með svo mikið af spennandi ferðum að ég er að springa!" segir Jóhann Björgvinsson, sölustjóri Heimsferða. „Flottasta fólk landsins er komið í lið með okkur, til dæmis Vala Matt, sem verður með Ítalíuveislu sem hefst núna 31. ágúst og stendur yfir í 10 daga. Síggi Hall, meistarakokkur og gleðigjafi, fer svo með okkur í algjöra fimm stjörnu lúxusferð til Marokkó til að upplifa matarmenningu og andrúmsloft þessa einstaka lands og dúóið Albert og Bergþór leiða ferðalanga í sælkeraveislur um borgirnar okkar, en við erum með margar spennandi borgarferðir í boði frá 20. september fram í desember.

Borgarferðirnar okkar eru á sanngjörnu verði og við viljum að allir komist út í haust og „elski, lífi og njóti“ eins og Guðný Páls, ferðamáladrottning Heimsferða, tekur svo skemmtilega til orða,“ segir Jóhann.

„Siglingarnar okkar eru líka sérlega vinsælar þessa dagana, en siglingin um Austur-Karíbahaf er nánast uppseld, þannig að við bættum við geggjafi siglingu til Kúbu í mars,“ segir Jóhann. „Í vor verður svo boðið upp á sérferð til allra helstu landa Suður-Ameríku, meðal annars Brasilíu og Perú, með viðkomu í Machu Picchu.

Það nýjasta hjá okkur þessa dagana eru hins vegar helgarferðir með beinu flugi til Stansted á fráþæru verði frá 13. desember, en flug með töskum kostar 29.900 kr. á mann,“ segir Jóhann. „Við vorum líka að byrja að selja fimm daga ferðir til Mólту um páska, en Malta er falleg, einstök og spennandi eyja fyrir bæði þör, vini og fjölskyldur.

Haustið kemur líka fallega inn með helling af spennandi sólarferðum til Alicante, Kritar, Costa del Sol, Ítalíu, Króatíu og að sjálfsögðu Tenerife og Gran Canaria,“ segir Jóhann. „Vetrarsólin er líka komin í fulla sölu, enda elska Íslendingar



Jóhann Björgvinsson segir að það séu spennandi ferðatimar fram undan hjá Heimsferðum.

“Borgarferðirnar okkar eru á sanngjörnu verði og við viljum að allir komist út í haust.”

að stytta vetrarmánuðina og njóta Kanaríeyjanna í botn. Þessar ferðir eru á fráþærum verðum og ég hvet alla sem eru í ferðahugleiðingum til að gera verðsamanburð áður en bókað er í ferðir í vetur.

60+ ferðirnar fyrir fólk á besta aldri til Tenerife og Benidorm í haust og vor með okkar fráþæru skemmtanastjörum, Gunnari Svanlaugssyni og Birgítte Bengtson, hafa hreinlega selst upp svo við höfum þurft að bæta við gistingum,“ segir Jóhann. „Til að anna eftirspurn höfum við sem betur fer getað bætt við dagsetningum, en þessar ferðir eru virkilega endurnærandi fyrir bæði líkama og sál.

Það eru spennandi ferðatimar fram undan og við viljum benda fólk á að kíkja í kaffi til okkar í Skógarhlíð 18 til að fá ferðarögjöf frá okkar fráþæra sölufólki,“ segir Jóhann. „Þau taka ferðalöngum fagnandi og gefa góð ráð og fráþæru verði í ferðirnar okkar í vetur.“



Í haust eru margar spennandi sólarferðir í boði og í allan vetur verður boðið upp á ferðir til Gran Canaria og Tenerife.




Eyjan Malta í Miðjarðarhafi er fallegur, einstakur og spennandi áfangastaður fyrir bæði þör, vini og fjölskyldur.



FÓLK

LAUGARDAGUR 25. AGÚST 2018

Helgin



Lea nýtur þess að kæla sig í íslenskum fossum. Hér er hún í Elliðaár fossi. MYND/ EYÞÓR

Kuldaskræfa í ísbaði

Lea Marie Galgana, Íslandsmeistari í ísböðum, hóf að stunda ísböð skömmu eftir áramótin, sér til heilsubótar. Hún notar hvert tækifæri til að baða sig í fossum landsins og segir kuldann lina verki og draga úr bólgum. ➔2

FYRIR OKKUR



Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gutimidinn.is

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ég hef alltaf verið mikil kulda-skræfa en ákvað samt að láta mig hafa það að stunda ísböu í þeirri von að öðlast betri heilsu," segir Lea Marie Galgana en fjögur ár eru frá því hún var greind með vefjagigt sem hafðu mikil áhrif á lífsgæði hennar. Í sumar synti Lea í Jökulsárlóni og baðaði sig í fossum víosvegar um landið og segir fátt toppa þá reynslu. „Áður fyrr fannst mér fólk alveg galið að synda í isköldu lóninu en það er ótrúleg upplifun. Svo finnst mér fossar æðislegir. Það er svo mikill kraftur í þeim. Helgufoos í Mosfellsdal er fyrsti fossinn sem ég fór í og hann var þá í klakaböndum. Því fylgdi ótrúleg velliðan og eftir það varð ekki aftur snúið. Eg er strax farin að hlakka til vetrarins og kuldans sem honum fylgir," segir Lea sem hefur ekki liðið jafnvel í langan tíma.

Vefjagigt vegna álags

Lea veiktist fremur skyndilega af vefjagigt og telur það hafa verið vegna álags í vinnu og einkalífi. „Ég var að keyra á hraðbraut í útlöndum þegar ég datt allt í einu út og mundi ekki hvar ég var. Miklir liðverkir komu síðan í kjölfarið, fljótlega gat ég varla gengið og þurfti aðstoð við að komast á klesett og í sturtu. Þetta var rosalega skrytið tímabil og heilsan fór hratt niður á við," rifjar Lea upp en hún hefur verið misslæm af vefjagigtinni í gegnum tíðina.



Lea taldið fólk sem baðaði sig í Jökulsárlóni ekki með öllum mjalla. Hún skipti snarlega um skoðun þegar hún synti í lóninu.

„Ég fékk mikið áfall þegar gigtarlæknirinn minn sagði mér að sætta mig við að líklega gæti ég ekki gengið óstudd það sem eftir væri. Við þær fréttir ákvað ég að reyna að komast í gegnum þessi veikindi á þrjóskunni. Ári síðar var ég komin upp á Hvannadalshnúk en svo hrundi heilsan aftur.

Um síðustu áramót lenti ég inni á sjúkrahúsi vegna verkja. Það tók viku að verkjastilla mig en ég þoldi lyfin mjög illa og varð veik af þeim. Eg hafði margsinis lesið og heyrt að köld böð geti gert fólk með vefjagigt gott og sumir jafnvel alveg náð sér. Mér fannst ég því ekki hafa neinu að tapa með því að prófa

köld böð en átti mjög erfitt með að taka fyrsta skrefið því mig hryllti við kuldanum. Eg fann að ég varð að fá hjálpanlega séð til að þola kuldann," greinir Lea frá.

Ákvað að læra kuldabjálfun

„Það er ótrúlegt hvernig lífið fer stundum en þegar ég var í þessum hugleiðingum birtist viðtal við Vilhjálm Andra Einarsson, sem er þekktur sem Andri Iceland, á Stöð 2 þar sem hann talaði um að köld böð hefðu hjálpað honum við verkjum. Eg ákvað að fara á fyrirlestur hjá honum en þá var uppselt svo ég komst ekki. Nokkrum dögum seinna sé ég auglýsingu frá Primal Iceland um fyrsta Wim Hof námskeiðið á Íslandi sem Þór Guðnason leiddi. Þar er kennd sérstök kuldabjálfun og öndunaræfingar sem eiga að draga úr verkjum og stuðla að meiri velliðan. Það varð til þess að ég ákvað að prófa ísböð og skræði mig á námskeiðið. Eg hætti að taka nær öll verkjalyf um leið og ég byrjaði á námskeiðinu, þótt ég ætti erfitt með að koma mér þangað og sitja í tímum og hlusta á kennarann. Í fyrstu vikunni upplífoi ég augnablik þar sem ég var verkjalaus í fyrsta sinn í fleiri mánuði. Á þriðju vikunni fann ég svo fyrir löngun til að fara að ísböð. Eg átti erfiðan dag og komst varla fram úr vegna verkja en um leið og ég fór í sundlauginu og gerði öndunaræfingar dró úr vanlíðaninni. Svo fór ég í kalda pottinn og við það hurfu verkirnir, þokan og þreytan. Eg vissi ekki að kælingin gæti haft þessi áhrif á mig. Ekkert lyf hafði gert þetta fyrir mig. Eg fann þá að þetta virkar fyrir mig, hætti að taka gigtarlyfin og þetta ætlaði ég að halda áfram að gera," segir Lea ákveðin.

„Ég fékk mikið áfall þegar gigtarlæknirinn minn sagði mér að sætta mig við að líklega gæti ég ekki gengið óstudd það sem eftir væri. Við þær fréttir ákvað ég að komast í gegnum þessi veikindi á þrjóskunni.

mánuði hef ég ekki þurft að kæla sérstaklega út af verkjum. Eg hef alveg breytt minum lífsstíl og fer í köldu pottana, sjósund og fossa eins oft og ég get.“

Ætlar í fjallgöngu á stuttbuxum í 20 stiga frosti

Lea er innanhússarkitekt að mennt en hefur ekki getað stundað sína vinnu vegna vefjagigtarinnar og annarra kvilla. Hún ákvað því að nýta tímann til að læra meira um Wim Hof aðferðafræði og er nú komin í kennaranám í þeim fræðum. „Mig langaði ekki til að hanga heima og láta mér leiðast og vildi finna mér eitthvað að gera. Eg fer til Amsterdam á helgarnámskeið í næsta mánuði og á vikunámskeið til Póllands í nóvember. Þá er stefnan að ganga á hæsta fjall Póllands í 20 stiga frosti á stuttbuxum. Eg er ekkert hrædd við kuldanum og þótt ég sé ekki í góðu gönguformi stefni ég á toppinn," segir Lea hvergi smeyk en hún lýkur prófi sem viðurkenndur Wim Hof kennari í nóvember.

Allir geta meira en þeir halda
Strax í upphafi námskeiðsins fóru þátttakendur saman í kaldan pott en Lea treysti sér ekki lengra út í en upp að hnám. Í fjórða tím-anum gat hún setið í fimm gráðu heitum potti í klukkutíma. „Ég vildi sjá hvað ég gæti, en allir geta gert meira en þeir halda. Þetta er spurning um að þjálf hugann ekki síður en líkamann," segir Lea sem núna fer þrisvar til fimm sinnum í viku í ísböð. „Undanfarna tvo

„Margir hafa spurt mig út í þessi námskeið og ég veit að það næsta hefst 3. september hjá Primal Iceland. Eg er þakklát fyrir að hafa lært þessa aðferð. Þótt ég finni af og til fyrir verkjum veit ég að köld sturta og öndunaræfingar hjálpa mér til að liða betur. Það er meira en ég þorði að vona þegar ég hóf að stunda ísböð. Eg mæli eindregið með að fólk prófi ísböð, hvort sem það er til að lina verki eða öðlast betri liðan. Ef ég get það, þá geta þau allir," segir Lea að lokum.

NÝ SENDING AF ÆFINGAFATNAÐI
Stærðir 14-28

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is eða kíktu til okkar í Fákafeni 9

Opíð alla virka daga frá kl. 11-18
Opíð laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Toppur 6.990 kr Stærðir 14-28

Jakki þeyra 10.990 kr Stærðir 14-28

Aðvalds leggings 8.990 kr Stærðir 14-28

Bolar 4.590 kr Stærðir 14-28

Dry fit buxur 9.990 kr Stærðir 14-28

Toppur 6.990 kr Stærðir 14-28

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og um-fjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umjónarmenn efnis: Sólveig Gisladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 512 5351 | Elín Albersdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5358

Útgefandi: Elmar Hallgrímsson, Hallgrímsson
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnar@frettabladid.is, s. 512 5442, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429.



Fákafeni 9 | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Vakna endurnærð og úthvöld

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúruylf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljógandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við erl dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitio er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7-8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.

Orsakir svefnleysis

Af hverju sofnum við ekki, erum andvaka eða vöknum upp um miðjar nætur og getum ekki sofnað aftur? „Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við getum ekki sofnað eða sofio þannig að við hvílumst og vöknum endurnærð. Vakta-vinna, ferðalög, kvíði og áhyggjur er algeng orsök svefnleysis en ýmsir sjúkdómar geta einnig haft mikil áhrif á svefninn. Streita er mjög algeng orsök en það er allt of algengt að fólk vinni of mikið, sé með fjárhagsáhyggjur, vanti hreyfingu og/eða eigi í erfiðum samböndum, hvort sem er við maka, vini eða aðra. Mataræði og venjur geta líka átt stóran þátt í svefnleysi.“ segir Hrönn Hjálmarstöttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

Einbeitingarskortur og offita

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting versnar, slysaætta eykst og ýmis andleg og líkamleg



Hrönn Hjálmarstöttir heilsuráðgjafi.

vandamál, eins og t.d. offita, verða algengari. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vitahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.

Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Við eigum ekki að borða á kvöldin og passa okkur á því að drekka ekki of mikið, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlætt. Náttúruleg bætiefni reynast



Mæli með Melissa Dream

Elsa M. Viðis er 37

ára gömul, sex barna móðir sem átti mjög lengi erfiðt með svefn vegna veikinda sinna og sonar síns. Hún náði aldrei að sofa heila nótt og komst ekki út úr þeim vitahring en hún hefur þetta að segja um Melissa Dream:

„Mamma mín kynnti mig fyrir Melissa Dream sem ég hafði



engna trú á í byrjun. Ég ákvað engu að síður að slá til og prófa einn pakka. Þvílíkur munur! Ég bæði sef fastar og sofna fyrir. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvöld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla.“

“Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvöld.”

Elsa M. Viðis

mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni fékk um daginn viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótar-efna gegn streitu.

Aminósýra sem stuðlar að slökun

Melissa Dream inniheldur sitrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaðir m.a. til að bæta svefn og draga úr kvíða. Þar er einnig að finna L-theanine, aminósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljógandi áhrif.

Að lokum inniheldur Melissa Dream B-vítamín sem er gott fyrir taugakerfið og nægilegt

magn af magnesium sem er vöðvaslakandi og getur dregið úr óþægindum í hand- og fötleggjum.

HAM

Svefnleysi getur þó verið alvarlegra vandamál en svo að einföld ráð dugi. Þá er best að ráðfæra sig við lækni. Þess ber þó einnig að geta að rannsóknir hafa sýnt að bestur árangur næst með hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem er nokkurra vikna námskeið sem fólk getur sótt.

YES. Lífrænt sleipiefni fyrir elskendur

Sleipiefnin henta einstaklega vel fyrir konur með þurrk í leggöngum og slímhúð.

Innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina.

Má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir.

- Aloe Vera
- Flax extract
- Guar Gum (Guaran)



Fæst í flestum apótekum og Fjarðarkaup.



Gleði og fjör í túninu heima

Íbúar Mosfellsbæjar bjóða gesti velkomna um helgina þegar bæjarhátíðin í túninu heima nær hámarki. Meðal dagskrárliða má nefna Úgandafestival, karamellukast, götugrill og fjölskylduratleik.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi á hátíðinni og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ögjörmingur er að nefna allt sem í boði verður en hér skal nefna það helsta sem er að gerast í dag, laugardag. Nánari dagskrá má finna á vefnum www.mosfellsbaer.is.

Fritt í sund og strætó

Fritt verður í strætóleiðir 7, 15 og 27 í allan dag og því ekkert mál að skilja bílinn eftir heima. Þá verður einnig fritt í sundlaugar bæjarins sem og á Gljúfrastein í dag.

Litríkur bær

Bæjarbúar taka höndum saman og skreyta bæinn sinn fögrum litum, en hvert hverfi hefur sinn einkennislit. Þá bjóða íbúar upp á götugrill í vel skreyttum götum sínum milli klukkan fimm og níu.

Boðið verður upp á ullarpartý og markaðsstemningu í Álafoskvos þar sem skátafélagið Mosverjar stendur einnig fyrir fjölskylduratleik



Fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir unga sem aldna. Hér getur að líta hoppukastala og hestafjör á Stekkjarflöt. Nánari upplýsingar má finna á www.mosfellsbaer.is. MYND/MOSFELLINGUR



Hluti af þeim listamönnum sem koma frá á hátíðinni. Dansmejar úr 1001 nótt, Simmi Vill, sem verður kynnrir á stórtónleikunum, Ragga Gísla sem kemur fram á stórtónleikunum og rapparnir í Sprite Zero Klan sem koma fram á tónleikum og bjóða í garðpartý í heimahúsi. MYND/MOSFELLINGUR

með ýmsum þrautum. Fornvéla-sýning verður á Tungubakkflugvelli þar sem gamlar flugvélar, gamlar dráttarvélar, mótörhjól og forn bílur verða til sýnis en auk flugsýningar verður haldið karamellukast fyrir káta krakka klukkan 16.30 í dag. Sérstakt kjúklingafestival verður haldið í íþróttamiðstöðinni að Varma. Stórtónleikar verða frá níu til ellefu á Miðbæjartorgi í kvöld en kvöldinu verður svo slúttað með flugeldasýningu klukkan 11 og stórdansleik með Páli Óskari í íþróttahúsinu.



Hvert hverfi hefur sinn einkennislit og íbúar Mosfellsbæjar taka fullan þátt í því að skreyta sig og götur sínar. MYND/MOSFELLINGUR

Heimboð til Mosfellinga

Fastur liður í dagskrá í túninu heima er heimboð Mosfellinga í garðana sína. Nokkrar fjölskyldur opna garða sína og gestir og gangandi geta kíkt í heimsókn og fylgst með þeim uppákomum sem þar eru í boði. Til dæmis verða stofutónleikar á æskuheimili Sigrúnar Harðardóttur fiðluleikara í Hamratanga, kvennakórinn Stöllurnar og María Guðmundsdóttir bjóða til árlegrar garðveislu í Amsterdam 6 við Reykjalund og

Davíð Ólafsson óperusöngvari byður til útítónleika í garðinum sínum í Álmholti.

Úgandafestival

Nýjustu íbúar Mosfellsbæjar eru hópur Úgandabúa sem komu til landsins í vor. Í húsi Rauða krossins í Mosfellsbæ verður blásið til Úgandafestivalis. Í boði verða réttir frá Úganda og lifandi tónlist. Þarna gefst fólki tækifæri til að kynna nýjum íbúum Mosfellsbæjar og menningu þeirra.



50 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ NORRÆNA HÚSSINS

Velkomin í norræna menningarveislu

Laugardaginn 25. ágúst kl. 10–23

Ókeypis á svæðið og fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna



RÁÐSTEFNA
NORRÆN MENNINGARPÓLÍTK Á ÍSLANDI Í 50 ÁR

24. ÁGÚST KL. 11–14:30 VERÖLD — HÚS VIGDÍSAR

Ráðstefna um norrænt menningarstarf og hlutverk Norræna hússins í síbreytilegum heimi. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.



Norræna húsið



Markaðsmál og samskipti

Landsbankinn leitar að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni í deild Markaðsmála og samskipta. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, hæfni til að hrinda verkefnum í framkvæmd og hrífa fólk með sér.

Helstu verkefni

- » Mótun og framkvæmd markaðsherferða og viðburða
- » Umsjón með styrkveitingum
- » Samskipti við auglýsingastofu, miðla og birgja
- » Almenn markaðsstörf

Hæfni og menntun

- » Framúrskarandi færni í samskiptum
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla af markaðsstörfum æskileg
- » Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- » Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Frumkvæði, fagmennska og gott viðmót

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Elinborg Kvaran, forstöðumaður Markaðsmála og samskipta, í síma 410 6886 eða elinborgk@landsbankinn.is og Bergþóra Sigurðardóttir, starfspróunarstjóri í síma 410 7907 eða bergsig@landsbankinn.is.

Umsókn merkt **Markaðsmál og samskipti** fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.



Jafnlaunaúttekt
PwC

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

SKRÁÐU NAFN ÞITT Á SPJALD SÖGUNNAR



Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að leggja sig allan fram í starfi.

Á Radisson BLU Hótel Sögu störfum við eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótelkeðju.

Við erum sterk liðsheild sem leggjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð.

BÓKUNARDEILD

Helstu verkefni:

- Samskipti við viðskiptavinum
- Sala og bókanir á allri þjónustu hótelsins
- Frágangur og eftirfylgni bókana
- Símsvörum

Menntun og hæfni:

- Mikil þjónustulund og góð samskiptahæfni
- Stundvísi
- Íslensku og enskukunnáttu skilyrði
- Öguð og vönduð vinnubrögð
- Yes I can! viðhorf
- Þekking á bókunarkerfinu Opera er kostur

Nánari upplýsingar veitir Anna Jónsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 525 9803.

Umsóknarfrestur er til 9. september 2018

og eru umsækjendur beðnir að senda umsókn á netfangið: anna.jonsdottir@radissonblu.com.



Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland

Hönnunarmiðstöð Íslands leitar að kraftmiklum og skapandi kynningarstjóra

Starfið felst í að móta, stýra og vinna að fjölbreytilegum kynningarmálum Hönnunarmiðstöðvar. / Starfið er yfirgrípsmikið og krefst góðrar þekkingar á kynningarmálum, vefumhverfi, samfélagsmiðlum, hönnun og arkitektúr auk framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfni. Nánari upplýsingar á honnunarmidstod.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. september.

Umsjón hefur Ragnheiður Dagsdóttir, ragnheidur.dagsdottir@capacent.is.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á síðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.



VEFSTJÓRI

VILTU STÝRA EINNI STÆRSTU VEFVERSLUN LANDSINS?

Húsasmiðjan auglýsir eftir framúrskarandi einstaklingi í starf vefstjóra. Vefverslun Húsasmiðjunnar hefur verið tilnefnd af SVEF sem vefverslun ársins tvö ár í röð, 2016 og 2017.

Starf vefstjóra er fjölbreytt, spennandi og krefjandi. Vefstjóri ber ábyrgð á rekstri og þróun á vefsíðum og vefverslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts. Auk þess kemur vefstjóri mikið að stafrænni markaðssetningu t.d. á samfélagsmiðlum. Vefstjóri starfar í markaðsdeild og heyrir undir markaðsstjóra.

Starfssvið

- Stýring, þróun og viðhald á vefsíðum Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts.
- Dagleg umsjón, efnisinnsetning, ritstýring og uppfærsla á vefsvæðum fyrirtækisins.
- Umsjón með vefverslun husa.is, blomaval.is og iskraft.is ásamt þjónustuvef fyrirtækisins.
- Vinnsla mynddefnis og yfirumsjón með viðhaldi á vöruskrá á vef í samstarfi við vörusvið.
- Markaðssetning á samfélagsmiðlum ásamt starfsfólki markaðsdeildar.
- Önnur tilfallandi verkefni er tengjast vefmálum, s.s. leitarvélabestun, greining á gögnum o.fl.

Hæfniskröfur:

- Reynsla í vefumsjón og verkstjórn eða sambærilegu starfi.
- Gott vald á íslensku og hæfni til að skrifa texta.
- Nákvæmni, agi og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af vinnu með vefumsjónarkerfi (open source kerfi t.d. Umbraco) er kostur.
- Grunnþekking á HTML (5), CSS og Javascript er kostur.
- Þekking á stafrænni markaðssetningu.
- Þekking á myndvinnslu t.d. Photoshop, Indesign eða Illustrator er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.



Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar, magnusm@husa.is.

Umsóknarfrestur:

9. september.

Sótt er um á:

www.husa.is/laus-storf

**Ein besta vefverslun
landsins tvö ár í röð!**

TILNEFND SEM
VEFVERSLUN
ÁRSINS
2016 OG 2017



Byggjum á betra verði

SFR

Sérfræðingur á kjarasviði

SFR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjara- og félagssvið. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Umsóknarfrestur

2. september

Helstu verkefni:

- Vinna að kjaramálum og stofnanasamningum SFR.
- Tölfræðigreiningar og upplýsingaöflun er varða kjaratengd málefni.
- Uppsetning gagnagrunna vegna kjara- og stofnanasamninga.
- Vinna að kjara- og launakönnunum félagsins.
- Aðstoð við félagsmenn er varðar kjör og réttindi.
- Kennsla og fræðsla varðandi kjaramál.
- Vinna við félags- og gagnakerfi SFR.
- Önnur verkefni skv. ákvörðun framkvæmdastjóra.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/7055

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi, s.s. hagfræði, vinnumarkaðsfræði, viðskipta- eða verkfræði.
- Viðtæk reynsla af tölfræði- og greiningarvinnu og notkun töflureikna.
- Áhugi og reynsla/þekking af kjaramálum.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og færni í textagerð.



SFR er stéttarfélag í almannathjónustu og er félagsvæði þess allt landið. Félagsmenn eru um 6000 og er SFR stærsta félagið innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Helstu verkefni SFR eru að bæta kjör félagsmanna og verja réttindi þeirra. Einnig vinnur félagið að réttinda og kjaramálum á vettvangi BSRB og er í samstarfi að ýmsum málum við systurfélög innan bandalagsins.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Verkefnastjóri á sviði verklegra framkvæmda

Eik fasteignafélag leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði verklegra framkvæmda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tækni- eða arkitektúr eða byggingafræði
- Iðmenntun er kostur
- Reynsla af verklegum framkvæmdum, þekking á hönnunarferli og ferli framkvæmda
- Reynsla af gerð verk og kostnaðaráætlana
- Góð tölvukunnátta, þekking á AutoCad og Sketchup er kostur
- Þekking á gerð skráningatafla er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, samvirksemi og heiðarleiki

Starfssvið

- Verkefnastjórnun og eftirlit með viðhalds og fjárfestingaverkefnum
- Virk þátttaka í þróun viðhaldsáætlana
- Gerð verk-, kostnaðar og framkvæmdaáætlana
- Skýrslugerð, gagnaöflun og úrvinnsla
- Umsjón með verkbókhaldi og uppgjöri framkvæmda
- Útboðs og skilalýsingar
- Útboðsgerð og innkaup
- Samskipti við viðskiptavini félagsins

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Það er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplaga 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 440 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista kauphallarinnar Nasdaq.

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 10. september nk.

Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is og Hilmar G. Hjaltason, hilmar.hjaltason@capacent.is hjá Capacent Ráðningum.



Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Aðalhaffræðingur Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið fylgist með samkeppni fyrirtækja í síbreytilegu atvinnulífi landsins.

Eftirlitið spornar við óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinnur gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðveldar aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar hópur hagfræðinga og lögfræðinga sem hefur brennandi áhuga á samkeppnismálum.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á www.samkeppni.is

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf aðalhaffræðings.

Aðalhaffræðingur Samkeppniseftirlitsins mun m.a. leiða og taka þátt í hagrænum rannsóknum á vettvangi samkeppnismála, móta rannsóknaraðferðir, greina samkeppni á mörkuðum, greina áhrif samkeppni og samkeppnisbresta á atvinnu- og efnahagslíf og leiða umfjöllun um samkeppnismál.

Jafnframt skal aðalhaffræðingur vera í samskiptum við fræðasamfélagið sem og önnur samkeppnisyrivöld.

Rýnihópur verður Samkeppniseftirlitinu til ráðgjafar um nánari viðmið sem liggja til grundvallar vali á aðalhaffræðingi og gefur álit á hæfni umsækjenda.

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða í starfið á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði með áherslu á rekstrar- eða atvinnuvegahagfræði eða skyldar sérgreinar sem nýtast í samkeppniseftirliti. Önnur menntun sem nýtist í samkeppnismálum æskileg
- Viðtæk reynsla af hagfræðilegri greiningarvinnu sem nýtist við úrlausn mála hjá samkeppnisyrivöldum
- Gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar
- Þekking á því lagaumhverfi sem Samkeppniseftirlitið starfar eftir
- Reynsla af störfum sem krefjast nákvæmra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar
- Forystuhæfileikar og hæfileikar til samstarfs
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Skipulögð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni til þátttöku í erlendu samstarfi

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700. Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Hagfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

Samkeppniseftirlitið fylgist með samkeppni fyrirtækja í síbreytilegu atvinnulífi landsins.

Eftirlitið spornar við óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinnur gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðveldar aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar hópur hagfræðinga og lögfræðinga sem hefur brennandi áhuga á samkeppnismálum.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á www.samkeppni.is

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf hagfræðings.

Hagfræðingur - helstu verkefni:

- Þátttaka í úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins
- Greining á samkeppni og markaðsaðstæðum
- Þátttaka í öðru þróttmiklu starfi Samkeppniseftirlitsins á sviði hagfræði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði. Önnur menntun sem nýtist í starfi hagfræðings æskileg
- Gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Reynsla af samkeppnis- og/eða stjórnsýslumálum æskileg
- Góð greiningarhæfni og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Tungumálakunnátta

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða í starfið á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225 og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700. Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Sölumenn óskast - hlutastarf

Innflutningsfyrirtæki með snyrtivörur, hárvörur, barnavörur o.fl. óskar eftir jákvæðum og metnaðarfullum sölumönnum í framtíðarstörf.

Starf sölumanns í verslanir og víða felst t.d. í:

- Kynningu og sölu á vörum.
- Eflingu núverandi viðskiptasambanda og öflun nýrra.
- Framsetning vara í verslunum.

Starf sölumanns í hávörum felst t.d. í:

- Kynningu og sölu á hárvörum og tengdum vörum.
- Efling viðskiptasambanda og öflun nýrra.
- Námskeiðahald.

Hæfniskröfur:

- Búa yfir góðri þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaðarfullur, hafa góða skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Almenn tölvukunnátta og bílpróf nauðsyn.
- Reynsla af sölustörfum er kostur.
- Sölumaður fyrir hárvörur þarf að hafa menntun í greininni.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist fyrir **3. september 2018** á atvinna@frettabladid.is merkt Sölumenn-hlutastörf.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Söluráðgjafi á bíl

Auka- og varahlutadeild

Við leitum að öflugum einstaklingi til að taka að sér sölumennsku á auka- og varahlutum ásamt almennum rekstarvörum fyrir verkstæði. Daglegar heimsóknir, sölufærir og fyrirtækjasókn á meðal verkefna.

Viðkomandi þarf að hafa mikla færni í mannlegum samskiptum, vera árangursdrifinn, skipulagður, útsjónasamur og jákvæður.

Góð vinnuástaða og sterkur hópur af skemmtilegum samstarfsfélögum taka á móti réttum aðila.

Sækið um starfið á vef félagsins www.toyota.is/storf - Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is - Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2018. Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarsefnum.

Toyota Kaupúni Opið mán - fös:
Kaupúni 6 07.45 - 18.00
Garðabæ Laugardaga:
Sími: 570-5070 12.00 - 16.00
www.toyotakaupuni.is info@toyota.is



Toyota Kaupúni



Kvikmyndamiðstöð Íslands er opinber stofnun og ber m.a. að stuðla að framleiðslu, dreifingu og kynningu á íslenskum kvikmyndum. Kvikmyndamiðstöð vinnur einnig að eflingu kvikmyndamenningar á Íslandi og því að treysta tengsl á milli íslenskra og erlendra kvikmyndagerðaraðila. www.kvikmyndamidstod.is

Kvikmyndaráðgjafar

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Kvikmyndaráðgjafar leggja listrænt mat á umsóknir sem berast til Kvikmyndamiðstöðvar um styrki úr Kvikmyndasjóði, jafnt fyrir leikið efni og heimildamyndir. Matið fer fram með hliðsjón af fjárhags- og framkvæmdaþáttum og fylgjast ráðgjafar jafnframt með framvindu verkefna.

Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa staðgóða þekkingu eða reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð meðan á ráðningartíma stendur.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið námi frá viðurkenndum kvikmyndaskóla eða hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu af einhverri af lykilstöðum í kvikmyndagerð. Krafist er góðrar íslensku- og enskukunnátta, auk þess er kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur. Mikilvægt er að kvikmyndaráðgjafar hafi góða samskiptahæfileika.

Um tímabundna ráðningu er að ræða og ráðningartími nemur allt að tveimur árum í senn.

Um hlutastarf getur verið að ræða.

Laun taka mið af launakjörum opinberra starfsmanna.

Skrifstofustarf

Kvikmyndamiðstöð Íslands leitar að starfsmanni í fullt starf í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Leitað er að ábyrgum, skipulögðum og lausnamiðuðum einstaklingi sem getur unnið jafnt sjálfstætt sem og með öðru fólki.

Starfssvið:

- Kynning, söfnun og miðlun upplýsinga
- Umsjón með vefsíðum og gagnagrunnum á vegum stofnunarinnar og þróun vefsvæða
- Uppsetning og söfnun upplýsinga fyrir útgáfu kynningarefnis
- Verkefnastýring á ýmsum viðburðum sem stofnunin kemur að
- Ýmis tilfallandi verkefni

Laun taka mið af launakjörum opinberra starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla og hæfni í textagerð ásamt afbragðsgóðri íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og sveigjanleiki
- Áhugi á menningu og íslenskum kvikmyndum kostur
- Reynsla og áhugi af vefstjórnun æskileg
- Reynsla af viðburðastjórnun kostur



Upplýsingar veita:

Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



Framkvæmdastjóri hjúkrunar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjúkrunar. Leiðað er eftir kraftmiklum, metnaðarfullum og farsælum stjórnanda.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heyrir undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2018.

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á viðtæku þverfaglegu samstarfi.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Gerðar hafa verið breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfseminni, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukid sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af 15 heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Heimahjúkrun HH, broska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælsleitenda, Geðheilsuteymum, ásamt skrifstofu. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa um 700 manns.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótun og þróun, m.a. á sviði árangurs, gæða, aðgengis og öryggis í þjónustu
- Leiðtogi við framkvæmd stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Innleiðing nýjunga og breytinga, s.s. teymisvinnu og straumlínustjórnunar
- Fagleg þróun og starfsþróun
- Samhæfing, mælingar og mat á starfsemi
- Gerð og efling klínískra leiðbeininga
- Gæðaeftirlit

Nánari upplýsingar

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 513-5000,
svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Viðbótar- eða framhaldsmenntun á sviði hjúkrunar æskileg
- Viðbótarnám í stjórnun kostur
- Brennandi áhugi á þróun heilbrigðisþjónustu Stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun í heilsugæslu og/eða annarri heilbrigðisþjónustu
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og áráðni
- Vilji til að helga sig sýn og gildum heilsugæslunnar

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal fylla út sérstakt eyðublað umsókn um stöðu framkvæmdastjóra hjúkrunar sem er aðgengilegt á vef Embættis landlæknis og fæst einnig á skrifstofu Embættis landlæknis og setja það í viðhengi. Umsóknnum skulu fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi, sérfræðileysi og hjúkrunarstörf sem umsækjandi hefur gegnt auk upplýsinga um vísinda- og ritstörf og önnur störf, eftir því sem við á. Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar hjá Embætti landlæknis.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í laus störf. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins www.heilsugaeslan.is undir laus störf eða á Starfatorgi www.starfatorg.is.

Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun

TERN SYSTEMS - DELIVERING
AIR TRAFFIC CONTROL
SOLUTIONS FOR OVER 20



tern systems

TEST ENGINEER

As a Test Engineer working at Tern Systems you will be a vital team member ensuring that our systems meet quality and safety standards.

For over 20 years we have been developing Air Traffic Control systems that help safely navigate millions of passengers to their destinations each year.

For more information see
www.tern.is/career

Submit applications to jobs@tern.is



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

Sérfræðingar í ráðningum

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is



Kerfisrekstur Landsbankans

Laus eru til umsóknar störf í Kerfisrekstri bankans. Um er að ræða annars vegar tímabundið starf í ár í Vélbúnaðarþjónustu og hins vegar framtíðarstarf í gagnagrunnsteymi bankans.

Kerfisrekstur tilheyrir upplýsingatæknisviði og er meginhlutverk deildarinnar að hámarka gæði og uppitíma á rekstri tölvukerfa Landsbankans ásamt því að tryggja öruggt aðgengi viðskiptavina og starfsmanna að kerfum og gögnum. Mikilvægur þáttur í rekstri deildarinnar er markviss uppbygging og áhersla á öryggi í tölvukerfum bankans. Landsbankinn hefur verið í fararbroddi í þeim efnum og stefnir að því að vera það áfram.

Vélbúnaðarþjónusta

Helstu verkefni

- » Uppsetning og viðhald starfsstöðva starfsmanna
- » Uppsetning og dreifing hugbúnaðar
- » Rekstur á hugbúnaði og vélbúnaði
- » Rekstur annars tækjabúnaðar, s.s. auglýsinga- og biðraðakerfa
- » Rekstur á VDI-umhverfi bankans

Hæfni og menntun

- » Tæknimenntun í tölvurekstri
- » Reynsla af rekstri tölvukerfa
- » Frumkvæði, sjálfstæði og vönduð vinnubrögð
- » Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Almenn ökuréttindi

Gagnagrunnstjóri

Helstu verkefni

- » Umsjón, rekstur og vöktun á gagnagrunnsumhverfi bankans
- » Tryggja rekstrarumhverfi gagnagrunna hvað varðar uppitíma, gagnaheilindi og afkastagetu
- » Rekstur afritunarlausna sem tengjast gagnagrunnum
- » Umsjón með öryggismálum gagnagrunna
- » Greining gagnagrunnsvandamála
- » Rekstur eftirlitskerfa og mæling á gagnagrunnum bankans

Hæfni og menntun

- » Háskólamenntun í tölvunarfræði, sambærileg menntun eða 4 ára reynsla við rekstur gagnagrunna
- » Sterkur bakgrunnur í rekstri gagnagrunnslausna
- » Frumkvæði, fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita Ægir Þórðarson, forstöðumaður Kerfisreksturs (aegir.thordarson@landsbankinn.is), og Berglind Ingvarsdóttir mannauðsráðgjafi (berglindi@landsbankinn.is).

Umsókn merkt *Vélbúnaðarþjónusta* eða *Gagnagrunnstjóri* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um störf.





Kvikna Medical er alþjóðlegur lækningatækjaframleiðandi sem sérhæfir sig í hönnun, framleiðslu og sölu á búnaði fyrir upptöku og úrvinnslu á heilalínuriti.

Kvikna hefur verið brautryðjandi í tölvuskýjaþjónustu á heilbrigðisviði og hefur rekið skýjaþjónustu fyrir heilalínurit í Bandaríkjunum í nokkur ár.

Hjá fyrirtækinu starfa í dag 20 manns.

Sjá nánar um fyrirtækið á:

www.kvikna.com og

www.lifelinesieeg.com

Tækifærið þitt - viltu vaxa með okkur?

Kvikna leitar að sérfræðingum í tvö fjölbreytt og spennandi störf. Í boði eru áhugaverð tækifæri fyrir árangursdrifna einstaklinga sem langar að starfa hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Verkefnastjóri í vörubróun

Í starfinu felst m.a. skipulagning og ábyrgð á vörubróunarverkefnum ásamt skjölun í gæðakerfi Kvikna. Þá mun verkefnastjórinn sinna ýmsum sérverkefnum í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark fimm ára starfsreynsla og reynsla af verkefnastjórnun
- Nákvæmni, ritfærni og öguð vinnubrögð
- PMP, Prince II eða sambærileg vottun er kostur
- Starfsreynsla úr vörubróun er kostur
- Reynsla úr rafeindariðnaði er kostur
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Hugbúnaðarþróun - smátölvur

Starfið er fjölbreytt og felst í þróun hugbúnaðar fyrir rafeindatæki og samþættingu við PC hugbúnað. Einnig þátttaka í vörubróunarferli rafeindatækja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af rauntímastýrikerfum (RTOS)
- Reynsla í Python og C/C++
- Þekking á rafrásam er kostur
- Nákvæmni, ritfærni og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

MANNAUÐSRÁÐGJAFI Í KEFLAVÍK

Mannauðsráðgjafi heldur m.a. utan um ráðningar, sér um skipulagningu á móttöku nýrra starfsmanna og frágang á starfslokum. Ráðgjöf og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn eru mikilvægur þáttur, skráningar og vinna við innri vef, starfsmannahandbók og fleiri mannauðstengd verkefni.

Upplýsingar um starfið veitir Haukur Arnarson, haukur.arnarson@isavia.is.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af mannauðsmálum er nauðsynleg
- Reynsla af ráðningum er kostur
- Reynsla af mannauðskerfum er kostur
- Þekking á kjarasamningum og launavinnslu er kostur



Karen starfar sem NOTAM sérfræðingur á flugleiðsögu-sviði. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
9. SEPTEMBER

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



isavia



Starfsfólk óskast í fullt starf / hluta starf

Við leitum eftir starfsfólki til þjónustustarfa í Bakariinu okkar. Um er að ræða bæði fullt starf sem og hluta starf. Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og fremst af öllu spenntur fyrir starfi á lífflegum og skemmtilegum vinnustað. Góð þjónustulund og breytt brosur er nauðsynlegt. Bæjarbakari er fjölskyldurekið bakari og hefur starfað í Hafnarfirði alla tíð frá því að fyrirtækið var stofnað 1990.

Áhugasamir senda umsókn eða ferilskrá á bakari@bakari.is eða hafið samband í síma 893-0408. Hikið ekki við að hafa samband til að fá frekari upplýsingar.



Þjónustumiðstöð bókasafna

Þjónustumiðstöð bókasafna ses óskar eftir að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing í 50-60% starf.

Starfið felst í að sjá um kynningarmál, ásamt þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Leitað er eftir hugmyndaríkum, skapandi einstaklingi sem sýnir frumkvæði og hefur áhuga á uppbyggingu og hönnun bókasafna.

Æskileg menntun:

Bókasafns- og upplýsingafræði, góð íslensku- og enskukunnátta, bæði rit- og talmál. Reynsla af kynningarmálum, heimasíðugerð og notkun samfélagsmiðla er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá.

Nánari upplýsingar veitir Regína í síma 5612130.

Umsókn sendist á:

thjonusta@thmb.is

Eða fyrir þá sem það vilja á:

Þjónustumiðstöð bókasafna ses, umsókn um starf
Pósthólf 218
121 Reykjavík



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Hjúkrunarheimilið Skógarbær

UMSJÓNARMADUR FASTEIGNA

Hjúkrunarheimilið Skógarbær í Reykjavík óskar eftir að ráða umsjónarmann fasteigna í 100% starf.

Umsjónarmaður fasteigna annast m.a. eftirlit og viðhald húseigna að utan sem innan, hefur umsjón með sopp-málum, heldur utan um umhirðu lóðar, sér um viðhald tækja og búnaðar og sinnir öryggismálum heimilisins.

Í Skógarbæ eru 6 deildir á þremur hæðum með samtals 81 hjúkrunarrými.

Æskilegt er að umsækjandi sé með iðnmenntun eða hafi þekkingu til að sinna minni háttar viðhaldi húseigna og tækjabúnaðar.

Lögd er áhersla á hæfni í samskiptum og samvinnu.

Umsóknir skal senda á netfangið gudmundurj@skogar.is í síðasta lagi 10. september n.k.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógarbæjar, gudmundurj@skogar.is, sími 510-2100.

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.



Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.

Hópstjóri í símaveri

Hagstofa Íslands leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum til að stýra öflugum spyrilahópi í símaveri Hagstofunnar. Starfið heyrir undir gagnasöfnunardeild og felur í sér rekstur símavars, stjórnun vakta og samstarf við aðra starfsmenn deildarinnar um framgang og umsjón rannsókna. Helstu verkefni hópstjóra felast í að stýra símaveri Hagstofunnar og tryggja fagleg og árangursrík vinnubrögð við framkvæmd úrtaksrannsókna. Hópstjóri vinnur jafnframt að ráðningum og þjálfun spyrna, samskiptum við gagnaveitendur og frumúrvinnslu gagna.

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af stjórnun með mannaforráð
- Reynsla af rekstri símavars er kostur
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á spurningalistarannsóknum er kostur
- Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða 80% starfshlutfall og er vinnutími frá kl. 14 – 22 mánudaga til fimmtudaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2018 og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Áhugaverð störf hjá PCC BakkiSilicon



PCC BakkiSilicon er búið bestu og reyndustu tækni sem fánleg er í dag.

Hjá okkur starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun. Núna leitum við að áhugasömum sérfræðingum til starfa. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum.

Verkefnastjóri viðhaldsmála

Verkefnastjóri viðhaldsmála sér um skipulagningu viðhaldsverkefna í nánu samstarfi við framleiðslu- og viðhaldsteymi. Meðal verkefna er að áætla tíma, varahluti og efnisnotkun ásamt því að hafa tiltækan þann búnað og tæki sem þarf til viðhaldsverka. Lögd er áhersla á fyrirbyggjandi viðhald og þarf viðkomandi að vera framsýnn og mjög skipulagður. Þekking á verkfærum LEAN er mikill kostur og reynsla af heilsu-, öryggis- og umhverfismálum í iðnaðarumhverfi er mjög mikilvægur þáttur í starfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Minnst 3 ára reynsla af því að stýra viðhaldi eða önnur sérfræðireynsla sem nýtist í starfi
- Verkfræði-, tæknifræði- eða vélfræðimenntun æskileg
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Auga fyrir tækifærum og gagnrýnin hugsun
- Frumkvæði og framsýni
- Afburða samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Helgason framkvæmdastjóri tæknisviðs í síma 833 5755 eða johann.helgason@pcc.is

Umsjónarmaður mótuneytis

Umsjónarmaður mótuneytis ber ábyrgð á daglegum rekstri mótuneytisins. Hann útbýr hádegisverð virka daga ásamt því að gera matseðla. Hann ber ábyrgð á birgðahaldi og innkaupum á matvöru fyrir bæði mótuneytið og kaffistofur. Viðkomandi ber einnig ábyrgð á að uppfylltar séu allar kröfur sem gerðar eru til reksturs mótuneytis og að innra eftirliti sé fylgt.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri mótuneytis skilyrði
- Menntun á sviði matreiðslu skilyrði
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Auga fyrir tækifærum og gagnrýnin hugsun

Nánari upplýsingar veitir Anu Mikkonen innkaupastjóri í síma: 694 2496 eða anu.mikkonen@pcc.is



Tekið er við umsóknum á vef PCC www.pcc.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2018.

Bakarí / Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.

Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRETTLADIDIS Job.is



GRINDAVÍKURBÆR

Starfsmaður í þjónustumiðstöð (umsjónarmaður grænna- og opinna svæða)

Laus er til umsóknar staða umsjónarmanns grænna- og opinna svæða hjá Grindavíkurbæ. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Um framtíðarstarf er að ræða.

Verksvið og ábyrgð

- Starfsmaður er umsjónarmaður grænna- og opinna svæða í bæjarfélaginu
- Yfirmaður vinnuskóla
- Áætlunargerð og skipulagning
- Viðhald með götugöngum
- Umsjón með efnislosun og sorphirðu í bæjarlandinu auk ýmissar þjónustu við bæjarbúa vegna þessara verkefna
- Bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.
- Öll tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubífreidd, snjómokstur ofl.

Hæfniskröfur

- Starfsreynsla æskileg sem nýst getur í starfi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel.
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja.

Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.

Sendu skal umsókn og starfsferilskrá til Sigmars B. Árnasonar byggingafulltrúa á bygg@grindavik.is, sem veitir einnig nánari upplýsingar í síma 420 1109



Sérfræðingur á efnarannsóknarstofu



ISOR leitar að metnaðargörnum einstaklingi í fullt starf á efnarannsóknarstofu.

Efnarannsóknarstofan sér um greiningar á vökva- og gassýnum, einkum í tengslum við grunnvatns- og jarðhitarannsóknir.

Starfið felur í sér:

- Vinnu við efnagreiningar og rekstur efnagreiningatækja.
- Umsjón með efnalager og innslátt gagna.
- Vinnu við gæðastjórnunarkerfi.
- Þróun aðferða og tækja til sýnatöku og efnagreininga.

Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisáætlun ISOR. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- B.Sc. eða M.Sc. próf í efnafraeði, jarðefnafræði, lífefnafræði eða lyfjafræði.
- Halgöð reynsla á sviði efnagreininga er nauðsynleg.
- Reynsla af vinnu samkvæmt ISO 17025 eða öðru gæðastjórnunarkerfi æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta, reynsla af efnagreiningaforritum og gagnagrunnum er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Ö. Þorbjörnsson, deildarstjóri jarðhitaverkfræði, netfang: ingolfur.thorbjornsson@isor.is. Umsóknir, ásamt ferilskrá, berist Valgerði Gunnarsdóttur, starfsmannastjóra, netfang: valgerdur.gunnarsdottir@isor.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2018.

Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ISOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið en starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. ISOR leiðir rannsóknir og þróun á sviði jarðvarma, grunnvatns og kolvetna í jörðu. Höfuðstöðvar eru í Reykjavík og útibú er á Akureyri.

ISOR • Grensasvegur 9 • 108 Reykjavík • S. 528 1500 • isor@isor.is

www.isor.is

ADHD SAMTÖKIN LEITA AÐ ÖFLUGUM FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ert þú rétti aðilinn í starfið?

ADHD samtökkin eru frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum einstaklinga með ADHD. Markmið samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD mæti skilningi í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að bættum lífsgæðum þeirra. Við leitum að framkvæmdastjóra sem hefur brennandi áhuga á að vinna með okkur í að efla starfsemi samtakanna og takast á við ný og fjölbreytt verkefni. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með starfsemi og málefnum ADHD samtakanna í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber m.a. ábyrgð á og annast fjármál, skrifstofuhald, samstarf við opinbera aðila og stofnanir, kynningarmál, fjáröflun og setu í starfshópum.

Helstu verkefni

- Rekstur og fjármálaumsýsla
- Stjórnun verkefna og viðburða
- Umsjón með kynningarmálum
- Útgáfa fréttablaðs
- Koma fram opinberlega fyrir hönd samtakanna
- Fjáröflun til starfseminnar
- Setu í starfshópum er snerta málefni ADHD
- Umsjón með funda- og ráðstefnuhaldi í samvinnu við stjórn

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á málefnum ADHD
- Frumkvæði, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri
- Faglegur metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, Norðurlandamál kostur
- Reynsla af kynningarmálum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.

Umsókn og ferilskrá óskast send til ADHD samtakanna á netfangið adhd@adhd.is



Stjórnarráðsfulltrúi sem leysir öll mál!

Við erum eiginlega að leita að Stínu nr. #2

Stjórnarráðsfulltrúi sinnir fjölbreyttum verkefnum í krefjandi en skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

Ákjósanlegir hæfileikar:

- Góð almenn menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfileika og getu til að vinna hratt og vel undir álagi
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að sýna árangur í starfi

Allar nánari upplýsingar eru á www.starfatorg.is
Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2018 og skal umsóknum skilað á postur@anr.is.
Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Upplýsingar veitir Guðrún Gísladóttir skrifstofustjóri (postur@anr.is).
Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til sækja um starfið.

Verkefnalistinn er ótæmandi en meðal helstu verkefna má nefna:

- Móttaka gesta, ritun bréfa og skjalavarsla.
- Aðstoða skrifstofustjóra og aðra starfsmenn við afgreiðslu mála, upplýsingaöflun, úrvinnslu gagna, svörun fyrirspurna og skipulagningu og undirbúning funda.
- Aðstoð við bókahald.



Þegar þarf að láta hlutina gerast þá leita allir til Stínu

Lögfræðingur sem mun leiða starf ráðuneytisins á sviði neytendamála

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á sviði neytendamála á skrifstofu iðnaðar- og nýsköpunar. Um fullt starf er að ræða.

Undir skrifstofuna falla neytendamál, samkeppnismál, nýsköpun, almenn viðskiptamál, einkaleyfi, hönnun, orku- og iðnaðarmál og nýfjárfestingar. Hlutverk skrifstofunnar er að skapa þessum málaflokkum hagkvæma og skilvirka umgjörð, skýrar leikreglur og vinna að stefnumótun á þessum sviðum.

Helstu verkefni:

- Almenn umsjón með neytendamálum
- Afgreiðsla stjórnsýsluerinda, úrskurða og álitserða
- Gerð lagafrumvarpa og reglugerða
- Innleiðing EES gerða og alþjóðlegt samstarf
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur lögfræðileg viðfangsefni skrifstofunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking og reynsla á sviði opinberra stjórnsýslu æskileg
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun

Færni og aðrir eiginleikar:

- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Lausnamiðuð hugsun og geta til að vinna undir álagi
- Færni í mótun stefnu, lausna og hugmynda
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði. Vald á einu Norðurlandatlungumáli er kostur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **16. september 2018**. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn sína til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða rafrænt á postur@anr.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri (ingvi.mar.palsson@anr.is).

Þegar öllu er á botninn hvolft eru þá kannski öll mál neytendamál?



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

SÉRFRÆÐINGUR Á VERÐBRÉFAMARKAÐI

► Leitum að sérfræðingi í
yfirferð og staðfestingu á
lýsingum

Svið markaða og viðskiptahátta óskar eftir sérfræðingi með góða þekkingu á verðbréfamarkaðnum og ríka greiningarhæfni. Um er að ræða fjölbreytt starf sem felur í sér yfirferð á lýsingum, ásamt þátttöku í verkefnum tengdum útbodum verðbréfa og skráningu á markað.

Meðal annarra verkefna sviðsins er að hafa eftirlit með kauphöllum og öðrum vettvangi viðskipta, fjárfestavernd og viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja, gagnsæi og verðmyndun á markaði, upplýsingaskyldu útgefenda og neytendavernd.

Starfssvið

- Yfirferð og staðfesting lýsinga vegna almennra útboda og/eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði
- Samskipti við útgefendur verðbréfa og umsjónaraðila útboda
- Leiðbeina útgefendum og umsjónaraðilum
- Samstarf við Kauphöll
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólapróf, einkum á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármála- og/eða verðbréfamarkaði áskileg
- Próf í verðbréfavíðskiptum áskilegt
- Þekking á mismunandi tegundum verðbréfa
- Nákvæmni, rík greiningarhæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og mjög góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk færni til að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar veita Aðalsteinn Eymundsson forstöðumaður verðbréfamarkaðseftirlits (adalsteinn@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannaússtjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



Leiðbeinandi - Ræstingar

Leiðbeinandi óskast til starfa í ræstingadeild Örtækni. Vinnan felst í verkstjórn 4-5 starfsmanna ásamt vinnu með þeim. Um er að ræða fullt starf á dagvinnutíma, virka daga.

Áhugasamir sendi tölvupóst á thorsteinn@ortækni.is

Vélamenn óskast



Malbikunarstöðin Höfði h.f. óskar eftir:
**Vélamönnum til vinnu hjá
malbikunarstöðinni.**

Upplýsingar veitir verkstjóri í síma 696 5843
milli kl. 7.30 og 17.00 virka daga.

Malbikunarstöðin Höfði HF
Sævarhöfða 6-10 • 110 Reykjavík • Sími: 587 5848 • Fax: 587 5576
Pósthólf 10032 • 130 Reykjavík • Kt. 581096-2919 • Vsk: 52200

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum

Ljósmyndari á handritasviði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir eftir ljósmyndara á handritasviði. Stofnunin rekur ljósmyndastofu sem sér um stafræna ljósmyndun handrita til birtingar á handrit.is og aðra sérhæfða ljósmyndun og kvikmyndun. Ljósmyndari vinnur í nánu samstarfi við forvörð stofnunarinnar og aðra starfsmenn handritasviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stafræn ljósmyndun handrita
- Eftirvinnsla á myndum í Lightroom og Photoshop
- Afgreiðsla myndapantana
- Gerð stuttra kynningarmyndbanda
- Skönnun á filmum og skráning
- Aðrar myndatökur á vegum stofnunarinnar

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í ljósmyndun eða sambærileg menntun frá viðurkenndri menntastofnun.
- Viðtæk reynsla í ljós- og kvikmyndun (myndböndum), góð kunnátta í ljósmyndaforritum og vandvirgni í frágangi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Dönskukunnátta er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi. Áskilegt er að umsækjendur hafi áhuga á safnastarfi og safnkosti Árnastofnunar.

Um er að ræða fullt starf frá 1. nóvember 2018.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið rakel.palsdottir@arnastofnun.is eigi síðar en **7. september 2018**. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningum SFR og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni, www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðvarður Már Gunnlaugsson, stofustjóri handritasviðs, sími 5254024, netfang: guðvarður.mar.gunnlaugsson@arnastofnun.is

Sjúkráþjálfari hjá Flexor

Við hjá Flexor sérhæfum okkur í stoðkerfisvandamálum og bjóðum upp á alhliða þjónustu á einum stað. Verslun Flexor veitir þjónustu við val á réttum skóbúnaði fyrir vinnuna, gönguna, skokkið og hlaupið. Við veljum skóbúnað eftir fótlagi og niðurstigi, erum með mikið af hitahlífum og spelkum sem og öðrum vörum fyrir stoðkerfið.

Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á að vinna með fagfólki við að finna lausnir sem hjálpa fólki að njóta sín til fulls í daglegu lífi.

Ef þú ert menntaður sjúkráþjálfari, hefur ríka þjónustulund og ert jákvæð og opin manneskja gætum við verið að leita að þér.

Starfshlutfall og vinnutími eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með **2. september**.
Umsókn ásamt ferilskrá sendist til starf@lyfogheilsa.is,
merkt **Flexor**.

DEILDARSTJÓRI Á HJÚKRUNARDEILD

Hjúkrunarheimili Markar óskar eftir
deildarstjóra til starfa á hjúkrunardeild.

Hæfniskröfur:

- ✓ Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
- ✓ Íslenskt hjúkrunarleyfi
- ✓ Reynsla í stjórnun er æskileg
- ✓ Íslenskukunnátta skilyrði
- ✓ Góðir samskiptahæfileikar og jákvædni

Um fullt starf er að ræða. Greitt er eftir kjarasamningi Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga og samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Starfið er laust 1. september nk. eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Ragnhildur Hjartardóttir, hjúkrunarfræðingur/deildarstjóri
s:560-1703 / Ragnhildur.hjartardottir@morkin.is



Sölustjóri

Keahótel óska eftir umsóknum um starf sölustjóra. Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Starfssvið

- Umsjón með gerð söluáætlana
- Umsjón með samningagerð við ferðaskrifstofur og fyrirtæki
- Umsjón með verðlagningu hótellanna
- Þátttaka á alþjóðlegum sölusýningum og eftirfylgni eftir þær
- Að viðhalda viðskiptasamböndum og leita nýrra
- Skýrslugerð til framkvæmdarstjóra og stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýttist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta
- Leiðtogaþæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og drifkraftur

Sölustjóri vinnur náið með stjórnendum annara deilda fyrirtækisins við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Starfsstöð sölustjóra er við Klapparstíg í Reykjavík.

Hjá Keahótelum ríkir mjög góður starfsandi og við sækjumst eftir að ráða jákvæðan, metnaðarfullan og orkumikinn eintakling til liðs við okkur.

Aðeins reyklusir umsækjendur koma til greina.

Umsóknarfrestur er til 5. sept. 2018

Umsækjendur sendi ítarlega ferilskrá ásamt kynningarbréfi á netfangið solustjori@keahotels.is



KEAHOTELS

www.keahotels.is

Mannauðsstjóri



HEKLA óskar eftir að ráða mannauðsstjóra.

Starfssvið:

- Umsjón með og þróun mannauðsmála fyrirtækisins
- Ráðgjöf til stjórnenda
- Ráðningar, starfsþróun, starfslýsingar
- Umsjón með starfsmannahandbók

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi s.s. mannauðsfræði eða vinnusálfræði
- Þekking á kjarasamningum
- Reynsla af mannauðsstjórnun er kostur
- Mjög góð tölvuþekking s.s. Navision, Word, Excel, Power Point
- Mjög góðir samskiptahæfileikar; rík samskiptahæfni og hvetjandi viðmót
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Erlingsson, fjármálastjóri, í síma 590 5615.

Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Alfreðs: www.hekla.alfred.is

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. En félagið er með umbod fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Höfuðstöðvar HEKLU hf. eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík og umbodsmenn eru um land allt.



ERT ÞÚ TENGILL?

Við leitum að framúrskarandi
markaðsráðgjafa sem langar til
að blómstra í starfi með skemmtilegu
fólki fyrir frábæra viðskiptavinum.

Sem markaðsráðgjafi berðu ábyrgð á samskiptum við viðskiptavinum og þekkir þeirfar þeirra betur en þeir sjálfir. Þú veitir viðskiptavinum faglega ráðgjöf, heldur utan um verkefni þeirra innan stofunnar og stýrir verkefnavinnu í nánu samstarfi við aðra starfsmenn. Einnig útbýrðu kostnaðaráætlanir, séró um tilboðsgerð, samskipti við undirverktaka og sinnir ýmsum skemmtilegum verkefnum sem til falla í liflegu starfsumhverfi.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði markaðsfræða
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Starfsreynsla af auglýsingastofu er kostur
- Samskiptahæfni og þjónustulund
- Skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á hronn@arnasynir.is fyrir 1. september. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ÁRNASYNI

Auglýsingastofa

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Óskast á þjónustuborð Kringlunnar

HÆFNISKRÖFUR

- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Stúdentspróf æskilegt

STARFSSVIÐ

- Upplýsingagjöf og þjónusta
- Sala á gjafakortum
- Almenn afgangiðsla

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið berist á netfangið starf@kringlan.is fyrir **4. september nk.**



YFIRVERKSTJÓRI

Skaginn 3X óskar eftir að ráða yfirverkstjóra hjá Þorgeir & Ellert hf. á Akranesi. Þorgeir & Ellert hf. er hluti af Skaginn 3X ásamt systurfyrirtækjunum Skaganum hf. og 3X Technology ehf.

Starfssvið

- Skipulagning á vinnu starfsmanna
- Gerð tilboða í ýmis verk
- Þátttaka í skipulagningu framleiðsluferla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af verkstjórn og starfsmannahaldi er æskileg
- Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða samskiptahæfni
- Skilningur á framleiðsluferlum
- Lausnamiðuð hugsun
- Æskilegt að viðkomandi geti haft samskipti við erlenda starfsmenn á öðru máli en íslensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gyða Björk Bergþórsdóttir, job@skaginn3x.com.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Skaginn 3X. Umsóknarfrestur er til og með **16. september 2018.**

SKAGINN 3X

www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir & Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsníðnar hátæknilausnir fyrir matvælaíðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavininn að finna viðsvegar um heiminn. Tækniárið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 300 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldið allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.

**LOFT
ORKA**

BÍLSTJÓRAR

Loftorka Reykjavík óskar eftir að ráða vana trailer-bílstjóra. Matur í hádeginu og heimkeyrsla á Reykjavíkursvæðinu.

Nánari upplýsingar í s: 892 0525 og firdrik@loftorka.com

Bókhald/ Skrifstofustjórni

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist
- Talnaglöggur
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðaþjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Talar og skrifar framúrskarandi ensku, önnur tungumál kostur

Helstu verkefni:

- Bókhald – yfirferð reikninga og útgáfa reikninga
- Margvísleg önnur tilfallandi verkefni

Um er að ræða fullt starf. Áhugasamir sendi inn umsókn og ferilskrá á daniel@adtravel.is



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í ferðum fyrir erlenda ferðamenn. Við erum að leita að hressum og skipulögðum starfskrafti sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.



KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST Í FULLT STARF OG HLUTASTARF

Te & Kaffi leitar að metnaðarfullum og brosmildum kaffibarþjónum til að starfa á kaffihúsunum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að jákvæðum og drifandi einstaklingum til að takast á við spennandi verkefni á kaffihúsunum okkar.

Aldurstakmark er 18 ár og um framtíðarstörf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 31. ágúst næstkomandi.



SECURITY AND DETECTION GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Security and Detection Guard lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með **7. september 2018.**

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

The U.S. Embassy in Reykjavík is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this position is **September 7, 2018.**

Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

HS Orka leitar að öflugum liðsmönnum til starfa



STJÓRNÞUNAÐUR

RAFVIRKI / RAFIÐNFRÆÐINGUR / RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐINGUR

Rekstur og viðhald á stjórn-, raf- og upplýsingakerfum orkuvera.

Helstu verkefni

- Rekstur og viðhald á stjórn-, varnalaðabúnaði og upplýsingakerfum orkuvera.
- Ráðgjöf og þjónusta við notendur kerfisins.
- Miðlun upplýsinga um virkni og /eða breytingar á stjórnkerfum.
- Tryggja að teikningar séu uppfærðar og breytingar skráðar.
- Ráðgjöf við nýframkvæmdir og val á búnaði.

RAFMAGN

RAFVIRKI / RAFVEITUVIRKI

Umsjón með rafbúnaði sem er fjölbreyttur og umfangsmikill í rekstri orkuvera.

Helstu verkefni

- Rekstur, viðhald og bilanagreining á búnaði.
- Þekking á háspennu kostur.
- Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í viðhaldskerfi.
- Úrvinnsla verkefna úr lögskipaðri rafskoðun.

GUFUVEITA

VÉLVIRKI / JÁRNÞUNAÐARMAÐUR / BLIKKSMÍÐUR

- Fjarlægðarstjómur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirlegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstölalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótárir og kónar 10-50 mm
- Öryggishliðar á kambstál, listar og sveppir



Vír og lykkjur ehf

www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

Ný kynslóð af bindivélum

Fyrir járnabindingar, hitageisla og rafmagnsrör.

Verð 149.000,- með vsk



Er í tösku með hleðslutæki og 2 Samsung 4000 mAh li-ion rafhlöðum.

Vír og lykkjur ehf

www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
s. 772-3200 / 692-8027

Falleg plaköt í miklu úrvali - www.sker.is



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi. Hafið samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Sérfræðingar í ráðningum

FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

www.talentradning.is

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - Sími: 552-1600



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



10 ára afmæli

Frábær tilboð með VITA • Njóttu þess að hlakka til



Alicante - 7 nætur



Albir Playa

Verð frá **79.900** kr.
Á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi með morgunverði.

31. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER 2018

Tenerife - 7 nætur



Flugsæti

Verð frá **49.900** kr.
Á mann m.v. flug til og frá Tenerife.

28. ÁGÚST – 4. SEPTEMBER 2018

Kanarí - 7 nætur



Parque Cristobal

Verð frá **89.900** kr.
Á mann m.v. 2 fullorðna í smáhýsi.

4. – 11. SEPTEMBER 2018

Mallorca - 7 nætur



Holiday Center

Verð frá **79.900** kr.
Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð.

2. – 9. SEPTEMBER 2018

Krít - 11 nætur



Flugsæti (örfá sæti laus)

Verð frá **49.900** kr.
Á mann m.v. flug til og frá Krít.

27. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER

Portúgal/Faro - 7 nætur



Ondamar

Verð frá **99.900** kr.
Á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

27. SEPTEMBER – 4. OKTÓBER 2018



VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



Opin öllum listamönnum sem hafa eitthvað að segja

Stærstu listahátíð í heimi, Edinburgh Fringe Festival, lýkur nú um helgina. Hátíðin stendur yfir ágústmánuð ár hvert og er kjörið tækifæri til að kynna borginni á nýjan hátt, borða góðan mat og kynna öllu því ferskasta og skemmtilegasta sem er að gerast í listalífi heimsins.

Brynhildur Björnsdóttir

brynhildur@frettabladid.is

Hinni árlegu jaðarlistahátíð í Edinborg Edinburgh Fringe Festival lýkur nú um helgina en þetta er í 71. sinn sem hátíðin er haldin. Þetta er stærsta listahátíð í heimi en saga hennar hófst árið 1947 með því að átta leikhópar mættu óboðnir á hina nýstofnuðu Edinburgh International Festival, hátíð sem til var stofnað til að fagna og auðga menningarlíf Evrópu sem enn var í sárum eftir heimsstyrjöldina. Hefur þetta hátíðin verið opinberu hátíðarinnar og sýndu sína list, óháð nokkurri listrænni vottun. Að ári bættust fleiri listhópar við og skoskur blaðamaður notaði hugtakið „fringe“ um þennan vísu að hátíð sem var að myndast, orð sem getur bæði þýtt jaðar eða kógur og festist við hátíðina og gaf henni nafn sitt og eðli.

Síðan þetta var hefur hátíðin stækkað á hverju ári og nú flykkjast listamenn og listunndur í milljónavis til Edinborgar í ágúst ár hvert til þess að sjá þúsundir listamanna stíga á hundruð sviða um alla borg, allt frá stórum nöfnum í skemmtanabransanum til óþekktu listamanna sem eru að stíga sín fyrstu skref, með svo fjölbreyttar sýningar að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal listforma má nefna leikhús, uppistand, spuna, hreyfileikhús, sirkus, kabarett, söngleik, óperu, ljóð, barnasýningar og fleira og fleira.

Óheföbundin listform

Þannig má segja að Edinborg sé undirlögð af list í ágústmánuði. Á hverju götuhorni er listamaður að störfum við að syngja, spila, fremja sirkuslistir, segja brandara og hvað sem í hug kemur til að ná athygli áhorfenda og fá þá til að koma á sýningu. Og samkeppnin er hörð. Á dagskrá hátíðarinnar þetta árið voru 4.054 sýningar skráðar á allt að fjögur hundruð sýningarstöðum og yfir tvær milljónir miða höfðu verið seldar þegar þetta er skrifað. Þá eru ótaldir hinir fjölmörgu viðburðir sem eru ókeypis en þar safna listamennirnir framföngum í lok sýningar. Á Fringe-hátíðinni má finna sýningar af öllum stærðum og gerðum, allt frá eins manns uppistandi í kútaskáp upp í litríkar sirkussýningar með þúsundum áhorfenda í hvert sinn. Það eru þó helst þau listform sem kenna má við jaðarlist sem bera hátíðina upp. Þannig er mikið um uppistand, sýningar sem leika á ýmsum mörkum, kynslasýningar, kabarett og stórar, íburðarmiklar spunasýningar fylla þúsund manna sali á degi hverjum. Þá á pólitíska leikhúsið vísan stað á Edinborgarhátíðinni en sem dæmi má nefna að Pussy Riot voru með sýningu í ár.

Hver sem er má mæta

Eitt af leiðarljósum hátíðarinnar sem á sér rætur í upphafi hennar, er



Japanskir dansarar í hópnum Wasabeats kynna sýningu sína í almenningsgarði með Edinborgarkastala.



Skoska dragdrottningin Gingzilla var meðal þeirra sem voru með sýningar á Fringe-hátíðinni í ár og þykir sönn birtingarmynd anda hátíðarinnar.

að ekki er valið inn á hana heldur má hver sem er mæta og taka þátt svo framfarlega sem viðkomandi hefur eitthvað að segja og finnur sér stað sem vill hýsa sýninguna. Það gefur því auga leið að sýningarrymin er margbreytileg, allt frá áður nefndum kútaskáp yfir í neðanjarðarbyrgi, dæmigerðan enskan pöbb, skreytt háskólaforðyrir og íþróttahallir og gefa færi á að skoða þessa fallegu söguborg út frá óvenjulegu sjónarhorni. Sýningarnar eru einnig af þessum sökum afar misgóðar og ekki óalgengt að fólk taki tal saman á veitingahúsum eða torgum og falist eftir meðmælum með sýningum.

Þá eru sýndur einnig duglegir við að auglýsa sig eins og áður sagði og fjöldi háskólanema vinnur fyrir sér með því að dreifa auglýsingum til vegfarenda til að reyna að sannfæra þá um að sjá tilteknar sýningar og er mikil kústa að læra að þiggja eða afþakka slík dreifildi.

Litríkt mannlíf

Mannlífið á meðan á hátíðinni stendur er einstaklega lífandi og litríkt, á torgum og götuhornum er búið að koma fyrir borðum og bekkjum og matarvagnar með öllu sem hugurinn gírnist eru alltaf innan seilingar þar sem hægt er að nærast og safna orku milli



Le Gateau Chocolat er einn áhuga-verðasti listamaðurinn á Fringe í ár en sýning hans Icons er virðingartottur við þá og þær sem hafa veitt honum innblástur gegnum tíðina.

sýninga eða bara fylgjast með fólki gera sér glaðan dag. Einnig má oft sjá listamennina slaka á eftir sýningar eða hraða sér á milli sýningarstaða, þar sem margir eru hluti af blönduðum sýningum og koma þá jafnvel fram á þremur stöðum sama dag. Hátíðina sækja milljónir gesta ár hvert sem nota nýjustu tækni til að skipuleggja sig og ná sumir allt að tíu sýningum á dag. Edinborgarbúar skiptast í tveir fylkingar hvað varðar hátíðina; sumir flýja borgina og leigja heimili sín hátíðargestum eða listamönnum en aðrir drekka stemmninguna í sig og finnst hátíðin hápunktur ársins.

Fringe-hátíðin setur sannarlega svip sinn á Edinborg í ágúst. Hér má sjá listamenn kynna sýninguna sína fyrir væntanlegum gestum. MYNDIR: NORDIC PHOTOS/GETTY

Stökkpallar til stærri afreka

Íslendingar hafa gegnum tíðina átt fulltrúa á hátíðinni. Meðal þeirra sem tóku þátt í ár eru grínlistakonurnar Snjólaug Lúðvíksdóttir og Bylgja Babylons sem fóru á kostum með uppistandið Something Icelandic sem þær sýndu átta sinnum fyrir fullu húsi og kabarettlistakonan Margrét Erla Maack sem tryllti lýðinn á alls 18 kabarettssýningum á fimmtán dögum með fjórum mismunandi hópum. Meðal annarra viðburða sem stóðu upp úr á hátíðinni í ár hjá þessum hátíðargesti má nefna hinn magnaða listamann Le Gateau Chocolat, lögfræðing af nigerískum uppruna sem segir sögur og syngur þannig að enginn er osnortinn og magnaða sýningu áströlsku kraftakvinnanna The Hot Brown Honeys sem breyta heimssýn áhorfenda á tæpri klukkustund.

Edinburgh Fringe hátíðin hefur reynt mörgum listamönnum stökkpallar til stærri afreka. Þannig má segja að alþjóðlegur ferill Ara Eldjárn hafi hafist þar í fyrria en einnig hafa stór nöfn í bransanum hlotið sína eldskirn á hátíðinni, eins og til dæmis Íslandsvinurinn John Cleese sem sýndi fyrir „mjög skömmustulegan tveggja manna áhorfendahóp“ á fyrstu hátíðinni sem hann fór á árið 1963.

Eins og áður sagði lýkur hátíðinni um helgina en undirbúningur fyrir næsta ár er kominn vel á veg. Þeir sem hafa hug á að sækja hana á næsta ári ettu að byrja að skipuleggja sig því verð á gistingu og ferðum fer hækkandi þegar liður að hátíð. Að því listafólki ógleymdu sem langar að prófa að taka þátt í þessari stærstu listahátíð heims. Á heimasíðunni edfringe.com má fá allar upplýsingar og kaupa miða og þar má líka finna ráðleggingar um hvernig best sé að haga sér til að njóta hátíðarinnar sem best.

HAUSTÖNN HEFST
**Mánudaginn
3. september**
SKRÁNING Í
FULLUM GANGI Á
dancecenter.felog.is

TAUMLAUS DANSGLEÐI!

OPIÐ HÚS Á NÝJUM STAÐ MILLI 15 OG 17

LAUGARDAGINN 25. ÁGÚST
ALLIR BOSSAR VELKOMNIR - LÉTT SPOR!

Commercial Hip hop & Jazz, aldur: 5-6, 7-9, 10-12 & 13-15 ára
DívuDansGleði! Ballett, Jazz & Musical, aldur: 3-5 ára - Salsa frá
Kólímbíu, Nútímadans fyrir yngri & eldri - Mini Hip hop aldur 5-6 ára
- MæðgnaDansGleði - Dansþol - Mamma Mia/All that jazz! Capuera
frá Kúpu - Yoga - Hugleiðsla - Tónheilun

Léttar
veitingar og
glæsileg
opnunartilboð



MÆTTU Í DANSGÍRNUM OG UPPLIFÐU GLEÐINA!

Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi á opnu húsi
okkar að Síðumúla 15, 3. hæð, laugardaginn 25. ágúst.
Glæsileg opnunartilboð og opnir tímar fyrir alla.

Nánari upplýsingar á dancecenter.is



Borgarstjórakosning 1920

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um heiftúðuga kosningabaráttu.

Íslensk stjórnmálasaga hefur að geyma ótal dæmi um grimmúðlegar kosningabaráttur. Þótt í seinni tíð sé oft kvartað yfir illmælg og dómhórku á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninga, má telja það barnaleik samanborið við margt af því sem tíðkaðist í stjórnmálaátökum tuttugustu aldar. Flokkapólitík alþingis- og sveitarstjórnarkosninga reyndist oft grjóthörð, en ástandið var ekki mikið betra þegar kom að því að velja á milli einstaklinga, eins og í forsetakosningum og í fjölmörgum prestskosningum víða um landið. Einar kosningar náðu þó að samtvinna það versta úr bæði flokkapólitíkinni og persónukjöriinu. Það voru borgarstjórakosningar 1920, mögulega grimmustu kosningar Íslandssögunnar.

Aðeins einu sinni hefur það gerst í sögunni að borgarstjóri væri kosinn í beinni kosningu. Borgarstjóraembættið var sett á laggirnar með lögum árið 1907 (þótt Reykjavík kallaðist á þeim tíma bær og tæki ekki upp borgarnafnið fyrir en löngu síðar, árið 1962). Það var auglýst til umsóknar í fyrsta sinn eftir bæjarstjórnarkosningarnar 1908 og sóttu þá tveir menn um: Páll Einarsson sýslumaður og bæjarfógeti í Hafnarfirði og Knud Zimsen, þá nýkjörinn bæjarfulltrúi og bæjarverfræðingur.

Flokkastjórnmálin höfðu ekki almennilega náð föstestu í bæjarpólitíkinni á þessum árum. Knud Zimsen, sem fylgdi Heimastjórnarflokki Hannesar Hafsteins að málum, var kjörinn í bæjarstjórnina af lista iðnaðarmanna bæjarins, en hann var verkfræðimenntaður og virkur í iðnaðarmannafélaginu. Borgarstjórakosningin fór ekki eftir neinum skýrum flokkslínum og varð Páll fyrir valinu. Kjörtímabilið var sex ár, en að því loknu, árið 1914, sótti hann um bæjarfógetaembætti á Akureyri og sýslumennsku í Eyjafjarðarsýslu og hlaut það.



Knud Zimsen hlaut 1.760 atkvæði í kosningunum en Sigurður Eggerz 1.584. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/MÁÓ

Borgarstjóraembættið var auglýst laust í annað sinn og sóttu þá þrjú menn um: Knud Zimsen, Sigurður Eggerz og Vigfús Einarsson bæjarfógetafultrúi. Þótti valið standa á milli Knuds og Sigurðar. Sá fyrrnefndi átti að baki sex ára setu í bæjarstjórn og ymis trúnaðarstörf fyrir sveitarfélagið, á meðan sá síðarnefndi hafði gegnt sýslumannsembættum víða um land og setið á Alþingi frá 1911. Knud Zimsen stóð sterkar að vígi og hreppti hnossið. Sagði hann þá þegar af sér bæjarfulltrúastöðunni.

Stjórnmálaklækir

Sex árum síðar var allt önnur staða uppi. Alþingi hafði breytt lögum á þann veg að borgarstjóra skyldi kjósa í beinni kosningu. Almennar bæjarstjórnarkosningar fóru fram í janúar mánuði 1920 þar sem kosið var um sæti sex borgarfulltrúa. Alþýðuflokksmenn, sem voru vaxandi afl í höfuðstaðnum, þrýst

mjög á um að borgarstjórnin yrði kjörin um leið, en borgaraflin sem réðu völdum í Reykjavík höfnuðu því og ákvæðu að kosið yrði í byrjun máí.

Ölli sú ákvörðun verulegum taugatríngi meðal Alþýðuflokksmanna, enda þótti þeim sýnt að fjöldi sjómanna yrði fjarverandi og gæti ekki nýtt kosningarétt sinn í vorkosningum, eins og raunin varð. Hægriblóðin svöruðu fullum hálsi og bentu á að gott væri fyrir borgarstjóraefnin að vita hverjir kæmu til með að sitja í bæjarstjórn áður en ákvörðun væri tekin um framboð.

Í kosningunum í janúar náðu tveir fylkingar teljandi fylgi. Annars vegar framboð Alþýðuflokksins, sem hlaut þriðjung atkvæða en hins vegar framboð „Sjálfstjórnar“ sem fékk tvo þriðju. Sjálfstjórnarlistinn var sameiginlegt framboð borgaralegu aflanna, sem lengi höfðu eldað grátt silfur en sneru þó bókum saman í þessum kosningum. Undir hatti Sjálfstjórnar mátti finna bæði fulltrúa úr hinum gamla Heimastjórnarflokki Hannesar Hafsteins sem og erkiandstæðinga hans úr Sjálfstæðisflokknum (sem kallaðir er Sjálfstæðisflokkurinn eldri í sögu-bókum til aðgreiningar frá núverandi flokki með sama heiti).

Þrátt fyrir kosningabandalagið var grunnt á því góða milli fylkinganna tveggja og vandséð að þær gætu komið sér saman um borgarstjóra. Þessa sundrunu nýttu Alþýðuflokksmenn til hins ýtrasta. Í stað þess að bjóða fram sitt eigið táknaða borgarstjóraefni, fylktu þeir sér á bak við Sjálfstæðismanninn Sigurð Eggerz og ráku þannig fleyg í lið bæjarstjórnarmeirihlutans.

Pólitísk staða Sigurðar Eggertz var allt önnur en verið hafði sex árum fyrr. Síðla árs 1914 hafði hann býna óvænt verið gerður að Ráðherra Íslands, þar sem íslensk stjórnmál snerust að miklu leyti um afar tæknileg atriði – nánast titlingaskit – varðandi samband Íslands og Danmerkur, varð Sigurður Eggertz ekki langlífur í embætti. Hann bar

fram lagafrumvarp sem ljóst var að danski kóngurinn hlaut að hafna og sagði í kjölfarið af sér snemma árs 1915. Fyrir þessa afsögn nauð hann þó virðingar í ýmsum kreðsum fyrir staðfestu. Frá árinu 1917 hafði hann svo gegnt embætti fjármálaráðherra.

Auk ráðherrareynslunnar þótti Sigurður Eggertz snjall og fyndinn ræðumaður, nokkuð sem Knud Zimsen gat traúla státað af. Á móti kom að Knud hafði yfir að búa sex ára reynslu sem borgarstjóri í Reykjavík. Það var þó ekki eintóm blessun enda höfðu síðustu ár reynst einhver þau erfiðustu í sögu sveitarfélagsins og einkennst af harðindum, samdrætti og óáran. Knud Zimsen fékk stuðning samherja sinna til framboðsins, en mörgum þótti litill hugar fylgja máli, í það minnsta höfðu ýmsir þungavigtarmenn úr röðum Heimastjórnarmanna sig lítt í frammi.

Gamlar syndir

Í kosningabaráttunni voru fyrri embættisfærslur framþjóðendanna dregnar fram og hamrað á flestu því sem ámalisvert þótti. Sigurður Eggerz var óspart skammaður fyrir umdeildar ákvarðanir sínar á stóli fjármálaráðherra, ekki hvað síst geysióvinsælan sykurskatt sem hann lagði á og atvinnubótaverkefni sem þótti gjörsamlega misheppnað. Hafði ríkisstjórnin ráðið fjölda verkamanna í grjótvinnu í Óskjuhlíð, meðal annars til að vinna efni fyrir fyrirhugaða Landspítala-byggingu. Verkið þótti óskipulagt, kostnaðarsamt og skilla til. Þá var ráðherraáfsögn Sigurðar rifuð upp og hún ýmist talin til marks um sérstök heilindi hans eða óþolandi kreddufestu.

Þegar kom að verkum Knuds Zimsens var öllu meira undir, enda hafði hann komið að velflestum framkvæmdum bæjarins ýmist sem embættismaður eða kjörinn fulltrúi í hartær tveimur áratugi. Fyrir vikið spruttu heitar umræður um ýmsar verklegar framkvæmdir Reykjavíkurbæjar á liðnum árum, sem margar hverjar höfðu verið umdeildar. Eng-



ÞESSA SUNDRUNGU

NÝTTU ALÞÝÐUFLOKKS-

MENN TIL HINS ÝTRASTA.

inn gekk þar harðar fram en Ágúst A. Johnson bankagjaldkeri sem skrifaði líklega lengstu kosningagrein Íslandssögunnar, en hún birtist í átta hlutum í dagblaðinu Vísir! Fann gjaldkerinn þar flestu í embættisfærslum Knuds allt til foráttu og hnytti jafnvel í gerð Vatnsveitunnar, sem þó mátti heita að almenn sátt ríkti um í bænum.

Í endurminningum sínum taldi Knud Zimsen að greinabálkur Ágústar Johnson og önnur skrif í sama dúr hefði tryggt sér sigurinn, þar sem kjósendum hefði misboðið heiftin. Þannig ritaði séra Friðrik Friðriksson sína fyrstu og einu pólitísku blaðagrein til stuðnings Knud einmitt með þeim rökum að skammargreinar hafi endanlega sannfært hann um ágæti borgarstjórans. Ekki er þó vist að hneykslun kennimannsins yfir niðurskrifunum hafi ráðið öllu um afstöðu hans. Þeir Friðrik og Knud voru vinir frá fornu fari og Knud Zimsen minnr virkur í KFUM. Urðu trúarskoðanir Knuds raunar að stóru kosningamáli, þar sem reynt var að draga upp mynd af honum sem trúarofstækismanni. Líklega græddi hann þó fremur en hitt á KFUM-tengslunum í kosningunum.

Hagsmunaréklar

Annað sem reynt var að gera tortrygglegt í kosningabaráttunni voru viðskiptatengsl Knuds Zimsens. Frá því að hann sneri heim til Íslands sem nýtskrifaður verkfræðingur árið 1903, hafði Knud alla tíð haft mörg járn í eldinum. Hann hafði verið embættismaður, en jafnframt tekið að sér verkefni sem vertakí og sinn innflutningi, svo sem á steypu og lagnaefni.

Í mörgum tilvikum voru þessi ólíku viðfangsefni náteygð. Þannig rakst Knud itrekað á það í stórfum sinum, jafnt sem verkfræðingur á vegum Reykjavíkurbæjar eða sem sjálfstætt starfandi vertakí, hversu mikill skortur væri á hvers kyns byggingarefnum og verðið á þeim óhagstætt. Til að breðast við því greip hann sjálfur til innflutnings, til mikilla hagsbóta fyrir heimamenn en var um leið orðinn beggja vegna borðsins í viðskiptum við Reykjavíkurbúkaupstað. Fyrir vikið fóru á flug sögur um ofsagróða fyrirtækja tengdar borgarstjórnunum vegna stórframkvæmda bæjarins.

Hagyrdingar létu ekki sitt eftir liggja í kosningabaráttunni frekar en fyrri daginn. Urðu ýmsar lausavísur leygar, þar á meðal þessi eftir skáldið Einar Jochumsson:

*Þótt firðar kalli mig fyllirút,
sem fótum lögin troði,
mundi ég aldrei kjósa Knút,
þótt koniak væri í boði.*

Knud Zimsen hlaut 1.760 atkvæði í kosningunum en Sigurður Eggerz 1.584. Sex árum síðar varð Knud sjálfkjörinn sem borgarstjóri eftir að eina móttframboðið hafði verið úrskurðað ógilt. Ekki var oftast efnt til beinnar kosningar um embætti borgarstjóra, þar sem lögum um kjör bæjarstjóra var breytt á nýjan leik. Upp frá því hefur bæjar- og borgarstjórnir verið í höndum sveitarstjórna. Knud Zimsen lét loks af störfum árið 1932 eftir átján ár í borgarstjórnastöðunum. Það met stendur enn í dag.

KOMDU
í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins

OPÍÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

30 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

SÉRSTAKIR GESTIR SVALA OG DADI FREYR

STJÖRNIN

SIGGA BEINTEINS · GRÉTAR ÖRVARSSON · EIDUR ARNARSSON · EINAR BRAGI BRAGASON · FRIDRIK KARLSSON

JÓN ELGAR HAFSTEINSSON · KRISTJÁN GRÉTARSSON · SIGFÚS ÓTTARSSON · ÞORSTEINN GUNNARSSON

BAKRADDIR FRIDRIK ÓMAR · REGÍNA ÓSK · ERNA HRÖNN

HÁSKÓLABÍÓ FÖSTUDAGINN 28. SEPTEMBER



MIDASALA Á TIX.IS



FRÉTTABLAÐIÐ **TÍMAMÓT**

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Grímur M. Björnssontannlæknir,
Hrauntungu 7, Kópavogi,sem lést að Hrafnistu í Hafnarfirði
17. ágúst, verður jarðsungið frá
Digraneskirkju þriðjudaginn
4. september kl. 13.00.**Ragnheiður Þóra Grímsdóttir**
Björn Grímsson
Lisbet Grímsdóttir
V. Soffía Grímsdóttir
Margrét Rósa Grímsdóttir
Magnús Orri Grímsson
tengdabörn, afabörn og langafabörn.Min heittelskaða og ljúfa mamma,
amma okkar, systir, mágkona,
frænka og vinkona,**Auður St. Sæmundsdóttir**sérkennari,
Klettási 3 í Garðabæ,lést fimmtudaginn 9. ágúst.
Útförin fer fram frá Víðalínskirkju í Garðabæ
fimmtudaginn 30. ágúst klukkan 15.**Katrín Brynja**
Máni Freyr, Núi Baldur,
Hrafnar Þór og Krummi
Inga Rúna Sæmundsdóttir
Kolbrún Sæmundsdóttir Björn Árdal
Sigurður Rúnar Sæmundsson Nanna Hákonardóttir
og aðrir aðstandendur og vinir Auju.Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,**Hulda Sigríður Ólafsdóttir**Hrafnistu við Brúnaveg,
áður Bäsenda 1, Reykjavík,lést þriðjudaginn 21. ágúst 2018.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 29. ágúst klukkan 13.00.**Hallgrímur Jónasson**
Guðrún Jónasdóttir
Helga Jónasdóttir
Elisabet Jónasdóttir
Ólafur Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

„Áður en ég las bréfin vissi ég lítið um æsku mómmu, bara árin eftir að hún kom í Garð,“ segir Sigríður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRYGGUR ARI

Vaka til heiðurs Jakobínu

Jakobínuvaka verður haldin í Iðnó í dag. Þar verður þess minnst í tali og tónum að skáldkonan Jakobína Sigurðardóttir (1918–1994) hefði orðið hundrað ára á þessu sumri.

Dagskrá til heiðurs Jakobínu Sigurðardóttur verður í Iðnó í dag og hefst klukkan 15. Sagnfræðingurinn Sigríður K. Þorgrímsdóttir, dóttir skáldkonunnar, er meðal þeirra sem þar koma fram.

„Síðan mamma dó hef ég geymt bréfasafnið hennar sem er nokkuð stórt,“ byrjar Sigríður, spurð um hvað hún ætli að tala. „Til að gera langa sögu stutta fór ég að raða saman þessum bréfum og ákvað að skrifa bók um mómmu sem átti að koma út í ár en þegar maður er í fullu starfi ganga ekki allar fyrirætlanir upp. Því kviknaði hugmyndin að þessari menningardagskrá, hún heitir eftir annari slíkrri sem raúðsokkurnar héldu 1979.“

I erindi sínu kveðst Sigríður ætla að tæpa á því hverjar stærstu spurningarnar voru hjá henni þegar hún byrjaði að skrifa bókina og reyna í örfáum atriðum að lýsa því hvernig þeim er svarað. „Ég veit að mómmu þætti þessi bók mín óþarfi. Hún vildi ekki beina kastljósinu að sinni persónu, enda af þeirri kynslóð og auk þess af Vestfjörðum. Hún lét vist markvisst eyðileggja mörg bréf sem hún skrifaði sjálf, því hef ég komist að. En mín hugsun er sú að halda minningu hennar á lofti og nafni sem höfundar.“

Jakobína var fædd í Hælavík á Hornströndum, elst þrettán systkina. Hún fór ung að heiman og vann fyrir sér í Reykjavík og á Suðurlandi. Árið 1949 tók hún saman við Þorgrím Starra Björgvinsson, bónda í Garði í Mývatnssveit. Eftir hana liggja fjórar skáldsögur, þrjú smásagnasöfn, kvæðabók og minningar og ævintýri fyrir fullorðna. Auk þess birtust bæði ljóð, greinar og smásögur í tímaritum og blöðum. Umfjöllunarefni hennar voru af ýmsum toga, meðal þeirra helstu má nefna stéttabaráttu, stöðu kvenna og náttúruvernd.

En huerji skyldi Sigríður hafa komist að þegar fór að fara yfir bréfin sem hún hefur undir höndum?

„Mamma var 17 ára þegar hún fór til Reykjavíkur og ég fræðist um margt með því að lesa bréfin sem fólkíð af Hornströndum skrifa henni. Úr því hefur orðið til saga litillar stelpu úr nyrstu og einangruðustu byggð landsins sem ætlar sér, frá því hún man eftir sér, að verða skáld þegar hún verður stór.“

gun@frettabladid.is



Jakobína var í tvgang tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Dagskrá Jakobínuvöku

Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur: Þessi blessaða þjóð. Um eina smásögu og fleiri verk eftir Jakobínu Sigurðardóttur • Helga Kress bókmenntafræðingur: „...eins og hún gæti stokkið út úr orðunum“. Um uppreisn kvenna og samskipti kynjanna í bókum Jakobínu • Sigríður K. Þorgrímsdóttir: Heimsókn gyðjunnar. Saga skáldkonu • Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir og Karítas Hrunnar Pálsdóttir: Öður til Jakobínu. Ritlistar-nemar lesa upp úr eigin verkum

Upplestur: Guðni Kolbeinnsson Arnar Jónsson Guðný Sigurðardóttir Tónlist: Ingibjörg Azima tónskáld Söngur: Margrét Hrafnisdóttir Gissur Páll Gissurarson Undirleikur: Guðrún Dalía Salómonsdóttir Vökunní stýrir: Sigrún Huld Þorgrímsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekkju 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Svarir Einarsson Margrét Á. Guðjónsdóttir Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Morgun, hlýja og virðing

Við andlát ástvinar

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn



Hér er Margrét Hrönn nýbúin að grafa upp stóran og heillegan meitil sem fannst í skálanum. MYND/BJÓRK MAGNÚSDÓTTIR

Fornleifadagur í Arnarfirði

Kynning verður á fornleifarannsóknunum á Hrafnseyri og Auðkúlu í Arnarfirði í dag. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, stjórnandi þeirra, sér um leiðsögnina.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur er í matartíma og meira að segja að lesa nýttkomin blöð þegar hún er tekin tali vestur í Arnarfirði. „Við fáum okkur snarl í hádeginu en eldum á kvöldin,“ segir hún glaðlega og á þar við hópinn sem vinnur að uppgrefti á víkingaskála að Auðkúlu.

Margrét og hennar lið ætla að taka á móti gestum og gangandi í dag, laugardag, og segja frá rannsóknum sínum þar vestra. Dagskráin hefst klukkan 14 með stuttum fyrirlestri í kapellunni á Hrafnseyri. Eftir það verður leiðsögn um rannsóknarsvæðið á Hrafnseyri og sagt frá því sem þar hefur fundist, sem er meðal annars lítill skáli sem grafinn var upp á árunum 1977 og '78. Hann er kenndur við konu að nafni Gréldö.

Síðan verður haldið að Auðkúlu, sem

er í um kílómetra fjarlægð. Þar gefst tækifæri til að skoða leifar 23 metra langs landnámskála frá 9. eða 10. öld sem nú er unnið að rannsóknum á.

Spurð hvort eitthvað fémætt hafi fundist í grunninum, svarar Margrét: „Við erum búin að finna silfurhring, rosalega fallegan, alveg heilan með hnút, svo höfum við fundið tvo snældusnúða, níu perlur, exi, tvo hnifa og stóran meitil. Líka silfurberg, sem eru siglingarsteinar og margt fleira. Við höfum verið að grafa upp öskuhauginn í sumar og beinin þar gefa viðbendingar um að mataræði fólks hafi verið fjölbreytt.“

Skýldi hafa verið vitað um þessar fornu mannvistarleifar lengi?

„Í neðanmálsgrein í jarðabókinni frá 1710 er getið um að gjall og sindur sjáist á yfirborði á svæði í Arnarfirði sem kallist Partur og höfundur veltir fyrir sér hvort þar hafi menn búið til forna. Svo er það bara bóndinn, Hreinn Þórðar-

son á Kúlu, sem fór að spá í þetta fyrir fáum árum. Hann sá móta fyrir einhverju og hafði samband við Guðnýju Zoëga, fornleifafræðing í Skagafirði, og hún mældi svæðið upp. Hún er vinkona mín.“

Margrét kveðst hafa verið að vinna á Hrafnseyri á þeim tíma og ákveðið að gera könnunarskurði.

„Ég er búin að vita af skálanum síðan 2013. Sótti svo um styrk til að skoða svæðið nánar. Fyrst rannsókuðum við járnvinnslusvæði sem er hér skammt frá. Þar voru fjórir ofnar sem við grófum upp og kolagrafir. Við erum líka búin að rannsaka lítið bænhús en eigum eftir fjós og smíðu. Það verður líklega gert næsta sumar.“

Margrét er Hvergerðingur og býr í Ólfusi en kveðst hafa unnið á vegum Náttúrastofu Vestfjarða frá 2009, oft fyrir vestan en líka víðar á landinu.

gun@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Engilráðar Óskarsdóttir
(Stellu á Langeyri)

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði „Ólduhranni“ fyrir hlýja og góða umönnun.

Anna Guðmundsdóttir
Gestur F. Guðmundsson
og fjölskyldur.

Logi Egilsson
Sylvía Kristjánsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Randversdóttir

lést á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri 22. ágúst sl. og verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju 31. ágúst nk. kl. 13.30.

Gunnar Karlsson
Randver Karlsson og Guðrún Kristjánsdóttir
Hólmgeir Karlsson
Ingvar Karlsson og Ingibjörg Smáradóttir
Hans L. Karlsson og Guðbjörg Valdórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónína Valgerður
Hjartardóttir

Hrauntungu 14, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 16. ágúst. Útförin fer fram mánudaginn 27. ágúst frá Digraneskirkju klukkan 13.

Erla Erlendsdóttir
Hreinn H. Erlendsson
Hjörtur V. Erlendsson

Hilmir Sigurðsson
María S. Magnúsdóttir
Guðrún Þ. Benediktisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir minn og afi,

Kurt V. Eichmann

frá Stedten í Þýskalandi,

lést á dvalaheimilinu Hlíð 11. ágúst sl. Útför fór fram í kyrrþey 16. ágúst. Innilegar þakkir til starfsfólks Furuhlíðar fyrir einstaka umönnun, vináttu og hlýju og til vina og vandamanna.

Hilda Eichmann
Henrik Eichmann Björnsson
og fjölskylda.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,

Hrafnhildur Árnadóttir

Akurhvarfi 5, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 15. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 28. ágúst nk.

Árni Björn Pálsson
Fannar Pálsson
Hlynur Pálsson
Guðbjörn Árnason

Páll P. Theódórs
Sylvía Sigurbjörnsdóttir
Hekla Fjölnisdóttir
Lea Marie Drastrup
Hlín Hólm



Magnús Rúnar Hansson

lést 16. júlí síðastliðinn á dvalarheimilinu Nausti, Þórshöfn. Jarðarörin hefur þegar farið fram frá Höfðakapellu á Akureyri.

Aðstandendur



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ingólfur G. Sigurðssonar

Theodóra Thorlacius
Jórunn Thorlacius Sigurðardóttir
Sigurður Ingólfsson
Þórarinn Ingólfsson
Oddur Ingólfsson
Hildur Ingólfisdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingi Tryggvason

frá Kárhóli,

ferðapjónustu- og skógarbóndi að Narfastöðum í Reykjadal, fyrrverandi kennari, alþingismaður og formaður Stéttarsambands bænda,

lést á Skógarbrekku, hjúkrunardeild HSN á Húsavík, miðvikudaginn 22. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Einarstaðakirkju laugardaginn 1. september kl. 14.

Þorsteinn Ingason
Steingrímur Ingason
Unnsteinn Ingason
Guðný Eycló Gunnarsdóttir
Rósa Ösp Asgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför systur minnar og föðursystur okkar,

Áslaugur Axeldóttir


Þorragötu 9.

Ólafía Axeldóttir
Bryndís Ólafsdóttir
Axel Ólafsson og fjölskyldur.
Sigrún Ólafsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5407.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var UTANBORÐSMÓTOR

A	N	D	K	A	L	T	L	S	A	Æ	H	S					
T	Ó	N	E	Ú	R	V	I	N	N	S	L	U	N	N	I		
K	Ú	M	E	N	S	I	N	S	I	D	K	G	A				
V	S	A	N	A	U	K	A	H	L	U	T	V	E	R	K		
Æ	T	T	S	T	Ö	R	U	M	U	E	M	E	B				
Ð	Ó	Í	É	E	L	E	I	Ð	A	R	K	O	R	T			
A	F	L	A	M	E	T	I	Ð	L	T	N	J	A				
U	A	T	A	F	A	R	T	A	N	N	A	T					
S	U	M	A	R	G	A	M	L	A	R	L	E	Ó	T	T		
N	U	R	J	G	S	Ó	L	S	T	A	F	I	R				
Í	G	E	R	Ð	I	N	A	U	Æ	S	M	E	Ú				
H	V	N	L	Æ	R	I	S	S	N	E	I	Ð	I	N	A		
B	Æ	J	A	R	D	A	L	B	V	Æ	Ð	M	Ð				
N	R	U	A	F	L	T	A	U	G	I	I	R					
F	A	L	S	A	R	A	R	Á	L	A	R	A	U	S	I	N	U
A	Ú	F	K	A	R	L	A	R	A	U	S	I	N	U			
S	U	Ð	U	R	S	J	Ó	Ú	E	K	N	Ð					
T	R	I	N	Æ	R	T	Æ	K	A	T	R						
A	Ð	A	L	T	Ó	R	G	E	U	M	S	L	Ö	G	U	M	
Ð	R	I	S	K	Ú	R	A	R	T	K	M						

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtist jurst sem er jafn finleg og nafnið bendir til en mun harðgerðari en ætla mátti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 31. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „24. ágúst“.



FORLAGID VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Undraherbergid** eftir **Julian Sandrel** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hallfríður Frimannsdóttir, 104 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgatan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

- LÁRÉTT**
4 Felldu þau tvílitu (7)
11 Reukum á eftir rósrum (7)
12 Litliræði af dægurtónlist og létt snakk tryggir gott bió (8)
13 Snemma mun háð kosta vetrarhýru og sumars (7)
14 Held þú heillir fleiri girnileg en þú vildir (7)
15 Norræn kæli-geymsla í kjallara kölska? (8)

- 16** Er æ oftar á hlaupum á ákveðnu tímabili (13)
18 Sinnulus skopast að allslausu (8)
19 Ögn af gerviefni gefur enga uppskeru (9)
20 Varðveiti eftirmælin um vandlættinguna (11)
21 Fersk, frábær og passlega villt (10)
23 Skrýtið að þær sem blautastar eru séu best skipulagðar (9)

- 29** Sá félagi fljóðanna leita skífna kompásanna (11)
31 Blandar full í vellingsdall (11)
32 Ungviði kemst naumlega gegnum slys þrátt fyrir váboðann (11)
34 Finn heiti sviðanna á bakhlíð nafnspjaldanna (11)
35 Þetta er lífið, segir Salka Valka (10)
37 Snauð sækja vinnu milli fritíma (9)

- 39** Úfið er útistandandi (7)
40 Nýrra ruglið er farið að þynnast (5)
41 Gerðum rétt og snerum því við (8)
42 Held utan um lengdareiningar (7)
43 Kjamsa á kappa (5)
LÓDRÉTT
1 Ég hef smánað það sem fæstir þekkja (6)
2 Timamótauppskrifningin sem felldi heilan her (6)

- 3** Þrjúskar og þráur leita höfuðbóls (12)
4 Blómlegur kross er hvorki írskur né frá Kópavogi (10)
5 Steini fór svo þú tæmdir bátinn sjálfur (8)
6 Tinmurtan er smá en kná og klár í kjaftinum (9)
7 Leita að flikunum ofan á þörtunum (11)
8 Ellifir snúningar þessa kvikindis komu mér á slóð snikjudyrsins (11)

- 9** Beinakista er góð til að geyma dauða dýrlinga (11)
10 Hið víða horn má finna á minnst sex fjöllum á Austurlandi (10)
17 Brytjum niður landa í gömlum bókum (15)
20 Bjóst ekki við ört-röðinni í göngunum (9)
22 Fúl ostra flýr freða í þvotti og álíka rugl (8)
24 Sakna sonar

- Svavars hins sænska (7)
25 Leita að ósvikum hölum til eignar (10)
26 Freista vart þeirrar sem grætur með snafs fyrir hinar (8)
27 Kuskkusk kallast loðnir skítavöndlar (10)
28 Sérhönnuð risatæki til að urða olar? (10)
30 Heldur friða hafa vil í hávegum (9)
33 Röltum út í móa

- með fiðrildum (7)
36 Bókar að þetta er baneitrað kvikindi í uppnámi (5)
38 Tittur og spotti; þannig var þessi höfðingi nú saman settur (4)

LÉTT

	1		2	5	3
	2	7	3		
	9		5		
	7				
9			3	4	1
5		1	9	6	8
	5	9	8	2	
7		6		8	2
	8	5		1	

MIDLUNGS

	6	2	1		3
8		9		7	2
	5		4	6	
5		3	9		1
	6	4		3	7
2				4	
3		9	8	1	
	7	8	1		
6		7			

PUNG

7	3		5	9	
			1	3	
		5	6		7
		2		6	1
1	9		2		7
				1	8
2	9		8		3
	6	8			5
		1	9	4	

Skak Gunnar Björnsson



Versuel átti leik gegn Mougnoy í Brussel árið 1990.

1... Hc2! 0-1. Hvítur tapar manni eftir **2. Hfd1 Bxd5+ 3. Hxd5 Hxb2.** Vel gekk hjá íslenska hópnunum á EM ungmenna í gær. Vignir Vatnar hefur 3½ vinning eftir fjórar umferðir. Fimm eftir á ofurmótinu í St. Louis.

www.skak.is: Guðmundur Kjartansson í Ólympíuöldu.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 5x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Bridge Isak Örn Sigurðsson

GÓÐ BARÁTTUÁKVÖRÐUN

Július Sigurjónsson hefur oft brugðið sér út fyrir landsteinana og keppt á mótum erlendis. Hann hefur oft náð góðum árangri og státar af mörgum sigrum í keppni í mörgum löndum. Síðastliðin tvö ár hefur hann tekið þátt í alþjóðlega mótnu „Riga Invites“ í borginni Riga í Lettlandi. Í fyrra tók hann þátt í sveit sem auk hans var skipuð spílafélaga hans, Finnannum Koiko Kostinen, Sveini Rúnari Eiríkssyni og Magnúsi Eiði

Magnússyni. Þeir náðu öðru sæti í sveitakeppninni þar. Í ár, nánar tiltekið 16-17. ágúst, var Júlíus aftur meðal þátttakenda og spílaði aftur við Finnann Koistinen. Að þessu sinni voru sveitarfélagar hans frá Israel, Levy Stern og Lior Urman. Þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu sigur í sveitakeppninni. Úrslitaleikurinn var naumur, fór 32-28,1. Þetta spil kom fyrir í úrslitaleiknum. Austur var gjafari og AV á hættu:

Norður
 ♠ D654
 ♥ 9874
 -
 ♣ ÁKG52

Vestur
 ♠ K932
 ♥ D6
 ♣ ÁG976
 ♦ 103

Austur
 ♠ ÁG107
 ♥ K
 ♣ K10842
 ♦ D74

Suður
 ♠ 8
 ♥ ÁG10532
 ♦ D53
 ♣ 986

Kostinen og Júlíus sátu AV á sínu spílaborði. Sagnir höfðu endað í fjórum hjörtum í NS á hinu borðinu í leiknum sem unnumst auðveldlega. Sagnir hófust eins á hinu borðinu. Koistinen vakti á einum tigli í austur og suður kom inn á 2 ♣. Júlíus doblaði og norður stókk í 4 ♥. Koistinen sagði 4 ♥ (ólíkt austri á hinu borðinu) og norður barðist í 5 ♥. Þau voru dobluð og 3 slagir töpuðust þegar tapslagur var á lauf. Það var 11 impa gróði til sveitar Júlíusar (Stern).

KRONAN



#Grillsnilla

Svarið við
erfiðustu
spurningu
dagsins?



Pylsupulsu party!

Pú finnur
uppskriftina hér:

[kronan.is/
korteri4](http://kronan.is/korteri4)



Silver Spring Thai Chili Sauce

329 kr. stk.

Osta og beikon pylsubrauð

369 kr. pk.



Pylsmeistarinn chillipylsur

669 kr. pk.



Pik-Nik kartöflustrá 113 g

240 kr. stk.



Kartöflusalat með graslauk

519 kr. stk.



Matur fyrir fjóra = 2.126 kr.

532 kr. á mann*



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öil veró eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengli.



BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR
NÝIR BÍLAR!

ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

CITROËN C3 FEEL 1,2

82 hö, beinskiptur, bensín

Verð áður: 2.220.000 kr.

BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 1.920.000 KR.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.

-300.000 kr.



PEUGEOT 308 ACTIVE 1,2

130 hö, beinskiptur, bensín

Verð áður: 3.130.000 kr.

BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 2.830.000 KR.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.

-300.000 kr.



VOLVO V60CC

Inscription D3 FWD 2,0 150hö dísil,
sjálfskiptur

Verð áður: 6.104.000 kr.

BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 5.340.000 KR.

AFSLÁTTUR: 764.000 KR.



-764.000 kr.



NÝR MAZDA 6

FRUMSÝNDUR Í DAG!
KL. 12-16 REYKJAVÍK & AKUREYRI
KOMDU OG SKOÐAÐU PENNAN EINSTAKA BÍL!

FRUMSÝNING
Í DAG!



ALLT Á EINUM STAÐ

MAZDA CX-3 VISION FJÓRHJÓLADRIFINN 2,0

150 hö, sjálfskiptur, bensín

Verð áður: 3.860.000 kr.

BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 3.510.000 KR.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.

-350.000 kr.



FORD FOCUS TREND EDITION

1,0i 125hö bensín, 5 dyra og sjálfskiptur

Aukabúnaður í tilboðsbílum:

mámlitur og dökklitaðar rúður í farþegarými

Verð með aukabúnaði: 3.305.000 kr.

BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 2.895.000 KR.

-410.000 kr.



ÚRVAL! ÚRVAL!
ÚRVAL! ÚRVAL!

TAKMARKAÐ MAGN!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ

FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

– Komdu í reynsluakstur í dag!

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

KRAKKAR

Konráð ²¹⁵ og félagar á ferð og flugi

Konráð og Lisaloppa fóru í fjallgöngu og á leiðinni sáu þau margar fuglategundir. „Þarna sé ég hrafn,“ sagði Konráð. „Og sérðu þennan fallega

svan?“ sagði Lisaloppa full aðdáunar. „Það er svo mikið af fuglum hérna að það er erfitt að greina þá í sundur,“ sagði Konráð og klóraði sér í höfðinu.

Hvað sérðu þú marga fugla?



Það er stutt út í ósnortna náttúru á Flateyri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þekkir helling af fuglum

Sigurður Stefán Ólafsson er fróður um fugla, bíla og fótbolta. Í þessu viðtali komast þó bara fuglarnir að. Líka nýju heimkynnin hans og nýju vinirnir þar.

Sigurður Stefán Ólafsson, átta ára, er nýlega fluttur til Flateyrar við Önundarfjörð. Þar er hann á leið í fyrsta tímunn, fyrsta skóladaginn sinn, kátur og hress. Hann verður í þriðja bekk og veit ekki enn hversu margir eru í honum. En hvar var hann í 1. og 2. bekk?

Ég var í Viðistaðaskóla í Hafnarfirði. Það er risastór skóli, eitthvað um 700 krakkar í honum. Þetta verður ódruvisi.

Hvað finnst þér skemmtilegast að læra? Mér finnst gaman í íslensku og ég er góður í stærðfræði. Svo hef ég gaman af náttúrufræði, sérstaklega fuglum og þekki helling af þeim.

Hverjir eru uppáhalds? Hrafnöld, til dæmis, sem er ekki sérlega algeng. Hún er alveg kolsvört nema aðeins brúleit á vængjunum. Goggurinn hennar er dókkur með gulri rönd og það er hnúður á gogginum efst. Hrafnöldin er mjög flott. En hún er sjaldgæf. Bara til um 800 fuglar, fjögur hundruð þór hér á Íslandi.

Hvar hefurðu séð hana? Á Mývatni. Við pabbi höfum farið þangað. Þegar ég var úti í Englandi þá fór ég í dýragarð og þar sá ég aðra önd sem heitir mandarínönd og er til í alls

MÉR FINNST GAMAN Í ÍSLENSKU OG ÉG ER GÓÐUR Í STÆRÐFRÆÐI. SVO HEF ÉG GAMAN AF NÁTTÚRUFRÆÐI.

konar litum. Hún er líka til á Íslandi en er mjög sjaldgæf. Hún er meira á Akureyri en á Mývatni. Svo er hún, held ég, líka á Húsavík.

En á Seyðisfirði er alveg klikkað fuglalíf. Þar er hægt að sjá mjög stóra gæs sem heitir Kanadagæs en ég hef ekki séð hana. Vinkona hennar mömmu er alltaf að sjá sjaldgæfar tegundir þar. Hún veit líka mikið um fugla.

Hefurðu séð eftirtektarverða fugla hér á Flateyri, eða ertu kannski nýkominn? Það er nú nokkrar vikur síðan. Hér er auðvitað mikið af mávum, til dæmis hvítmávum. Svo eru nokkrir svartbakar, sem eru stærstu mávarnir.

En að öðru. Áttu systkini? Tveir systur, aðra fjögurra ára og hina þrettán. Ég er miðjubarnið.

ertu búinn að eignast vini hér? Já, nokkra, svo er ég stundum með unglíngunum sem eru á aldur við systur mína.

Gátur

Hvaða mús getur kötturinn ekki elt?

Hvað er það sem verður stærra og stærra, því meira sem maður kroppar í það?

Enginn nema ég getur sagt hver ég er. Veist þú það?

Hvaða tími er lengstur að liða?

Hvað er líkt með hesti og jakka?



Svör: Tölvunútsjóna, Gætt, Tungun. Blótíminn, þeir eru báðir föðraðir.

Lausn á gátunni

Lestrarhestur vikunnar

Elin Ösp Hjaltadóttir 7 ára

Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar? Ævintýra-bækur.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Síðast las ég bók um Nönnu norn sem heitir Nanna pinulítla.

Hvaða bók ætlarðu að lesa næst? Þitt eigið ævintýri, en ég er reyndar nýbyrjuð á henni.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Ég myndi skrifa bók um bakarí.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Já, það Öskubuska.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, bæði með mömmu og ömmu.



Elin Ösp fer oft á bókasafnið.

Hver eru þin helstu áhugamál? Kórfulbolti og ballett.

Í hvaða skóla ertu? Vogaskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi, veljið eitt pappírskyrt sem þið finnið á safninu, skrifið nafn, símanúmer, aldur og nafn á áhugaverðri bók sem þið hafið lesið og takið þannig þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

ego dekor

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 284X190/165cm
~~Verð: 279.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 223.200,-



LÆÐURSÓFI
Stillanlegur m/rafmagni Breidd: 207cm
~~Verð: 285.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 228.000,-



CLEO TUNGUSÓFI
Stærð: 278X172cm
~~Verð: 229.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 183.200,-



LÆÐURSTÓLL
Stillanlegur m/rafmagni
~~Verð: 148.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 118.400,-



JERSEY 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 298cm
~~Verð: 195.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 97.500,-



ARLO STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-



JESSIE STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-



MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 16.745,-



CANE STÓLL
~~Verð: 21.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 17.520,-


Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S: 544 4420



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur




Austlæg átt í dag, skýjað með köflum og víða skúrir, einkum suðaustanlands, en léttskýjað um landið vestanvert. Hiti 8 til 14 stig.


Heimurinn




Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri



Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



RÁÐSTEFNU- OG VEISLUÞJÓNUSTA

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ráðstefnur og veisluþjónustu kemur út **30. ágúst**.

Trygguðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
 Arnar Magnússon markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
 Sími 512 5442 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


Pondus



Gelgjan



Barnalán





BYRJAÐU VERKIÐ Á RÉTTUM STAÐ!

...OG ÚRVALIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA!
GARÐHÚSGÖGN, GRILL, PALLAOLÍA, PENSLAR,
HREINSIEFNI, MÁLNING, GÓLFEFNI,
INNILJÓS, ÚTILJÓS, BLÖNDUNARTÆKI, PLÖNTUR
OG MIKLU MEIRA





„Í málverkunum er þessi tvíviði flötur sem fer út í rúmið, en þrívíðu verkin, þar sem skuggar spila stórt hlutverk, leita inn á við,“ segir Sigurður Árni Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hreyfðir fletir Sigurðar Árna

Listamaðurinn sýnir ný verk í Listasafni Akureyrar. Málverk og laserskorin álverk. Þrjár aðrar sýningar fram undan.

Kolbrún Bergþórsdóttir
